

See discussions, stats, and author profiles for this publication at: <https://www.researchgate.net/publication/374198605>

FS942-20177 Fornleifaskráning í Fagurey

Technical Report · September 2023

DOI: 10.13140/RG.2.2.24167.01447

CITATIONS

0

READS

50

2 authors:



Elin Ósk Hreiðarsdóttir
Institute of Archaeology, Iceland

85 PUBLICATIONS 79 CITATIONS

[SEE PROFILE](#)




Kristborg Þórsdóttir
Institute of Archaeology, Iceland

60 PUBLICATIONS 21 CITATIONS

[SEE PROFILE](#)

FAGUREY Á BREIÐAFIRÐI:

MINJAR OG MENNINGARLANDSLAG



ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR OG KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR (RITSTJ.)

HÖFUNDAR EFNIS: BIRNA LÁRUSDÓTTIR, ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR,
GUÐRÚN ALDA GÍSLADÓTTIR OG KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
REYKJAVÍK 2023
FS942-20177



Rannsóknir í Fagurey voru styrktar af Fornminjasjóði og RÍM sjóðnum (Ritmenning íslenskra miðalda)

Á forsíðu er yfirborðslíkan úr Fagurey en á því má sjá heimatúnið í eyjunni og næsta nágrenni. Myndataka og myndvinnsla: Kristborg Þórsdóttir og Garðar Guðmundsson

©2023

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES
BRÆÐRABORGARSTÍG 9
101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

NETFANG: fsi@fornleif.is

www.fornleif.is

Samantekt

Í skýrslunni er fjallað um skráningu minja og menningarlandslags í Fagurey á Breiðafirði. Skráningin í Fagurey er hluti af rannsóknnum á umhverfi og bústöðum Sturlu Þórðarsonar sagnaritara en Sturla bjó í Fagurey á sínum efri árum og lést í eyjunni 1284.

Við skráninguna voru minjar og menningarlandslag í eyjunni skráð og ástand minja við sjávarsíðuna einnig kannað sérstaklega með tilliti til sjávarrofs. Auk skráningar var flogið yfir eyjuna með dróna og safnað bæði skámyndum og myndum fyrir yfirborðslíkan sem var unnið af miðhluta eyjunnar eftir að skráningu lauk.

Skráningin í Fagurey var gerð síðsumars 2022 og voru skráðar 153 fornleifar á 101 minjastað í eyjunni. Það verður að teljast afar mikill fjöldi á ekki stærra svæði. Minjadreifing var því þétt, og eins og gefur að skilja þéttust við bæjarhólinn og í heimatúninu þótt talsverður fjöldi minja væri einnig víða við ströndina. Fagurey var í byggð fram til 1937 og því var stór hluti yfirborðsminja frá 18.-20. öld. Þó fundust ýmsir minjastaðir sem gætu verið eldri og var við úrvinnslu horft sérstaklega til sögu Fagureyjar og þeirra minja sem talið var mögulegt að væru frá miðöldum. Í því samhengi má nefna fjórar hjáleigur sem skráðar voru í eyjunni, signa, aflanga tóft nærri bæjarhólnum (DA-290:065) og umfangsmikil garðlög í eyjunni (DA-290:074) sem hér eru færð rök fyrir að kunni að vera akurreinar.

Minjum í Fagurey er ekki eins bráð hættu búin og óttast var, en þó er ljóst að minjum á sjávarbakkanum á suðausturströnd hennar stafar nokkur ógn af landbroti.

Efnisorð

Fagurey, Sturla Þórðarson, ritmenning, Breiðafjarðareyjar, miðaldir, fornleifar, menningarlandslag, akurrækt

Summary

This document offers the results of an archaeological field survey that took place in Fagurey in Breiðafjörður in the summer of 2022. The work was carried out as a part of the research project *Staðarbóll in Dalir: Nature, culture and economy on an Icelandic church center* (RÍM or LCMI – Literary Culture in Medieval Iceland) but the research in Fagurey was mostly funded by Forminjasjóður (The Archaeological Fund). The aim of the research in Fagurey was on one hand to provide further knowledge of the work and surroundings of the thirteenth-century chieftain and writer Sturla Þórðarson, who lived on the island for a period of his life and is believed to have written some of his major work there. The aim of the work in 2022 was to record all known archaeological features on the island and try and explore the cultural landscape and see if any remains from the Middle Ages were still visible on the surface or in the landscape of the island in general. Also, the aim was to evaluate the threat to the cultural landscape, not the least the threat by sea erosion that is a growing concern in Iceland as in many other countries.

A total of about 153 sites were surveyed in Fagurey in 101 locations. In the field, additional to the field survey, drone images were systematically collected to create 3D models of the parts of the island with the highest concentrate of sites. A special attention was given to place names in order to increase the historical depth of the landscape and focus given to the archaeology that was believed to originate in the Middle Ages.

Keywords

Fagurey, Sturla Þórðarson, Literary culture, Breiðafjörður, RÍM, Middle Ages, archaeology, cultural landscape

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR.....	5
2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF.....	9
3. AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU	11
4. FORNLEIFASKRÁ.....	15
5. SAGA FAGUREYJAR OG ÞRÓUN BYGGÐAR.....	125
5.1 Landslag og gróðurfar	125
5.2 Upphaf og þróun byggðar.....	128
6. LANDSHÆTTIR Í FAGUREY.....	131
6.1 Svæði 1: Minjar í heimatúni.....	133
6.2 Svæði 2: Norðurhluti – Útbeit og úthaganotkun.....	140
6.3 Svæði 3: Minjar á suðvestanverðri eyjunni – Akurgerði og býli	144
6.4 Svæði 4: Minjar við suðaustanverða strönd Fagureyjar.....	150
6.5 Svæði 5: Hólmar og sker – Útbeit og hlunnindi.....	154
6.6 Ástand minja í Fagurey og ógnir hlunnindi.....	156
7. HELSTU NIÐURSTÖÐUR.....	159
HEIMILDASKRÁ.....	161

Viðauki minjakort

1. Inngangur

Á undanförunum árum hefur verið unnið að þverfaglegu verkefni sem hverfist um Staðarhól og Sturlu Þórðarson. Verkefnið er styrkt af RÍM sjóðnum (Ritmenning íslenskra miðalda) sem hefur það að meginmarkmiði að efla rannsóknir á sviði fornleifafræði, sagnfræði, textafræði og bókmenntafræði á þeim stöðum þar sem ritmenning blómstraði á Íslandi á miðöldum.¹ Staðarhólsrannsóknir ná bæði til Sturlu sjálfs og verka hans og ekki síður þess umhverfis sem ritmenning miðalda varð til í. Sturla bjó lengst af á Staðarhóli í Saurbæ og hafa rannsóknirnar því að miklu leyti snúist um Staðarhólsjörðina.² Á sínum efri árum bjó Sturla hins vegar í Fagurey á Breiðafirði og er talið að hann hafi ritað hluta af verkum sínum þar, m.a. þykir líklegt að Íslendinga saga (skrifuð 1271-1284) hafi að stóru leyti verið rituð í eyjunni. Sturla andaðist í Fagurey árið 1284 en var grafinn að Staðarhóli. Sökum þessarar tengingar Sturlu við eyjuna var ákveðið að freista þess



Mynd 1: Kort sem sýnir staðsetningu Fagureyjar

¹ Tilkynningu um sjóðinn má finna á heimasíðu Snorrastofu, sjá: <https://snorrastofa.is/styrkir-vegna-rim-verda-auglystir-a-naestunni/>. Rannsóknarhópurinn að baki umsókninni samanstendur af fræðimönnum frá Fornleifastofnun Íslands, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Þjóðskjalasafni Íslands og frá sagnfræði (Deild heimsspeki, sagnfræði og fornleifafræði)-, bókmenntafræði- (Íslensku- og menningardeild) og Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands.

² Sjá t.d. Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2021 og 2022. Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Kristborg Þórsdóttir. 2022.

víkka rannsóknarsvæðið út fyrir Saurbæinn og kanna minjar og menningarlandslag í eyjunni líka. Árið 2022 varð skráning í Fagurey að veruleika og kom þar til framlag frá RÍM sjóðnum en einnig Fornminjasjóði sem gerði skráninguna mögulega.

Markmið rannsókna í Fagurey voru nokkuð fjölbætt. Í fyrsta lagi var það markmið rannsókna að skrá minjar og menningarlandslag í eyjunni og mæla upp allar minjar. Í öðru lagi var leitast við að kanna hvort líkleg ummerki um miðaldaminjar væri að finna á svæðinu, hvort einhverjar vísbendingar um eldri sögu jarðarinnar væri fólgin í örnefnum o.s.frv. Í þriðja lagi var markmið rannsókna að kanna hvort minjum í eyjunni væri mikil hættu búin sökum landbrots en fyrri rannsóknir á Breiðafjarðareyjum hafa sýnt að sú er raunin víða.

Áður en skráning hófst var farið í gegnum heimildir um Fagurey en heimildaúttekt var í höndum Kristjönu Vilhjálmsdóttur. Miklu munaði þar um fornleifaskráningu Ágúst Ólafs Georgssonar sem unnin var á áttunda áratug 20. aldar en Ágúst ritaði einnig grein um helstu niðurstöður sínar og birti í Breiðfirðingi árið 1989 og var hvort tveggja mikill og góður stuðningur við verkefnið.³ Farið var á vettvang í sumarlok 2022. Samtals voru skráðar 153 fornleifar í Fagurey á 101 stað. Um skráningu sáu þær Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Guðrún Alda Gísladóttir og Kristborg Þórsdóttir, en Elín og Kristborg sáu um ritun skýrslu. Helga Jónsdóttir vann upprætti að minjum fyrir skýrsluna en Kristborg minjakort. Þau Kristborg og Garðar Guðmundsson unnu þrívíddarlíkön fyrir svæðið. Um aðra úrvinnslu, skýrslurritun og uppsetningu sáu þær Elín og Kristborg. Í skýrslunni birtist sú fornleifaskrá sem var unnin á svæðinu og á grundvelli hennar, sögulegra heimilda, örnefna og landshátta verður gerð tilraun til að rýna í sögu og minjar á svæðinu.

Kristján Lár Gunnarsson skipstjóri sigldi með leiðangursmenn út í eyju í ýmsum veðrum og fær hann kærar þakkir fyrir örugga skipstjórn og jafnaðargeð í ólgusjó. Kristján veitti einnig gagnlegar upplýsingar um Fagurey og minjar í henni ásamt Þorbergi Bæringssyni og fá þeir báðir kærar þakkir fyrir hjálpina. Þakkir fær einnig Ágúst Ólafur Georgsson fyrir gagnmerkt skráningarstarf í eyjunni á 9. áratug 20. aldar og fyrir liðlegheit og hjálpsemi við vinnslu verkefnisins sem og yfirlestur.

Skýrsla þessi er byggð upp þannig að á eftir inngangi, í öðrum kafla, er að finna stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd. Í þriðja kafla er fjallað um þá aðferðafræði sem notuð var við fornleifaskráninguna og í þeim fjórða er svo að finna sjálfa fornleifaskrána. Í henni eru upplýsingar um allar þekktar minjar sem skráðar voru í Fagurey, ásamt myndefni. Í fimmta kafla er fjallað

³ Ágúst Ólafur Georgsson. 1985, 1989.

stuttlega um sögu Fagureyjar og þróun byggðar og í þeim sjöttta fjallað um landshætti í eyjunni og einkenni minja eftir svæðum. Í lokakafla skýrslunnar (7. kafla) eru svo teknar saman helstu niðurstöður skráningarinnar. Aftast í skýrslunni er að finna heimildaskrá og minjakort.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning. Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti

sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum
eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
i. skipsflök eða hlutar þeirra.
Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir
sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða
álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP, SN o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: SN-290:001). Séu fleiri en ein fornleif (minjaeining) á hverjum minjastað bætist við einingunúmer aftast í númeraröðinni (dæmi: SN-290:001_01).

Fornleifaskrá hvernar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir sögu jarðar og skiptingu, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari, búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hvernar jarðar.


Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi (ISN93) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Uppmælingar voru gerðar á öllum sýnilegum minjastöðum með Trimble Geoexplorer 6000 og er möguleg skekkja mælinganna innan við 1 metri, allt niður í nokkra sentimetra. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins en friðlýstar fornleifar 100 m friðhelgi.

Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með 50 metra fráviki eða minna.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í og í síðustu línu er svo getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.



Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlínu Skaftártúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar.

Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártunguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs.

Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgráfin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hólf eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfin virðast vera samtengd en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfið norðvestan við hana. Nokkur hólmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1920

Hætta sem steðjar að fornleif

Heimild sem vísað er í, nánari færsla í heimildaskrá


Mynd 2: Skýringarmynd. Dæmi um skráningu á minjastað.

Skýringar			
○ Fornleifar_punktur	— Kantur	■ Torf	— Teiknað af loftmynd
--- Óljóst	--- Niðurgröftur	■ Torf og grjót	■ Náttúrulegt_fláki
----- Þúst	— Renna	□ Þúst	----- Náttúrulegt_lína
— Garðlag	□ Bæjarhóll	■ Steypa	
	□ Grjót	□ Óljóst	

Mynd 3: Allar uppmælingar sem gerðar voru í skráningunni eru skilgreindar m.t.t. til byggingarefnis eða edlis minjanna og eru skýringar á þeim sýndar í lista hér fyrir ofan. Þessar skýringar gilda fyrir allar myndir af uppmældum minjum í fornleifaskrá og á minjakortum.

Við skráningu í Fagurey voru að mestu nýttar hefðbundnar aðferðir aðalskráningar en þó var víða kafað nokkuð dýpra en venjan er. Örnefni voru skoðuð með það í huga að kanna hver þeirra stæðu hugsanlega á gömlum merg, loftmyndir, ljósmyndir og kort voru rýnd gaumgæfilega og yfirborðslíkan gert af miðhluta eyjarinnar.

4. Fornleifaskrá



*Minjar í Fagurey SN-290, yfirlitskort. Nánari minjakort með númeruðum minjum er að finna aftast í skýrslu.
Loftmynd: Loftmyndir ehf*

SN-290 Fagurey

Fornar heimildir

Fagurey er víða nefnd í Sturlungu og er Þórður Sturluson m.a. sagður dvelja þar veturinn 1242. Árið 1255 er sagt að í Fagurey búi Ingimundur Arnórsson en Sturla Þórðarson gerði þar síðan bú í ellinni og bjó í eyjunni þar til hann andaðist árið 1284. ÍF XXI, 421-423, ÍF XXII, 161, 254. Sjá einnig ÍF XXI, 268, 269, 279, 430, 431, 482.

Hálfkirkja var í Fagurey.

[um 1274]: Máldagi Helgafellsklasturs. "Fagur ey" er nefnd meðal eigna Jónskirkju að Helgafelli. DI II, 116.

[1327]: Máldagi Skarðskirkju. "[frá Skarði] vj messur j fagurey. Þaðann skal greidast til skardz half tíjund." DI II, 636.

[1327] "[tveir menn bera vitni] að alldreir var saungur nie týund golldinn ur fagurey thil Skardz suo langt sem Þeir muna framm. fyrr en nu er snorre [lögmaður Narfason] flutte annat fire herra jone biskupe. Þikiast Þesser menn sumer muna Þetta fram sextijgu vetra enn sumer v tiger vetra." DI II, 636.

[1377-78]; Máldagi Helgafellsklasturs. "Suo mykid goz var að Helgafelli. [...] fagurey cccc." DI III, 326.

1397: Máldagi Skarðskirkju. "[frá Skarði] skal syngia ... vj messur j Fagurey. Þaðan skal oc greidast til Skardz half tíund." DI IV, 158.

1567: Bréf konungs til handa Pétri Einarssyni. "Her Peder Enesen fick breff paa en øe. ligginnendes paa Islandtt. kaldiss Fagerø. som hand nu sielff vdj were haffuer. thend frij och nar hand død og affgangenn er. Skal same øe egienn wbehindrit komme til oss och kronenn." DI XIV, 614-615.

1570 og síðar: "Þessar eru eyjar a Breidafyrði og Huammsfyrði. [...] Fagurey." DI XV, 709-710.

1592: "Hálfkirkjur í Helgafellssókn hafa verið ... 2. í Fagurey uppi standandi, henni eignaðir nokkrir hólmar ... Öll þessi bænhús sóknarprestinum á þeim árum rentulaus." Lbs 1084to bl. 517-18.

1695: 24 hdr Bændaeign (Konungseign 1550 en áður eign Helgafellsklausurs). BL, 173.

1702: 24 hdr. Bændaeign. JÁM V, 354.

Árið 1702 eru tvær búðir í byggð og tvær í eyði, önnur þeirra nýlega niðurfalín. JÁM V, 355.

1801 og 1845: "Tveir ábúendur voru í Fagurey 1801 og þrír 1845, en það ár bjuggu 25 manns í eyjunni. Á síðari hluta 19. aldar eru venjulega talin tvö heimili, nema 1890 þá var það eitt. Á 20. öld mun þar lengst af hafa verið tvíbýli meðan búíð var." Ágúst Ól. Georgsson 1989, 9-10.


Árið 1938 brunnu bæjarhúsin í Fagurey og lagðist jörðin eftir það í eyði. Mbl. 30.06.1938. 3

Landsbættir

1702: "Túnið í sinni veru er gott en þarf með stórrar ræktar, sem það fyrir vanefni fyrri ábúanda hefur vantað. Slægjur nokkrar í hólum þar fyrir utan. [...] Selveiði er þar í minna lagi. Sölvasfjara er þar í betra lagi fyrir ábúanda. Fjörugrös nokkur. Jörðunni fylgja hólmar nokkrir, þar í slægjur, beit lítil. Eggver í minna lagi og dúntekja. Lundatekja í betra lagi. Selstöðu þarf að kaupa ef brúka skal. Eldivið þarf annarstaðar til að fá [...]. Kolvið tekur hann þar [í landsdrottins skógi] einninn. Heimræði gott þegar fiskast." JÁM V, 355.

Túnakort 1916: Tún 2.6 ha. Sl. 1/5. Garðar 1000 m².

1916-1918: "Túnið er í góðri rækt og fremur grasgefið, meiri hlutinn ógreiðfær. Gefur af sér um 80 hesta af töðu. Stærð 2,6 h.a. [...] Beituland lítið, snögglennt en kjarngott. Fjörubeit góð, en flæðihætta. Mótak ekkert og torfrista engin. Undir eyjuna liggja nokkrir hólmar og sker, samkv. Landamerkjaskrá dags. 12 júní 1889. Dúntekja um 42 pund og lundakofatekja 3400. Útræði er frá eyjunni á haustin en langróið og rír fiskiri. Slægja er í hólmunum, af þeim er töðugæft hey og ágæt beit á haustin fyrir sauðfé. Selveiði var fyrrum við Gassasker, en er nú víst orðin rír eða alls engin." Fasteignamat 1916-1918, 79.



Heimatúnið í Fagurey SN-290. Túnakort frá 1916 er lagt ofan á loftmynd (Loftmyndir ehf) og uppmældar minjar sýndar þar ofan á. Nánari kort með númerum er að finna aftast í skýrslu.


SN-290:001_01 *Fagurey* bæjarhóll bústaður

324496 520500

Bærinn í Fagurey hefur, a.m.k. svo langt aftur sem menn vita, verið á miðri eyjunni sunnanverðri þar sem safnast hefur upp myndarlegur bæjarhóll. "Oftast mun hafa verið einbýli í Fagurey og svo var í tíð Skúla Skúlasonar, afa Bergsveins [Jónssonar, f. 1899]. Á uppvaxtarárum Bergsveins var hins vegar tvíbýli í eyjunni. [...] Bæirnir voru sunnanvert á miðri eyjunni, en þar var hún hæst. Heitir Bæjarhóll þar sem þeir stóðu. Var hann hæstur þar sem austari bærinn [sjá 001_03] stóð. Á milli bæjanna voru u.þ.b. 400 metrar [ath. þessi fjarlægð er röng því aðeins hafa verið um 10-15 m á milli húsanna]. Júlíus og Guðrún föðursystir Bergsveins bjuggu í vestari bænum. Hann var kallaður



Bæjarhóllinn í Fagurey SN-290:001_01. Á mynd til hægri er horft til ANA en á mynd til vinstri er horft til norðausturs



Uppmæling af bæjarhólum í Fagurey SN-290:001_01-08

Ytribær [sjá 001_02]. Hann var hinn upphaflegi bær og þar bjó Skúli Skúlason, afi Bergsveins áður. [...] Eldhús var áfast Ytribænum að sunnan en ummerki um það eru horfin] og skemma [001_06 - þar sem síðar virðist hafa verið eldhús var u.þ.b. mitt á milli bæjanna," segir í örnefnaskrá. Tveir bæir eru merktir inn á túnakort frá 1916 (001_02 og 03) og eru um 15 m á milli þeirra. Afstaða milli bæjanna er norður-suður miðað við hvernig áttir eru merktar á kortinu, ekki austur-vestur. Bæjarhóllinn á Fagurey er reisulegur og áberandi og sést vel að þegar komið er að eyjunni. Hann er

grasi gróinn og í kring eru tún í órækt. Um 30 m eru frá honum og til suðurs niður á þá bryggju (020) sem var í notkun á síðasta skeiði búsetu í eyjunni. Undir bæjarhólnum voru auk sjálfs bæjarhólsins (01) skráð bæjarhús Ytribæjar 02, Innribæjar 03, ógreinileg ummerki sem gætu verið eftir eldri bæ 04, öskuhaugur 05, skemma/útielhús 06 og kofatóft 07. En utan í bæjarhólnum var einnig skráður kálgarður 007_01-03 og traðir 016.

Erfitt er að greina hvar hinum eiginlega bæjarhól sleppir. Undir þessu númeri er skráður greinilegur hóll allra syðst en með réttu mætti jafnvel tala um bæjarhól talsvert lengra til NNV en þær minjar sem voru á þeim stað voru skráðar saman undir númerinu 290:012_01-10. Ef allt svæðið væri talið mætti segja að bæjarhóllinn væri 90 x 50 m stór en hér er sem fyrr segir horft til suðurhluta hólsins sem er 52 x 38 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Hóllinn er án efa náttúrulegur í grunninn en greinilegt er að stór hluti hans er uppsöfnuð mannvistarlög. Brúnir hans eru mjög mis greinilegar. Suðvesturbrún hans er hæst og allt að 3-4 m hærri en umhverfið, suður- eða suðausturbrún hólsins er einnig afgerandi og 2-3 m hærri en umhverfið en bæði norðvestur og norðausturhlíðar eru óljósari og á bilinu 0,4-0,8 m hærri en umhverfið. Þó má segja að hóllinn renni saman við túnið norðaustan við að hluta. Gera má ráð fyrir að á bæjarhólnum hafi verið búið um aldir með tilheyrandi byggingum og endurbyggingum en þó virðist stórfellt rask þar hafa verið frekar lítið. Helst er að nefna að bygging íbúðarhúss 001_02 með nokkuð djúpum kjallara kunni að hafa raskað mannvistarlögum nokkuð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1916; Ö-Fagurey KE, 2; Ágúst Ól. Georgsson 1989, 11, 13-14; Bragi Straumfjörð Jósepson 2004, 125


SN-290:001_02 *Ytribær* tóft bústaður 324483 520504

"Á uppvaxtarárum Bergsveins var hins vegar tvíbýli í eyjunni. [...] Bæirnir voru sunnanvert á miðri eyjunni, en þar var hún hæst. Heitir Bæjarhóll þar sem þeir stóðu. [...]. Júlíus og Guðrún föðursystir Bergsveins bjuggu í vestari bænum [ekki er ljóst hvort þarna er átt við þann bæ sem stóð á undan timburhúsinu eða ekki, ef átt er við eldri bæ gæti eldhúsið verið það sama og skráð er undir númerinu 001_06 - ef ekki eru ummerki um eldhúsið horfin]. Hann var kallaður Ytribær. Hann var hinn upphaflegi bær og þar bjó Skúli Skúlason, afi Bergsveins áður. [...] Eldhús var áfast Ytribænum að sunnan...", segir í örnefnaskrá.

Í fornleifaskrá Ágústs Ólafs Georgssonar segir: "Þetta er grunnur undan íbúðarhúsi Júlíusar



Grunnurinn undan Ytribæ SN-290:001_02. Á mynd til vinstri er horft til vesturs.



Sigurðssonar, bónda í Fagurey, og var það úr timbri. Húsið var síðar flutt til Stykkishólms og stendur nú við innanverða Skúlagötu. Það hefur verið stækkað mikið og breytt. Eftir húsflutninginn var grunnurinn notaður sem skemma." Á ljósmynd í Ljósmyndasafni Stykkishólms sést húsið á nýja staðnum. Í myndatexta segir: "... Fyrir miðju er Skúlahús við Skúlagötu í Stykkishólmi. Þetta er gamla Skúlahús sem brann 1932 en Skúli skipstjóri Skúlason, sem húsið er kennt við,

endurbyggði húsið strax. Húsið til hægri var flutt úr Fagurey 1921 og reist í Stykkishólmi. Það gekk fyrst undir nafninu Andrésarhús (kennt við Andrés Grímólfsson) en síðar var það kallað Austurvöllur." Húsið var Skúlagata 13 en samkvæmt upplýsingum frá Guðlaugu Vilborgardóttir (úr ritgerð hennar Með hús í farangrinum) gekk húsið undir enn fleiri nöfnum á meðan það stóð í Stykkishólmi s.s. Fögruvellir og Sólbakki (en nöfnin komu fyrir í fasteignamati en aldrei í sóknarmanttali skv. ritgerðinni). Í ritgerð hennar kemur fram að eigandi á eftir Andrési og Jóhönnu Kristínu Bjarnadóttur konu hans var (1926) Steinunn Indriðadóttir. Samkvæmt ritgerðinni brann húsið ekki fyrr en 1992 en mögulegt er að það hafi þá verið það hús sem var endurbyggt eftir brunann 1932. Þar kemur einnig að húsið hafi verið litið breytt fram til 1940 en þá hafi verið gerðar verulega breytingar á því sem miðuðust að því að stækka það og eftir breytingar hafi það verið fullar tvær hæðir með valmapaki. Tveir bæir eru merktir inn á túnakort frá 1916 (001_02 og 03) og eru um 15 m á milli þeirra. Afstaða milli bæjanna er norður-suður miðað við hvernig áttir eru merktar á kortinu, ekki austur-vestur eins og er nær lagi. Ytribær í Fagurey var beint upp af kálgarðinum 007 og þar sjást greinileg ummerki eftir yngsta húsið á þessum stað sem var timburhús með hlöðnum kjallara (það hús sem flutt var flutt til Stykkishólms 1921).

Bæjarhúsum í eyjunni er lýst í endurminningum Skúla Skúlasonar og má ætla að þær eigi



Tóftir SN-290:001_02 og 06, horft til norðausturs

við síðustu torfbæina í eyjunni. Má gera ráð fyrir að lýsing Skúla endurspegli að stóru leyti húsinn eins og þau voru á tímabilinu 1880-1900. Líklega eru umrædd hús forrennarar þeirra húsa sem síðast stóðu í eyjunni og voru að mestu úr timbri. Í endurminningum Skúla Skúlasonar kemur fram að faðir hans Skúli Skúlason og Málfríður Pétursdóttir móðir hans hófu búskap í Fagurey 1870 á 3/5 pörtum og bjuggu þá í Ytribæ. Á þeim tíma var tvíbýlt í eyjunni og á 2/5 parti bjó Jóhann Jónasson og Ingveldur Þorkeldsdóttir og voru þau í Innribænum. Bjuggu þessar fjölskyldur í eyjunni í 12 ár (þá til 1882) þegar Jóhann keypti Öxney og flutti þangað. Í endurminningum Skúla segir: "Bæirnir voru tveir í Fagurey, var annar [001_03] léður húsfólki þó var nokkuð af heimilisfólkinu látið sofa þar, þegar það komst ekki fyrir í hinum bænum. Bæirnir voru fremur litlir, en þokkalegir. Baðstofurnar portbyggðar, vel fjögur stafgólf á lengd og hér um bil sex álnir á breidd, voru þær uppi á lofti undir reisifjöf, þiljaðar sundur í miðju. Hver bær var í tveimur hlutum, sem kallaðir voru



Bæjarhúsin í Fagurey SN-290:001. Á myndinni sjást líklega bæði bæjarhús 02 og eldhús 06 (lengst til vinstri) og Innribær 03 (lengst til hægri). Myndin er í eigu Ingvars Víkingssonar afkomanda Skúla Skúlasonar, bónda í Fagurey. Birt með leyfi.

badstofa og frambær. Tveir þilgaflar að sunnanverðu og torfveggir í miðju og til hliðanna, inngangur á frambæjarþilinu og eldhúsið á móti þegar inn var komið, en uppi yfir dyraloftið, sem kallað var. Þar sváfu venjulega flestir fullorðnu karlmennirnir. Við eldhúsið komu göngin inn til badstofu. Undir loftinu var búr að norðanverðu, en stofa fyrir gesti að sunnanverðu, og stiginn upp í badstofu á göngunum á milli. Í þeim bænum sem foreldrar mínir áttu heima í sváfu þau í suðurenda badstofunnar. Þar var fjöggra rúðu gluggi á gaflinum og borð undir glugga og rúm til beggja hliða. Litlir hliðargluggar voru á þekjunni, einn á hverju stafgólfi, en enginn á norðurgafli, þar sem norðurgafarnir voru líka þykkir og byggðir úr torfi. Á meðan við krakkarnir vorum á barnsaldri sváfum við í þeim enda badstofunnar, sem foreldrar okkar sváfu, en í norðurendanum svaf kvenfólkið. Bygging bæjanna mátti heita alveg eins og sömuleiðis stærð þeirra. Tvær skemmur voru á milli bæjanna og vísuðu þil þeirra eins og bæjarþilin. Sex þil í röð með torfveggjum á milli.

Ytribærinn í Fagurey var talinn á upprunalega bæjarstæðið (sjá þó einnig 001_04) beint upp af matjurtagarðinum. Í fasteignamati 1916-1918 segir um húsið: "Hús og mannvirki, sem ábúendur eiga eru: Timburhús járnavarið 10x6 al. Hæð 7 al. Með kjallara 6x4 al. 2 heyllöður og 3 fjárhús." Á þessi síðasta lýsing án efa við yngsta byggingarstig Ytribæjar, þ.e. það hús sem stóð á bæjarstæðinu síðast og var flutt til Stykkishólms. Grunnur þess húss sést enn vel en samkvæmt heimildum var endurgerð skemma á þessum stað á síðasta búsetuskeiði eyjunnar, þegar einungis var búið í Innribæ 001_03. Tóftin var fyrst skráð í fornleifaskráningu ÁÓG 1985. Grunnurinn sem sést er tæpir 8 m á kant að utanmáli. Grunnurinn er um 2 m norðvestan við eldhús 001_06 og aðeins sund á milli. Sem fyrr segir er mögulegt að eldri torfbær hafi náði yfir allt umrætt svæðið auk svæðis að baki (sjá 001_004). Grunnurinn er að mestu niðurgrafinn inn í hólinn, sérstaklega norðvesturhluti. Húsið hefur snúið norðaustur-suðvestur. Suðvestari hlutinn er grjóthlaðinn kjallari 3-3,5 m á kant en um 1,8 m á dýpt. Mest sjást um 10 umför að hledslu. Steypuleifar eru ofan á grjóthledslunni fyrir norðausturhlið nema í norðurenda og er hugsanlegt að þar hafi verið dyr á síðasta búsetustigi (þó hugsanlegt að aðeins sé um hrun að ræða). Norðvesturveggur kjallarans er hruninn inn að nokkru leyti en aðrir veggir standa vel. Norðaustan við kjallarann er svæði í grunninum sem stendur nokkru hærra eða um 1,7 m hærra. Norðvestur-, norðaustur- og suðausturveggir þessa hluta eru torfhlaðnir og um 0,8 m á hæð (3-5 umför af grjóti í hledslum) en grjótið í þessum veggjum er stærra en það

sem notað var í hleðslur kjallara og að auki er þar svolítill torfhleðsla ofaná.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Túnakort 1916; Ö-Fagurey KE, 2; Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr. 237, Nr. 40 í skrá Ágúst 1989; Fasteignamat 1916-1918, 79; Mbl 30.06.1938, 3; Bragi Straumfjörð Jósefsson 2004, 125, Guðlaug Vilborgardóttir, Með hús í farteskinu

SN-290:001_03 *Innribær* tóft bústaður

324505 520499

"Innribær var allra austast á bæjarhólnum. Oftast mun hafa verið einbýli í Fagurey og svo var í tíð Skúla Skúlasonar, afa Bergsveins [Jónssonar, f. 1899]. Á uppvaxtarárum Bergsveins var hins vegar tvíbýli í eyjunni. [...] Foreldrar Bergsveins [Jónssonar] bjuggu í eystri bænum og byggðu hann. Hann var kallaður Innribær," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt örnefnaskránni var Bergsveinn fæddur árið 1899 í Bjarneyjum en kom í Fagurey á þriðja ári, og hefur Innribærinn því líklega verið byggður um eða eftir 1902. Tveir bæir eru merktir inn á túnakort frá 1916, 001_02 og _03) og eru um 15 m á milli þeirra. Afstaða milli bæjanna er norður-suður á kortinu er ekki austur-vestur en er sú áttatílvísun röng og kortið allt ónákvæmt). Í grein Ágúst Ól. Georgssonar um byggðaleifar í Fagurey segir: "Skömmu eftir síðustu aldamót var Innribær reistur nokkuð austan þess upphaflega." Innribær brann 29. júní 1938, sbr. Morgunblaðið 30. júní 1938, bls. 3. Nokkur ruglingur er í heimildum um hvor bærinn var upprunalegur, var fluttur til Stykkishólms og var síðast búið í en þegar greitt hefur verið úr flækjunni er ljóst að Ytribær var talið upprunalegra bæjarstaði og yngsta húsið þar var það sem flutt var til Stykkishólms 1921. Lengst var hins vegar búið í Innribænum sem brann árið 1938.



Ummerki eftir Innribæ SN-290:001_03. Á mynd til vinstri er horft til ANA en á mynd til hægri er horft niður


Bæjarhúsum í Fagurey er lýst í endurminningum Skúla Skúlasonar og má ætla að þær eigi við síðustu torfbæina í eyjunni. Má gera ráð fyrir að lýsing Skúla endurspegli að stóru leyti húsins eins og þau voru á tímabilinu 1880-1900. Líklega eru umrædd hús forrennarar þeirra húsa sem síðast stóðu í eyjunni og voru að mestu úr timbri. Í endurminningum Skúla Skúlasonar kemur fram að faðir hans Skúli Skúlason og Málfríður Pétursdóttir móðir hans hófu búskap í Fagurey 1870 á 3/5 pörtum og bjuggu þá í Ytribæ [001_02]. Á þeim tíma var tvíbýlt í eyjunni og á 2/5 parti bjó Jóhann Jónasson og Ingveldur Þorkelsdóttir og voru þau í Innribænum. Bjuggu þessar fjölskyldur í eyjunni í 12 ár (þá til 1882) þegar Jóhann keypti Öxney og flutti þangað. Í endurminningum Skúla segir: "Bæirnir voru tveir í Fagurey, var annar [líklega sá sem hér er skráður] léður húsfolki þó var nokkuð af heimilisfólkinu látið sofa þar, þegar það komst ekki fyrir í hinum bænum. Bæirnir voru fremur litlir, en þokkalegir. Baðstofurnar portbyggðar, vel fjögur stafgólf á lengd og hér um bil sex álnir á breidd, voru þær uppi á lofti undir reisifjölni, þiljaðar sundur í miðju. Hver bær var í tveimur hlutum, sem kallaðir voru baðstofa og frambær. Tveir þilgaflar að sunnanverðu og torfveggir í miðju og til hliðanna, inngangur á frambæjarþilinu og eldhúsið á móti þegar inn var komið, en uppi yfir dyraloftið, sem kallað var. Þar sváfu venjulega flestir fullorðnu karlmennirnir. Við eldhúsið komu göngin inn til baðstofu. Undir loftinu var búr að norðanverðu, en stofa fyrir gesti að

sunnanverðu, og stiginn upp í baðstofu á göngunum á milli. [...]Litlir hliðargluggar voru á þekjunni, einn á hverju stafgólfi, en enginn á norðurgafli, þar sem norðurgafllarnir voru líka þykkir og byggðir úr torfi. [...]Bygging bæjanna mátti heita alveg eins og sömuleiðis stærð þeirra. Tvær skemmur voru á milli bæjanna og vísuðu þil þeirra eins og bæjarþilin. Sex þil í röð með torfveggjum á milli."

Til er lýsing af húsunum í eyjunni 1935 en í skýrslu Brunabótafélagsins árið 1935 er eftirfarandi lýsing á Innribæ í Fagurey og er frásögninni fylgt í meginatriðum: "Þetta er timurbær með tveim burstum, torfstafn að norðan, að öðru leyti timbur, járnvarið, nema vesturhliðin, sem er klædd tjörupappa. Niðri eru þrjú íbúðarherbergi, eldhús og gangur; uppi baðstofa og geymsluherbergi. Við

norðurstafn er skúr og er hlið hans úr timbri og þakið er járnvarið og tyrft að hluta. Í bænum er kolaeldavél, bæði uppi og niðri og ofn í

herbergjum. Hjá bænum stendur útielldhús [001_06] og er timburstafn að framan þar sem dyrnar eru, en veggir og loft úr torfi," segir í Eitt stykki hólmur eftir Braga Straumfjörð Jósepsson. Í fréttum um brunann í Fagurey var að finna eftirfarandi lýsingu: "Bæjarhúsin í Fagurey brunnu til grunna í dag. Húsin voru vátrygð hjá Brunabótafélagi Íslands fyrir 1500 krónur. Tveir bændur búa á eyjunni, Eyjólfur Bjarnason og Ingólfur Pjetursson. - Innbú þeirra var óvátryggt, en bjargaðist að miklu leyti," Morgunblaðið fimmtudaginn 30. júní 1938. Í þessum bæ var síðast búið og er mynd



Innribær SN-290:001_03



Síðasti bærinn í Fagurey, Innribær SN-290:001_03, sem brann 1938. Myndin er líklega tekin um 1930. Úr safni Jóhanns Rafnssonar, Stykkishólmi. Birtist áður í grein Ágústs Ólafs Georgssonar, bls. 14

af honum í grein Ágúst Ólafs Georgssonar (mynd 5 - þar reyndar misritað Ytribær). Tóftin var fyrst skráð í fornleifaskrá Ágústs Ól. Georgssonar frá 1985. Þar kemur eftirfarandi fram: "Kristinn B. Gíslason kveðst hafa búið í þessum bæ á árunum 1932-1936. Voru gaflar og S-hlið úr timbri." Af ljósmynd af bænum (úr grein ÁÓG frá 1985) má sjá bæjarhúsin sem voru tvær burstir, hæð og ris með gluggum á bæði jarðhæð og í risi. Þar má sjá að hleðsla fordyris hefur náð fram fyrir bæinn til suðurs og svo virðist sem timburpil hafi verið fyrir austurhlið að hluta.


Þau ummerki sem sjást nú eftir húsið eru annars vegar norðurveggur (bakveggur) tóftar sem er heillegur, stór hluti austurveggjar og lítill angi af vesturvegg, auk hluta af fordyris sem var vestan við húsið. Þau ummerki sem sjást núna ná annars vegar yfir um 10,5 x 10 m stórt svæði og hins vegar fordyri/inn gönguskúr sem er 4,5 x 3,6 m að stærð. Op er á vesturvegg sunnan við miðju, inn í það rými sem hefur verið fordyri. Þar eru veggir talsvert hrundir og grónir og má aðeins greina rými sem er tæplega 1 m á breidd en 2 m á lengd (austur-vestur) en op virðist suðurvegg (útvegg) þess. Hleðslur í fordyri eru stæðilegri en annarsstaðar eða mest um 0,7 m á hæð og sjást í þeim 6 umför. Í bæjartóftinni liggja leifar af steinsteypum skorsteini í nokkrum brotum. Húsin voru sem áður segir allra austast eða norðaustast á bæjarhólnum en brunnu og hafa verið rifin eftir það. Flati sem kann að hafa verið sléttaður er framan eða sunnan við leifarnar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Fagurey KE, 1-2; Ágúst Ól. Georgsson 1989, 13-14, Túnakort 1916; Ö-Fagurey KE, 2; Fasteignamat 1916-1918, 79; Mbl 30.06.1938, 3; Bragi Straumfjörð Jósefsson 2004, 125

SN-290:001_04 þúst bústaður 324495 520507

Óljós ummerki um tóftir/hólf er að finna að baki íbúðarhússins sem síðast stóð á Ytribæ í Flatey 001_02. Ummerkin eru óljós og sléttuð en líklegt verður að teljast að þar sé að finna ummerki bæjarins sem stóð í Fagurey áður en yngstu íbúðarhús Ytri- og Innribæjar voru byggð, sem líklega hefur verið í kringum aldamótin 1900. Ekki er ljóst hvort þetta eru sömu hús og getið er í Fasteignamati 1916-18 en þar segir: "Hús og mannvirki sem fylgja eiga eru: Torfbær með járnvörðu þaki, portbyggðu, fjós yfir 5 nautgripi (torfhús) og 300,00 kr virði í timburhúsi því er annar ábúandinn hefur byggt. [...]" Minjarnar eru sem fyrr segir að húsabaki 001_02, eða um 2-5 m norðaustan við grunn hússins. Rétt er að geta að Ágúst Ól. Georgsson segir í grein sinni um elstu



Þúst SN-290:001_04. Á ljósmynd til hægri er horft til norðausturs

skráningu í Fagurey: "Ekki fundust verksummerki elstu torfbæja í eyjunni og var þess raunar engin von, enda venja að byggja íveruhús aftur og aftur á sama stað. Geymir bæjarhóllinn nú leifar hinna fornu bygginga," og er það að mestu leyti rétt, þ.e. að stærstan hluta byggingarsögu Fagureyjarbæjarins/bæjanna er án efa að finna undir sverði í bæjarhólnum. Að því sögðu er talið líklegt að þær óljósu minjar sem hér eru skráðar skammt norðaustan við húsagrunn yngstu bæjarhúsa Ytribæjar 001_02 séu ummerki um eldri bæjarhús, hugsanlega þau hús sem stóðu aftar í bæjartóft torfbæjarins, þótt um það sé að sjálfsögðu ekkert hægt að fullyrða. Segja má að á þessum stað sé greinileg hæð eða uppsöfnun á bæjarhólnum sem samanlagt er um 20 m á kant,

Norðvesturhluti svæðisins (16 x 10 m - og allt að 0,8-1 m á hæð) er það svæði þar sem yngstu leifar íbúðarhúss Ytribæjar og eldhús stóðu (sjá 001_02 og 06) en norðausturhlutinn er sá partur sem hér er skráður og er hann um 20 x 13 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Á þessu svæði eru dældir á tveimur stöðum (sjá einnig 001_08) sem falla vel saman við mannvirki sem merkt eru á túnakort frá því í upphafi 20. aldar. Þau ummerki sem hér sjást eru norðvestar á svæðinu, á þeim stað sem ætla mátti að mannabústaður hefði verið samkvæmt túnakortinu. Dældin/hólfíð er greinilegri og ríflega 4 m í þvermál. Hún er um 0,8 m á dýpt með aflíðandi brúnum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Fasteignamat 1916-1918, 79; Túnakort 1916

SN-290:001_05 öskuhaugur

324513 520500


Við vettvangsskráningu 2022 kom í ljós öskuhaugur allra norðaustast á bæjarhólnum, fast austan við bæjarstaði Innribæjar 001_03. Öskuhaugurinn uppgötvaðist þar sem rof hafði myndast í hann norðan- og norðaustanverðan. Á yfirborði er svolítill hólmyndun á þessum stað, utan í bæjarhólnum og gróflega áætlað má segja að stærðin sé 8 x 4,6 m og snýr hún norður-suður. Hæðin er á bilinu 0,3- 2 m hærrí en umhverfið en rétt að geta að uppsöfnun á þessum stað er án efa að hluta vegna bæjarhóls. Um 2,5 m langt rof er í hauginn norðantil í hann (um 2,5 m langt) og annað minna rof (um 0,5 m langt) skammt austar. Þar sem rofið er mest er það um 0,6 m á hæð en greinilegt er að



Öskuhaugur SN-290:001_05. Á ljósmynd til vinstri er horft til suðvesturs (öskuhaugur er til vinstri við miðja mynd og sést vel í rofsárið). Á mynd til hægri er horft til austurs

mannvistarlög eru einnig neðar (neðan við neðri brún rofs) og má giska á að öskulögin nái a.m.k. 0,6-1 m dýpra og nokkur uppsöfnun er einnig ofan við rofið. Í rofinu í hauginn má sjá þétt öskulög með viðarkolum og beinum (virðist að mestu fugla- og fiskibein). Mikil móöskulög eru í rofinu en einnig viðaröskulög. Haugurinn virðist mjög lagskiptur og auðveldlega má telja a.m.k. 15 lög í rofasniðinu ef gróft er flokkað. Neðan við sniðið fannst eitt brot af leirkeri úr rauðaleir líklega frá því eftir síðmiðaldir. Hugsanlegt er að haugurinn spanni langt tímarskeið og varðveisla í honum virðist nokkuð góð en frekari rannsóknir þyrfti til að skera úr um það.

Hættumat: stórhætta, vegna rofs




Öskuhaugur SN-290:001_05. Brotalína í haugnum sýnir hvar rofið í hann er.

SN-290:001_06 tóft eldhús

324490 520500

"Eldhús var áfast Ytribænum að sunnan [en ummerki um það eru horfin] og skemma var u.þ.b. mitt á milli bæjanna," segir í örnefnaskrá. Eldhúsið var fyrst skráð í fornleifaskráningu Ágústs Ól. Georgssonar frá 1985 nr. 41 en í skráningu hans kemur fram að útielldhúsið hafi verið í notkun fram á síðustu ár byggðar í eyjunni og jafnframt að í því var m.a. eldað slátur og hreinsaður dúnn.



Eldhús SN-290:001_06. Á ljósmynd er horft til austurs.

Ekki er ljóst hvort eldhúsið sem þarna eru um rætt var sambyggt gamla bænum eða yngsta íbúðarhúsinu í Ytribæ. Ef um yngsta íbúðarhúsið er að ræða eru ummerki um útihúsið horfin enda sjást engin merki sunnan við húsgrunninn (sjá 001_02). Hugsanlegt er hins vegar að lýsingin eigi við bæinn sem stóð á undan og þá er ekki ólíklegt að það eigi við eldhústóftina sem enn stendur og hér er skráð en var á síðasta byggingarskeiði í Fagurey stakstætt. Skemman var hins vegar undir það síðasta norðvestan við eldhús, í hússtæði Ytribæjarins (sjá 001_02). Eldhústóftin er um 2,3 m norðaustan við Ytribæ 001_02 en 3,3 m suðvestan við Innribæ 001_03. Það er beint ofan (norðaustan) við kálgarð 007. Eldhústóftin var fyrst skráð í fornleifaskráningu ÁÓG 1985. Tóftin er einföld, 8 x 6,4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Timburþil hefur verið fyrir suðvesturhlið en aðrar hliðar hlaðnar úr torfi og grjóti. Innanmál tóftar er 5,3 x 2,8 m. Hleðslur eru mest 1,6 m á hæð í norðausturgafli og sjást mest 7-8 umför af hleðslu. Veggir eru nokkuð misháir og er suðaustur langveggur um 1,2 m á hæð en norðvestur langveggur 0,7 m á hæð. Eldavélaleifar og steinsteypar hlóðir, ásamt reykháfi eru inni í tóftinni fast við norðausturgafli.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Fagurey KE, 2 og Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr. 238 Nr. 41 í skrá Ágústs 1989.

SN-290:001_07 tóft óþekkt hlutverk

324504 520485

Óljós tóft eða þúst er allra suðaustast á bæjarhóli Fagureyjar. Þústin er rúmum 10 m sunnan við suðurbrún Innribæjar 001_03. Hún er niðurgráfin, inn í hólinn og er um 4,5 m í þvermál. Hugsanlegt er að op hafi verið á miðjum suðausturvegg en það er nú óljóst. Innanmál tóftar er 1,8



Tóft SN-290:001_07. Á ljósmynd er horft til austurs

x 1,5 m austur-vestur. Innra byrði veggja er skýrara en ytri brún þeirra sem fellur að talsverðu leyti saman við bæjarhólinn, sérstaklega til norðurs þar sem tóftin fellur alveg inn í hólinn. Hæð veggja er mest 0,3 m hærra en umhverfið. Tóftin var fyrst skráð í fornleifaskráningu ÁÓG 1985. Ekki er vitað hvaða hlutverki kofinn gegndi.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: ÁGÓ 1985

SN-290:001_08 þúst hlutverk óþekkt

324498 520513

Óljós ummerki um tóftir/hólf er að finna að baki íbúðarhússins sem síðast stóð á Yrabæ í Flatey 001_02. Ummerkin eru óljós og sléttuð en líklegt verður að teljast að þar sé að finna ummerki bæjarins sem stóð í Fagurey áður en yngstu íbúðarhús Ytri- og Innribæjar voru byggð, sem líklega hefur verið í kringum aldamótin 1900 en á svæðinu eru tvær afgerandi dældir (sjá einnig 001_04) og koma þær vel heim og saman við mannvirki sem merkt eru inn á túnakort frá 1916.

Sú dæld sem hér er skráð er sú suðaustari og um 4 m frá 001_04. Dældin er bæði stærri og



Þúst SN-290:001_08. Á ljósmynd er horft til ANA

óljósari en 001_04. Innanmál hennar er 5-6 x 4 m norðaustur-suðvestur en hún verður alveg ógreinileg þegar suðvestar dregur. Í norðurhlíð má á einum stað sjá glitta í 2 steina en annars er allt svæðið gróíð og ekki grjóthledslur að sjá. Allra suðaustast í tóftinni má mögulega tala um óljósar veggghledslur sem eru þó aðeins 0,2 m á hæð. Dældin virðist á sama stað og útihús er merkt á

túnakortið frá 1916.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1916

SN-290:002 heimild um hálfkirkju

FAGUREY Í HELGAFELLSSVEIT (SH) (SKARÐS og/eða HELGAFELLSÞING) -
HÁLFKIRKJA

[1327]: "[frá Skarði] vj messur j fagurey. Þaðann skal greidast til skardz half tijund." Máld DI II, 635-636 [Skarðs].

[1327] "[tveir menn bera vitni] að allrei var saungur nie týund golldinn ur fagurey thil Skardz suo langt sem Þeir muna framm. fyrr en nu er snorre [lögmaður Narfason] flutte annat fire herra jone biskupe. Þikiast Þesser menn sumer muna Þetta fram sextijgu vetra enn sumer v tiger vetra." DI II, 636.

1397: "[frá Skarði] skal syngia ... vj messur j Fagurey. Þaðan skal oc greidast til Skardz half tiund." Máld DI IV, 157-159 [Skarðs].

1592: "Hálfkirkjur í Helgafellssókn hafa verið ... 2. í Fagurey uppi standandi, henni eignaðir nokkrir hólmar ... Öll þessi bænhús sóknarprestinum á þeim árum rentulaus." Lbs 1084to bl. 517-18. Samkvæmt þessu var bænhúsið í Fagurey uppistandandi í lok 16. aldar en virðist löngu fallið þegar Jarðabók Árna og Páls er tekin saman rúmri öld síðar, a.m.k. er ekki minnst á það einu orði þar.


Í Sýslu- og sóknarlýsingum frá 1842 segir: "Sem menn vita hafa bænhús verið á Svelgsá, Grunnasundsnesi, Hofstöðum og í Fagurey, en ekkert er mér kunnugt um, hvenær eða hvörnig þau hafa niður fallið; ekki heldur hvörjir bæir hafi átt kirkjusókn að hvörju, en það hafa víst verið 3 til 4 hinir næstu." SSSH, 199-200. Staðsetning hálfkirkjunnar er ekki að fullu ljós en þó eru fleiri en ein tilgáta uppi um mögulega staðsetningu (sjá fornleifar 102 og 003_01). Ekkert er nú vitað með vissu um staðsetningu hálfkirkju/bænhúss í Flatey en út frá almennum líkum má e.t.v. ætla að hún hafi verið á bæjarhólnum sjálfum (sjá 001).

Talsvert af minjum er á bæjarhólnum og við hann en engin ummerki um mögulegt bænhús/hálfkirkju. Ekki er hægt að staðsetja hálfkirkju í Fagurey með nokkurri vissu (sjá þó einnig 003_01 og 075).

Heimildir: DI II, 635-636; DI IV, 157-159; Lbs 1084to bl. 517-18; SSSH, 199-200.


SN-290:003_01 tóft óþekkt hlutverk
 Í grein Ágústs Ól. Georgssonar um fornleifar í Fagurey segir: "Eftir að fornleifaskráningunni lauk hefur greinarhöfundur fengið upplýsingar um "bænhústótt" sunnan undir litlum hól norðvestur af bæjarhólnum. Þetta er lítil rúst, um 3X3 m á kant, að sögn heimildarmanns [Bergsveins B. Gíslasonar]." Tóftin sem heimildamaður Ágústs taldi geta verið bænhústóft er um 80 m norðvestan við bæ 001, á lágum og flötum hjalla í túnjaðri. Á þessum flata er fremur þýft og má greina tvö mannvirki sem virðast vera torfhlaðin. Tóft 064 er um 10 m norðaustur. Túnið er nokkuð þýft á þessu svæði og sjást klappir upp úr grassverði hér og þar. Fyrir neðan (vestan) minjarnar er grösug mýri.

324433 520575



Yfirlitsmynd SN-290:003_01-02.

Minjarnar eru á svæði sem er 11,5x6 m stórt og snýr austur-vestur. Lýsingin hefst á tóft 01 sem er greinilegri en mannvirki 02 og líklegt er að hún sé sú tóft sem Ágústi Ól.



Þúst SN-290:003_01. Á ljósmynd er horft til norðvesturs

Georgssyni var bent á að gæti verið bænhús. Tóftin er einföld og nokkuð hringlaga. Hún er tæpir 5 m í þvermál og sést hvergi op á henni. Veggir hennar eru farnir að ganga í þúfur, eru 0,5-0,6 m á þykkt og 0,2-0,3 m á hæð. Öruggt má telja að ekki sé um bænhústóft að ræða og kemur helst til greina að tóftin sé af heystæði.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ágúst Ól. Georgsson 1989, 14

SN-290:003_02 mannvirki hlutverk óþekkt

324427 520574

Mannvirki 02 er fast vestan við tóft 01. Óljóst sést móta fyrir grunnum, hringlaga niðurgrefti sem er 5x4,5 m að innanmáli (snýr norður-suður). Mörk niðurgraftarins eru ógreinilegust til norðurs. Meðfram vesturbrún sést hlaðinn torfveggur frammi á brún hjallans sem minjarnar eru á. Veggurinn er um 1 m á þykkt og 0,3 m á hæð. Hlutverk mannvirkisins er óþekkt en helst kemur til greina að þarna hafi verið heystæði.



Þúst SN-290:003_02. Á ljósmynd er horft til norðvesturs

Hættumat: engin hætta

SN-290:004 renna lending

324296 520356

Nokkuð afgerandi rudd vör er beint niður undan nausti 043_01 og íshúsi 043_02 í Hjallatangavík. Tvær aðrar varir 027_01-02 eru 35-45 m utar í víkinni. Grýtt klapparfjara með finni möl og grófum sandi.

Vörin er um 2,5 m breið og 0,3-0,5 m djúp. Talsvert grjót er í henni en hún er þó vel greinileg. Vörin liggur ANA-VSV og á loftmynd frá Loftmyndum ehf sem tekin er á fjöru má sjá að hún er um 25 m löng.

Hættumat: engin hætta




Vör SN-290:004, horft til ANA

SN-290:005 þúst hlutverk óþekkt

324237 520461

Norðvestarlega á suðvesturhluta Fagureyjar er sigin og fremur ógreinileg þúst. Hún er norðaustan við litla tjörn (sjá 018), um 25 m suðvestan við býli 045 og 260 m suðvestan við bæ 001.



Þúst SN-290:005. Á ljósmynd er horft til VSV



Þústin er í aflíðandi halla niður að tjörninni, grasi vaxin og smáþýfð. Hæst er þústin í norðurenda þar sem virðast vera hundapúfur. Hún er 11x6,5 m stór og og 0,2-0,4 m á hæð. Ekkert er vitað um það hvaða mannvirki er hér undir sverði.

Hættumat: engin hætta

SN-290:006 þúst hlutverk óþekkt

324461 520472

Gróin þúst er á lágum hrygg í túni upp af Kirkjuhlein (sjá 002), um 40 m suðaustan við bæ 001 og 14 m suðaustan við traðir 016. Þústin er í fremur flatlendri sléttu í túninu en þó í mjög aflíðandi halla til suðvesturs. Stutt er niður á sjávarbakka.



Þúst SN-290:006. Á ljósmynd er horft til norðurs

Ekki er þústin mjög skýrt afmörkuð en hún virðist vera 6x3 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er nokkuð kúpt og er 0,3-0,4 m á hæð þar sem hún er hæst. Dálítill hryggmyndun er í túninu undir þústinni og eru mögulega eldri minjar undir henni.

Hættumat: engin hætta

SN-290:007_01 gerði kálgarður

324478 520493

Stór kálgarður sést enn beint fram af bænum í Fagurey og suðvestan í bæjarhólnum. Líklega er þetta sami og annar af tveimur kálgorðum sem merktir eru inn á túnakort frá 1916 en staðsetningin kemur þó ekki að fullu heim og saman við túnakortið sem virðist mjög skematískt. Í fasteignamati frá 1916-1918 segir: "Matjurtagarðar 1000 ferm að samanlagðri stærð. Uppskeyra 7 tunnur jarðepla." Kálgarðurinn er fast suðvestan við suðurhorn Ytribæjar 001_02. Traðirnar (016) að bænum liggja að honum og svo meðfram garðinum norðvestanverðum að bæ (001_02).

Garðurinn er í grasi gróinni brekku/bæjarhól sem hallar aflíðandi til suðvesturs. Undir þessu númeri er bæði skráður Kálgarður 01 og tvær tóftir fast neðan hans 02 og 03. Samtals er svæðið 22 x 12 m að stærð.

Kálgarður 01 var fyrst skráður í fornleifaskráningu ÁÓG frá 1985 og er þar númer 42.



Gerði SN-290:007_01-03. Á ljósmynd er horft til SSV yfir kálgarð 01.

Samkvæmt Ágústi var kálgarðurinn í notkun fram á síðustu ár búskapar í eyjunni. Hann er samtals 17 x 12 m stór og snýr NNA-SSV. Hann er markaður með grjóthleðslu sem er skýrust að ofan (norðvestur-suðaustur) en austur- og vesturlangveggir sjást einnig vel. Neðst í brekkunni eru mörk kálgarðsins aðeins brún í brekkunni og nokkuð óljós á kafla. Hleðslur eru grónar og um 1 m á breidd en 0,4 m á hæð að innanverðu en svolítið hærri að utan. Mest sjást 5 umför af hleðslu. Engin beð sjást í garðinum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1916; Fasteignamat 1916-1918, 70

SN-290:007_02 tóft hæsnakofi

324477 520484

Tóftin var fyrst skráð í fornleifaskráningu ÁÓG frá 1985 (nr. 43) en þar kemur m.a. fram eftirfarandi: "Kristinn B. Gíslason segir, að annar eða báðir kofarnir hafi verið notaðir fyrir hænsni á árunum 1932-1936. Þó kann eldiviður að hafa verið geymdur í öðrum þeirra." Fast neðan eða SSV við kálgarðinn er lítil tóft sem var af hæsnakofa.

Tóftin er 7,7 x 5,5 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á hana norðvestast á suðurvegg. Innanmál tóftar er 4 x 2,5 m. Hún er nokkuð stæðileg og hefur líklega verið í notkun á 20. öld. Grjóthleðslur eru grónar en mest um 1 m á hæð og sjást 4 umför af hleðslu. Á svipuðum stað er merkt útihús inn á túnakort frá 1916 en líklega er þó



Tóft SN-290:007_02, horft til NNA

að umrætt hús sé það sem skráð var undir númerinu 073.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr. 240a-b, Nr. 43 í skrá Ágúst 1989, Túnakort 1916

SN-290:007_03 tóft hæsnakofi

324472 520487

Tóftin var fyrst skráð í fornleifaskráningu ÁÓG frá 1985 (nr. 43) en þar kemur m.a. fram eftirfarandi: "Kristinn B. Gíslason segir, að annar eða báðir kofarnir hafi verið notaðir fyrir hæsnari á árunum 1932-1936. Þó kann eldiviður að hafa verið geymdur í öðrum þeirra." Ummerki um lítið útihús eru fast neðan eða SSV við kálgarðinn og fast norðvestan við tóft 02. Raunar er ofrausn að kalla ummerkin tóft en takmarkaðar hleðslur eru þó á staðnum og marka þær ásamt tóft 02 og kálgarði 01 lítið svæði, um 5 x 1,5m að innamáli og virðist hafa verið op á því suðaustarlega á suðvesturvegg en hugsanlegt er einnig að op hafi verið ofan í traðirnar 016 til norðvesturs. Hleðslan er um 0,8 m á breidd en 0,6 m á hæð en hún er gróin.



Tóft SN-290:007_03, horft til ASA


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr. 240a-b, Nr. 43 í skrá Ágúst 1989.

SN-290:008 tóft útihús

324444 520494

Útihústóft er í túni 20 m vestan við kálgarð 007 og 45 m VSV við bæ 001. Túnið er smáþýft í kringum tóftina og í aflíðandi halla til suðvesturs.



Útihústóft SN-290:008. Á ljósmynd er horft til norðurs

Tóftin virðist hafa verið sléttuð með handverkfærum en sést enn allvel. Hún er aflöng, 8x4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin virðist hafa verið einföld og dyraop er í suðvesturenda, undan halla. Hún er algróin og hvergi sést í grjóti í veggjum sem eru 0,3-0,4 m á hæð. Innanmálið er nánast ógreinanlegt. Ekkert er vitað um nánara hlutverk útihússins.

Hættumat: engin hætta

SN-290:009 garðlag akur

324256 520359

Náttúruafari háttar þannig í Fagurey að suðvesturhluti og um helmingur allrar eyjarinnar á lengdina er fremur mjór tangi sem ber ekki sérstakt heiti. Norðvesturströndin er fremur bugðulaus en suðausturströndin er vogskorin af Skipavík norðaustast, þar suðvestur af Hjallatangavík, þá Hjallatanga og suðvestast Reyðarvík. Miða má þessa landfræðilegu skiptingu við Skipavík að suðaustanverðu (um það bil 125 m vestur af bæ 001) og hjallstóft 052 í norðvestri en á milli þessara staða er mýrardrag.

Á öllu þessu suðvestursvæði eyjunnar eru áberandi sigin garðlög með jöfnu millibili sem öll snúa eins, í norðvestur-suðaustur og afmarka mjóar spildur. Þetta eru taldar vera leifar fornra akra, akurreinar, sjá umfjöllun um 074. Efst á Hjallatanga er þvergarður sem skiptir akrinum í efra svæði sem er umtalsvert hærra en neðra svæði sem nær niður á Hjallatanga. Hann er að líkindum yngri en minjar um akra 074. Garðlagið sést fyrst við manngerða tjörn 043 við Klakahús 042_02 sem er á sjávarbakka upp af miðri Hjallatangavík og endar við garðlag 040 sem skiptir akursvæðinu frá Hjallatanga að Hallsskál, sjá tóft 017.



Garðlag SN-290:009. Á ljósmynd er horft til ANA

Landi hallar að sjó mót suðaustri, mikið gras og þýft, mun hærra land ofan garðs en neðan.

Garðlagið er alls um 50 metra langt en á því er hlykkur. Breidd garðlagsins er um 1 m og hæð um 0.5 m, en mun hærra er ofan garðs en neðan garðs. Ekki sást grjót í garðinum.


Hættumat: engin hætta

SN-290:010 tóft hlutverk óþekkt

324274 520439

Austarlega í Hjallatangavík, á svæði þar sem austasti hluti akurreina 074 eru, er tvíhólfa tóft í einni reininni, milli tveggja garðlaga sem tilheyra akrinum. Tóftin er 11 m norðvestan við tóft 046_01 sem er á sjávarbakka og um 212 m suðvestan bæjarhóls 001.

Tóftin er í grasi grónum akurreinum þar sem landi hallar niður að sjó, til suðausturs. Tóftin er tvíhólfa og snýr NNV-SSA. Minna hólfið er norðar og er innanmál um 2x1.5 m og er lengri í



Tóft SN-290:010. Á ljósmynd er horft til norðvesturs

austur-vestur, dýptin er um 0.5 m. Syðra hólfið er um 2.5x1.5 m að stærð og snýr í norður-suður, mesta dýpt í syðra hólfi er allt að 0.75 m. Op er á syðra hólfi til suðurs og eru áberandi djúp för fram úr tóftinni til sjávar og mjög græn, sennilega kindagata.

Hættumat: engin hætta

SN-290:011 garðlag akur

324240 520419

Landi háttar þannig í Fagurey að suðvesturhluti og um helmingur allrar eyjarinnar á lengdina er fremur mjór tangi sem ber ekki sérstakt heiti og þar eru áberandi garðlög og spildur á milli sem eru taldar vera akurreinar 074. Akursvæðið var umfangsmikið og í umfjöllun um það (sjá 074) er akrinum skipt upp í þrjú svæði. Garðlagið sem hér er skráð afmarkar akursvæði B í norðvestri. Þetta fornlega og mikla garðlag nær, svo að segja, frá garðlagi 069 í norðaustri og að miklum garði 040 í suðvestri. Óljóst má greina akurgarða ofan og norðvestan við garðinn á loftmynd sem gefur til kynna að hann sé yngri en þeir. Svo virðist sem að býli 041_01 sé byggt ofan í garðinn.

Garðlagið er á flatlendi á eyjatangnum norðvestanverðum. Þar er landið hærra og suðaustan garðsins er aflíðandi halli til sjávar. Þarna er grasið gróið. Garðlagið snýr í norðaustur - suðvestur og er þvergarður á akurreinar 074. Það er fornlegt og ógreinilegt á köflum. Sennilega hefur verið grafinn kantur til að afmarka akurinn enn frekar og mikill hæðarmunur er á garðinum og reinunum. Býli 041_01 er byggt ofan í u.þ.b. mitt garðlagið og erfitt er að greina sérstakan garð suðvestan býlisins þó kanturinn sé augljós. Garðurinn er alls um 95 m langur og er slitinn í sundur af býlinu tæpum 50 m frá norðausturenda á um 10 m kafla. Breiddin virðist mest vera nálægt 5 m og hæðin 0,2-0,5 m. Hæstur er garðurinn næst býlistóft 041_01.



Tóft SN-290:011. Á ljósmynd er horft til suðvesturs

Hættumat: engin hætta

"Fjárhús, fjós og hlaða voru sitt frá hvorum bæ og voru engin af þeim húsum sambyggð. [...] Fjós og hlaða frá Innribænum [001_03] voru vestan við Ytribæinn [001_02]," segir í örnefnaskrá. Fjós



Tóftir SN-290:012 yfirlitsmynd

og hlaða Innribæjar, auk fleiri minja eru á stórum rústahóli fast norðvestan við bæjarhól 001. Hóllinn er miðsvæðis í túninu og á honum og við hann eru alls níu mannvirki sem hvert fær sitt númer til aðgreiningar.

Minjarnar eru í túni sem hefur verið sléttað að hluta en er víða þýft. eru þær á lágrri náttúrulegri brún, þeirri sömu og bæjarhóllinn er á. Frá brúninni hallar til suðvesturs og er rústahóllinn í hallanum og uppi á brúninni. Á svæðinu er talsverður gróður, m.a. hundasúra, gras og arfi. Einnig er eitthvað um njóla.



Tóftir SN-290:012_01-10, yfirlitsmynd, horft til austurs

Sjálfur rústahóllinn 01 er allstór en ekki mjög afgerandi og virðist ekki mjög mikil uppsöfnun mannvistarleifa í honum. Hann er 33x28 m að stærð (snýr norðvestur-suðaustur) og er víðast um 0,5 m hár en gæti verið allt að 1 m þar sem hann er hæstur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Fagurey KE, 2-3

SN-290:012_02 tóft útihús

324475 520536

Stór tóft 02 virðist vera sú elsta á rústahóli 01 og er á milli fjóss 04 og hlöðu 03. Hún er 13x11 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Í tóftinni má greina eitt samansigið og gróið hólfi í norðausturhluta en þar er tóftin breiðust. Þúfur sem sjást inni í hólfinu eru líklega hrun úr veggjum.



Tóft SN-290:012_02-03. Á ljósmynd er horft til austurs

Lögun hennar bendir til þess að annað rými hafi verið í suðvesturhluta. Þar er flatur stallur en ekki sést móta fyrir innri brún veggja. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og er rof komið í veggj hér og þar. Mesta hæð veggja er um 0,4 m. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftin gegndi en ætla má að um einhvers konar útihús sé að ræða, mögulega eldra fjós með hlöðu.

Hættumat: engin hættu

SN-290:012_03 tóft hlaða

324478 520528

Í fornleifaskrá Ágúst Ól. Georgssonar frá 1985 eru skráð rústasvæði og hlaða á nr. 235a-b: "Bæjarhóll, eilítið norðan miðju. Lýsing: a) Rústasvæði, um 18x11 m. Búið að slétta úr öllum mannvirkjum hér. Svæðið sker sig úr sem eins konar upphækkun. Austarlega á því mótur fyrir einni tóft, um 2x2 m en gæti þó e.t.v. Verið lengri. b) Hlaða, innanmál um 4-11x4x1-1,3 m. Veggjarþykkt um 1 m. N-veggur allur úr grjóti, en hinir úr torfi og grjóti. Vantar hluta af veggjum og því ekki hægt að segja til um upphaflega stærð rústarinnar. Hér er um fjóshlöðu að ræða frá tímum síðustu byggðar í eyjunni. Hún var timburbyggð." Rústasvæði a sem Ágúst Ól. skráir er að öllum líkindum leifar af síðasta torfbæ Ytribæjar 001_02, sjá þar. Fjóshlaða b sést enn vel og er hún skráð hér. Þessi hlaða er einnig merkt inn á túnakort frá 1916. Hún hefur staðið enn 1935 samkvæmt því sem fram kemur í



Tóft SN-290:012_03, horft til vesturs

bókinni Eitt stykki hólmur eftir Braga Straumfjörð Jóseppson: "Í skýrslu Brunabótafélagsins árið 1935 er eftirfarandi lýsing á húsunum í Fagurey og er frásögninni fylgt í meginatriðum: [...] Heyhlaða stendur um tuttugu og fimm metra frá bænum [...]."

Tóft hlöðunnar sést enn vel og er hún suðaustast á rústahóli 01, rétt norðvestan við bæjarhól 001_01. Hlaðan er fast suðaustan við tóft 03 og hlaðin utan í hana. Mögulega hefur hún verið grafin inn í þá tóft að einhverju leyti. Hlaðan er einföld og 10,5x7 m stór, snýr norðaustur-suðvestur. Ekki er veggur á suðvesturgafli og stór hluti af suðaustur langvegg er mjög raskaður og nánast útflattur. Mun minna er af grjóti í þeim vegg en í öðrum veggjum hlöðunnar en mögulega var grjótið rífið úr hleðslum. Mjög mikið grjót er í innanverðum norðvestur langvegg og hefur mikið hrúnið inn í tóftina úr hleðslunni. Á miðjum norðausturgafli er greinilegt skarð í vegginn þar sem op hefur verið til þess að koma heyi inn í hlöðuna. Það er um 0,6 m breitt. Utanmáls eru veggir 0,8 m á hæð og sjást 5-6 umför grjóts en hleðslur eru farnar að aflagast og hrynja. Í hlöðunni eru leifar af blikki úr þaki.


Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr. 235a-b; Túnakort 1916; Bragi Straumfjörð Jóseppson, 125

SN-290:012_04 tóft fjós

324463 520536

Í fornleifaskrá Ágúst Ól. Georgssonar frá 1985 er skráð fjós á nr. 233: "Bæjarhóllinn, norðvestanverður. Lýsing: Innanmál um 5 x 4,5 x 1 - 1,7 m. Veggjaþykkt um 1 m. Dyr, um 0,5 m, á u.þ.b. miðjum N-vegg. Framan við þær er anddyri, um 2 x 1 m, og gengið inn í það frá vestri. Á u.þ.b. miðjum S-vegg er byggður út klefi um 1,5 x 1 m, s.k. holubás, sem notaður var fyrir kálfa og jafnvel vanmeta folöld. Fjósið var í notkun síðustu ár búskapar í eyjunni."



Tóft SN-290:012_04. Á ljósmynd er horft til VSV

Allstór fjóstóft úr torfi og grjóti er norðvestarlega á rústahóli 01 og fast norðvestan við tóft 02. Frá henni liggur renna 05 til suðvesturs í þró 06. Afkimi er í suðausturenda tóftar, svokallaður holubás, og framán við inngang á norðvesturhlið er anddyri. Tóftin er tæpir 8 m á breidd og 10 m á lengd frá norðvestri til suðausturs, þar sem hún er lengst um miðbikið. Anddyrið er sem fyrr segir við miðja norðvesturhlið og er gengið inn í það úr suðvestri. Það er 1x2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Aðalrýmið, sjálft fjósið, er 5x4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þar sést ekki móta fyrir básum eða öðru innra skipulagi. Beint á móti inngangi er áður nefndur afkimi sem er um 1x1,5 m að innanmáli. Fjósið var í notkun fram til þess er bærinn fór í eyði árið 1938 og ber tóftin það með sér að vera ekki mjög gömul. Veggir eru allt að 1 m á hæð utanmáls og sjást 6 umför í hleðslum. Á einum stað sjást leifar af steiptum skorsteini í veggjahleðslum. Veggirnir

eru ekki mjög þykkir en virðast vera um 1 m víðast hvar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ágúst Ól. Georgsson 1989, 17

SN-290:012_05 renna

324456 520531

Renna liggur frá dyrum fjóss 04 niður aflíðandi halla til suðvesturs að þró 06. Rennan er rúmlega 8 m löng og er 0,2-0,3 m á breidd. Hún er samansigin og gróin, um 0,1 m á dýpt. Í henni vaxa arfi og njóli.

Hættumat: engin hætta




Renna SN-290:012_05, horft til suðurs

SN-290:012_06 tóft

324453 520528

Tóft af niðurgrafinni áburðarþró er við enda rennu 05 sem lá frá fjósi 04. Þróin er suðvestan undir rústahóli 01 og 2 m NNA við þúst 07. Hún virðist aðallega verið grjóthlaðin en líklega er eitthvað torf einnig í hleðslum.



Tóft SN-290:012_06. Á ljósmynd er horft til vesturs

Tóftin er ferköntuð, um 3 m á kant utanmáls, en innanmáls er hún 2x1,5 m og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er grafin niður um 0,2-0,4 m og er 0,6 m djúp. Norðaustast á suðausturhlið er rof í vegg sem er mögulega ummerki um op en það virðist ekki sannfærandi. Ytri brún veggja er lægst 0,2 m næst rústahóli 01. Hæstir eru veggir 0,4 m á suðvesturhlið og þar sjást 2-3 umför í hleðslum.

Hættumat: engin hætta

SN-290:012_07 þúst óþekkt hlutverk
Nokkuð skýrt afmörkuð en lítil þúst er fast
SSV við áburðarþró 06. Hún er 0,4-0,5 m
há og 2x1 m að stærð, snýr norður-suður.
Í rofi á austurhlið sést ekki í grjót og er
líklegt að þústin sé ekki annað en
mykjuhaugur. Þar sem vafi leikur á eðli
þústarinnar fær hún að njóta vafans og er
tekin á fornleifaskrá.

Hættumat: engin hætta

324452 520524



Þúst SN-290:012_07, horft til suðvesturs

SN-290:012_08 hleðsla hlutverk óþekkt
Frá vesturhorni fjóstóftar 04 liggur
hlaðinn, gróinn kantur 08 til norðvesturs á
5 m kafla og beygir þar til norðausturs þar
sem hann er 3 m langur. Á þeirri hlið má
sjá óljósa innri brún. Í hleðslunni sést eitt
umfar af grónu grjóti og er hún 0,1-0,3 m á
hæð, hæst í vesturhorni.

Hættumat: engin hætta

324457 520540



Hleðsla SN-290:012_08, horft til NNA

SN-290:012_09 kantur kálgarður
Kálgarður er merktur inn á túnakort frá
1916 neðan við hlöðu 03. Óljós
ummerki sjást um hann á suðvesturhluta
rústahóls 01, framan og suðvestan við
hlöðuna og tóft 02. Lágur kantur
afmarkar kálgarðinn að suðvestan- og
norðvestanverðu, svæði sem er 20x4 m
að stærð. Hann er 0,2-0,4 m á hæð,
hæstur í vesturhorni. Flati er innan
kantsins þar sem kálgarðurinn var og er
hann í mjög aflíðandi halla til suðvesturs.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1916

324472 520520



Kantur SN-290:012_09, horft til suðausturs

SN-290:012_10 þúst óþekkt hlutverk

324460 520523

Framan og suðvestan við kálgarð 09 er útflatt mannvirki 10 sem myndar lága þúst í halla til suðvesturs. Flöt og gróin þústin er 0,1-0,3 m á hæð, 5x4,5 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Í henni má greina grjót í grassverði. Það má hugsa sér að þarna hafi verið kartöflugeymsla sem hafi verið jöfnuð við jörðu en mörg önnur mannvirki koma til greina.

Hættumat: engin hætta



Þúst SN-290:012_10, horft til norðausturs

SN-290:013 þúst óþekkt hlutverk
Lítill þúst er í túni, um 4 m VSV við aflanga tóft 065 og 25 m norðan við bæjarhól 001. Túnið er víða nokkuð þýft en búið er að slétta það í kringum þústina.

324481 520550

Þústin er öll gróin og aðeins hlaupin í þúfur. Hún er rúmir 3 m í þvermál og 0,2-0,3 m á hæð, hæst að norðvestanverðu. Þústin er lítillaga kúpt og búið er að skera af norðvesturhlíð hennar með túnasléttun. Óvíst er að hér sé mannvirki undir sverði.

Hættumat: engin hætta




Tóft SN-290:013 horft til norðvesturs

SN-290:014 garðlag vörslugarður

324251 520462

Suðvestan við býli 045 eru grónar hæðir og inn á milli þeirra er afgerandi laut. Suðvestast á þessum hæðum virðist vera hlaðinn garður og þúst sambyggð honum ofan á gróinni klöpp. Minjarnar eru í þýfðum valllendismóa og er sléttuð túnspilda fast suðaustan við þær sem er afmörkuð af gördum 084 og 069.



Tóft SN-290:014. Á ljósmynd er horft til austurs

Garðurinn virðist torfhlaðinn og hefur samlagast umhverfinu að miklu leyti. Hann liggur í U og er 27 m langur en afmarkar svæði sem er 13,5x9 m stórt og snýr austur-vestur. Þar sem sveigjan er á garðinum til vesturs gengur tota eða þúst út frá ytri brún hans. Er hún 4,5x3 m að stærð og snýr VSV-ANA. Ekki sér móta fyrir innanmáli í þústinni en á henni eru hundapúfur sem ýkja hæðina. Garðhleðslan er mjög sigin, 3 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þessar minjar hafa gegnt en helst kemur til greina að garðurinn hafi verið vörslugarður.


Hættumat: engin hætta

SN-290:015 tóft óþekkt hlutverk

324292 520472

Tvískipt tóft er upp af Hjallatangavík, við norðvesturjaðar sléttaðrar túnspildu sem er afmörkuð af gördum 084 og 069. Tóftin er 40 m suðaustan við býli 045 og 200 m vestan við bæ 001. Fjöldi tófta er á sjávarbakknum suðaustan við hana. Tóftin er í þýfðu vallendi á suðvesturhluta eyjarinnar. Frá henni er aflíðandi halli til suðausturs, niður í Hjallatangavík.

Tóftin er sigin og gróin og ekki sést grjót í veggjum. Hún er 8,5x4,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur en mjókkar lítilega í suðvesturenda þar sem hún er 3,5 m breið. Op er inn í



Tóft SN-290:015. Á ljósmynd er horft til norðurs

suðvestara hólfið á miðjum suðausturvegg. Það hólf er 3x1,5 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Ekki sést op milli hólfa og ekki virðist heldur vera op inn í norðaustara hólfið. Það er 3x2,5 m að innanmáli og snýr einnig eins og tóft. Veggir eru 0,2-0,3 m á hæð og víðast um 1 m á þykkt. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt og ekki ljóst hvort hún tengist býli 045 eða þeim fjölmörgu tóftum sem eru suðaustan við hana, við Hjallatangavík.

Hættumat: engin hættu

SN-290:016 *Traðir* hleðsla traðir 324437 520480

"Austan Þorvaldarflatar er Sandvíkurflöt. Þúfnakragi var á milli hennar og Þorvaldarflatar. Aðeins austur af Sandvíkurflöt lágu svonefndar Traðir niður að sjó," segir í örnefnaskrá. Traðirnar liggja til norðvesturs frá bæjarhóli 001 niður á sjávarbakka austarlega við Skipavík.

Allt er svæðið grasi gróið, fremur bratt er niður af bæjarhól og þaðan aflíðandi brekka niður að sjó. Í fornleifaskrá Ágústs Ól. Georgssonar frá 1985 segir: "Svæðið milli Bæjarhóls og Skipavíkur. Lýsing: Traðir, um 70 x 1,5 x 0,5 - 3 m, liggja frá miðjum Bæjarhól og stefna um 55 m í V. Beygja síðan til NV um 15 m og ná allt að sjó við Skipavík. Síðustu 10 - 15 m eru traðirnar hátt í 3 m á breidd." Í grein Ágústs Ól. Georgssonar um byggðaleifar í Fagurey segir: "Traðir liggja frá bæjarhólum [...]. Við bæjarhólinn enda traðirnar hjá matjurtagarði neðan Ytribæjarins. Þetta eru einu eiginlegu traðirnar í Stykkishólmsýjum." Traðirnar eru um 70 m langar, fyrstu 60 m liggja til norðvesturs niður bæjarhólinn og aflíðandi brekku til sjávar og sveigir á síðustu u.þ.b. 10 m til VNV meðfram sjávarbökkunum austast við Skipavík.



Traðir SN-290:016. Á mynd til vinstri er horft til austurs en til vesturs á mynd til hægri

Traðirnar eru afmarkaðar af tveimur garðlögum/hleðslum og er breiddin á milli þeirra um 1.2-1.5 m og um 3 m séu garðlögin mæld líka. Op hafa verið á hleðslunum á tveimur stöðum til að auðvelda umferð í gegnum traðirnar. Annað opið er ofarlega rétt neðan bæjarhóls og fast norðvestan við þúst 073 og hitt opið er um 30 m neðar (suðvestar) og eru för eftir menn og skepnur við bæði þessi op, þvert á traðirnar. Traðirnar virðast breikka efst og neðst. Efst enda hleðslurnar á móts við kálgarðsvegg 007_01 og virðist suðaustari traðarhleðslan jafnvel tengjast nyrðri kálgarðsveggnum. Stígurinn nær lengra en traðarhleðslurnar á bæjarhólum og má greina þær að tóft 001_02 á bæjarhólum 001_01. Breidd milli garðlaga neðst virðist vera rúmir 3 m að innanmáli. Mesta hleðsluhæð mældist um 0.75 m en oftast um 0.5 m og breidd garðlaganna um 1 m. Ekki sást grjót í hleðslum.


Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Fagurey KE, 3; Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr. 242; Ágúst Ól. Georgsson 1989, 21

SN-290:017 *Hallarskáli* tóft óþekkt hlutverk

324185 520365

"Syðst og vestast á eyjunni er hóll, sem heitir Hallarskáli, sést þar vel fyrir gömlum bæjarrústum," segir í örnefnaskrá. Í Fornleifaskrá Stykkishólms frá 1985 eftir Ágúst Ól. Georgsson er tóftinni lýst, ásamt garðlagi 040. Á örnefnakorti frá 1976 er staðurinn merktur Hallsskáli. Nafnið á líklega við tóft sem er við norðurenda garðlags 040 sem liggur svo til þvert yfir Fagurey, upp frá austurenda Þórðarvíkur. Tóftin er á suðvesturhluta eyjarinnar, rúma 300 m suðvestur af bæjarhól 001. Tóftin er uppi á háum klettahól austanvert og ekki er vel ljóst hvort hóllinn hefur verið nefndur Hallsskáli/Hallarskáli eða tóftin. Allt er grasi gróðið í kring og bæði vestan, sunnan og austan við tóftina sjást leifar af meintum akurgerðum 074.



Hallarskáli SN-290:017. Á ljósmynd er horft til austurs



Tóft SN-290:017 og garðlag 040, horft til norðvesturs

Tóftin er einföld og mjög skýr, um 7 x 6 m stór N-S. Dyr snúa í suður, botninn er áberandi sléttur og láréttur. Veggirnir eru um 0,4-0,5 m háir, grasi grónir en þó líklega grjót í þeim. Hóllinn vestan við tóftina lítur út eins og rústahóll en þegar betur er að gáð reynist hann klettahóll og ekkert

er þar augljóslega manngert. Þó er ekki ósennilegt að hann hafi verið nýttur - t.a.m. er þar vestan til áberandi lægð á milli tveggja klettarauna sem hægt hefði verið að nota sem aðhald eða jafnvel refta yfir. Ólíklegt virðist að þetta sé bæjarrúst en hins vegar er lítil bæjarrúst skammt suðvestar (sjá 039) og önnur skammt norðaustar (sjá 041).

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Fagurey KE, 3; Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr. 201; Örnefnakort Fagurey 1976

SN-290:018 náma mógrafir

324239 520451

Lítill, nafnlaus tjörn er í nokkuð krappri laut á milli býla 041 og 045 á suðvesturhluta Fagureyjar. Frá tjörninni hallar landinu lítillega til suðausturs og eru akurgarðar 074 þar í hallanum. Svo virðist sem að jarðvegur hafi verið stunginn upp í jöðrum tjarnarinnar og bendir það til þess að þarna hafi verið mótekja. Eins kemur til greina að vatn hafi verið sótt í tjörnina fyrir annað eða bæði býlin.

Tjörnin er í þýfðu vallendi nærri norðvesturjaðri eyjarinnar.

Ummerki um grunnan niðurgröft eru í jöðrum tjarnarinnar, á svæði sem er um 20x16 m stórt og snýr austur-vestur.

Aðeins stendur vatn þar sem tjörnin er dýpst, í vesturhlutanum (ágúst 2022). Annarsstaðar er deiglent og að mestu gróið. Nokkuð afgerandi vik er inn í suðurbakka tjarnarinnar og ekki útilokað að þar hafi verið uppspretta og mögulega grafinn brunnur. Engin önnur ummerki sjást sem styðja það.

Hættumat: engin hætta




Mógröf SN-290:018 horft til norðurs

SN-290:019 tóft útihús

324590 520705

Í fornleifaskrá Ágúst Ól. Georgssonar frá 1985 er skráður kofi (nr. 223): "A-hluti eyjarinnar upp af s.k. Kríutanga. Lýsing: Innanmál um 5 x 4 x 0,3 - 0,5 m. Veggjaþykkt um 1 m. Dyr á miðjum V-gafli, um 1 m br." Stök tóft er í graslendinu tæpa 100 m vestur af suðurenda Stekkjar 062. Graslendi, mýrlent inn á milli með smáhólum.

Tóftin er á hæð sem er lítið eitt meiri um sig en hún sjálf, 10-12 m í þvermál og allt að rúmur 1 m á hæð, gæti verið uppsafnaður rústahóll að einhverju leyti. Hún er iðagræn og einföld,



Tóft SN-290:019. Á ljósmynd er horft til norðurs

um 8 x 7 m stór frá SV-NA, dyr austan til á SV-hlið. Veggir eru algrónir og ekki sér í grjót (h. 0,4 m).

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr. 223

SN-290:020 *Bryggjan* hleðsla lending 324525 520430

"Vestan hennar [Sandvíkur] er Vörin [101], beint niður af Innribænum [003]. Var þar hlaðin steinbryggja fram í fjöru og lent við hana um hálfallið. Hún var kölluð Bryggjan," segir í örnefnaskrá. Bryggjan er rúma 30 m SSA af bæjarhóli 001. Bryggjusporðurinn snýr í hásuður í átt að Enghólma. Bryggjan er byggð frá grónum sjávarbökkum fram í sendna grjótfjöru í sundinu milli Fagureyjar og Enghólma.



Bryggja SN-290:020 sést neðst á myndinni miðri, horft til norðurs

Í fornleifaskrá Ágústs Ól. Georgssonar frá 1985 segir: "Við Bæjarsund andspænis Enghólma. Lýsing: [...] Grjótbryggja, um 30 x 2 x 1 - 1,5 m. Er austanmegin í vörinni og í beinu framhaldi af nausti a). Lendingin er um 13 m breið og takmarkast af grjótruðningi að vestanverðu. Þetta var aðallendingin í Fagurey, a.m.k. síðustu árin, sem hún var í byggð." Í grein Ágústs Ól. Georgssonar um byggðaleifar í Fagurey segir: "Tvær bryggjur eru í Fagurey, báðar hlaðnar úr grjóti og í beinu framhaldi af nausti, hvor á sínum stað. Kallaðist önnur Bryggjan (46) og var lent við hana um hálfallið í Vörinni [021], sem var aðallendingin í eyjunni uppúr 1930. Bryggjan er um 30 m á lengd, 2 m á breidd og 1-1,5 m á hæð." Bryggjan er um 40 m löng og e.t.v. lengri en erfitt er að greina hversu langt hún hefur náð upp í bakkana fyrir gróðri auk þess sem hlaðin vör 021 tengist bryggjunni. Talsvert er hrunið úr hliðum og breiddin mældist um 3-4 m vegna þess. Hæð bryggju efst við sjávarbakkana er um 0.5 m og þar má greina 1 hleðsluumfar en við bryggjuendann er hæðin a.m.k. 1.5 m. Á vettvangi mátti greina 4-5 umför af grjóti fyrir þangi en áætlað eru þau allt að 7-8. Bryggjan er þannig byggð að stórt grjót er í hliðum og sennilega í neðstu röð en smærri grjót í miðju til uppfyllingar.


Hættumat: stórhætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Fagurey KE, 4; Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr. 243a-c; Ágúst Ól. Georgsson 1989, 12

SN-290:021 tóft naust

324518 520455

"Vestan hennar [Sandvíkur] er Vörin [101], beint niður af Innribænum. Var þar hlaðin steinbryggja [020] fram í fjöru og lent við hana um hálfallið. [...] Naustin voru uppi í bakkanum upp af bryggjunni. [...] Skip og stærri bátar voru geymd í Skipavík [022], en smærri bátar settir upp í Vörinni," segir í örnefnaskrá. Bryggjan 020 og naustið eru rétt rúma 20 m suður af bæjarhóli 001. Bryggjusporðurinn og op naustsins snúa í hásuður í átt að Enghólma. Um 1 m upp/norður af



Yfirlitsmynd af uppmældum minjum SN-290:020-021, 085-086 og 101. Á mynd til hægri er horft til SSA

Vörinni eru samanborið regluleg grjóthleðsla sem sennilega er undirstaða spils. Vörin er byggð inn í gróna sjávarbakka.

Í fornleifaskrá Ágústs Ól. Georgssonar frá 1985 segir: "Við Bæjarsund andspænis Enghólma. Lýsing: a) Naust, um 6 x 5 m, grafið inn í bakka. Grjótkantur hlaðinn fremst í því austanmegin. b) Naust [sjá 085], um 1,5 x 1,5 m. Fleyglaga, grafið inn í bakka, og er um 7 m vestan a)."

Naustið (sem kallað er a hér að framan) er sambyggt bryggju 020. Naustið hefur verið grafið inn í sjávarbakkann, er U-laga, en opið breikkar þó til suðurs. Bryggjumannvirki 020 er við austurhlið og myndar hana að hluta til en neðri hleðslur eiga að líkindum við sjálft naustið. Botn er gróinn, flatur eða aflíðandi fram á bakka. Mest dýpt ofan í naustið er um 0.7 m og grjót sést víða í veggjum eða hliðum. Naustið er um 6x5 m stórt, lengra í norður-suður. U.þ.b. 1 m norður/upp af naustinu er samanborið grjót sem virðist vera eitt umfar og myndar ferhyrning 2.5x1.5 m stóran, sennilega undirstöður undir spil.

Hættumat: stórhætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Fagurey KE, 4; Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr. 243a-c




Naust SN-290:021 horft til suðurs

SN-290:022 Skipavík kantur lending/bryggja

324370 520464

"Ljótir uppistandandi grjótklettur eru vestan við Kirkjuhleinarvík. Þeir heita Strípar. Vestan þeirra er Skipavík, nokkuð stór. Vestan til í miðri vík var naust uppi á bakkanum. Skip og stærri bátar voru geymd í Skipavík [sjá naust 023], en smærri bátar settir upp í Vörinni [101]," segir í örnefnaskrá. Tvær bryggjur voru í Fagurey, báðar á sunnanverðri eyjunni og um 150 m á milli (sjá einnig 020). Bryggjan í Skipavík var um 120 m vestan við bæ (001_02) en tæpum 40 m vestan við vesturenda heimtraðarinnar 016. Samkvæmt Ágústi Ól. Georgssyni var bryggjan ekki í notkun á síðasta skeiði búsetu í eyjunni (1932-36).



Yfirlitsmynd af uppmældum minjum SN-290:022-024.

Bryggjan gengur fram fjöruna og út í sjó, frá grasi grónum sjávarbakkanum norðar. Austan við víkina markar klettur hana af en lábarðar klappir eru fram af og til suðvesturs frá bryggjuleifunum. Milli þessara klappa hefur verið lent, við bryggjuna. Ágúst Ólafur Georgsson skráði bryggjuna fyrst 1985 og var hún nr 46 í skrá hans. Bryggjan er grjóthlaðin og liggur yfir sendna ströndina og út í sjó. Hún liggur í beinu framhaldi af vesturvegg nausts 023. Hún er hlaðin úr fremur stóru grjóti og er víða um 1-1,2 m á breidd en nokkuð hefur þó skolast til úr steinaröðinni á köflum og er hún því byrjuð að verða slitrótt. Hleðsluna má þó enn greina á 14 m



Leifar bryggju SN-290:022, horft til SSA

löngum kafla. Steinarnir eru stórir og aðeins sjást 1-2 umför.


Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Fagurey KE, 4; Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr. 212a-c, Nr. 46 í grein Ágúst Ól. Georgssonar 1989

SN-290:023 *Skipavík* tóftir naust

324370 520479

"Ljótir uppistandandi grjótklettar eru vestan við Kirkjuhleinarvík. Þeir heita Strípar. Vestan þeirra er Skipavík, nokkuð stór. Vestan til í miðri vík var naust uppi á bakkanum. Skip og stærri bátar voru geymd í Skipavík, en smærri bátar settir upp í Vörinni [101]," segir í örnefnaskrá. Naust var beint upp af bryggju 022. Naustið var um 133 m vestan við bæ 001_02 í sjávarbakknum. Naustið er vik ofan í gróinn sjávarbakkann á suðurströnd Fagureyjar.



Naust SN-290:023. Á ljósmynd er horft til suðurs

Naustið var fyrst skráð af Ágústi Ól Georgssyni 1985 og var nr. 15 í skrá hans og samkvæmt honum voru mannvirkin ekki í notkun á yngsta búsetuskeiði í eyjunni (1932-36). Á þessum stað eru mannvistarleifar á 12 x 10 m stóru svæði. Naustið sjálft er vik sem grafið hefur verið ofan í sjávarbakkann og hliðarnar hlaðnar upp en auk þess eru sambyggð tvö lítil hólfa að austan. Hér verður hverju rými gefinn bókstafur til aðgreiningar. Naustið A er vestast á svæðinu og langstærsta rýmið. Það er um 8 x 2,5 m að innanmáli en mjókkar inn í landið og er allra innst /nyrst um 1,6 m á breidd. Allra syðst (næst sjó) eru veigamiklar grjóthleðslur í hliðum naustsins (hæð mest 0,8 m) en þær verða lægri og umfangsminni eftir því sem nær dregur sjó. Fyrir naustið að norðan er haft eða kantur sem er 0,2 m á hæð. Fast austan við naustið er sigin tóft sambyggð og tvískipt (B og C). Tóftin er uppi á sjávarbakknum og er botn hennar um 0,8 m hærri en botn nautsins. Innanmál hólfs B er um 4 x 1,5 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin hefur verið opin til suðurs (að sjó) og norðurgafli er raunar líka fremur óverulegur. Rof er í sjávarbakkann beint framan við hólfið. Innri brún vesturveggjar (þeim sem er sambyggður nausti er ógreinileg. Austurveggur stendur betur og sér í grjóthleðslur í honum. Hann er mest 0,8 m á hæð. Austan við hólfa B er hólfa C, allra austast í tóftinni. Hólfa C sem er reyndar mjög óljóst og á mörkum þess að vera sannfærandi mannvirki. Hólfið er 3-4 x 1,3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Norðurhlið austurveggjar er alveg orðin ógreinileg og líklegast hefur hólfið verið alveg opið til suðurs, a.m.k. sést ekki veggheðsla þar. Veggir eru annars mest 0,4 m á hæð og 1 m á breidd og algrónir.


Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Fagurey KE, 4; Ágúst Ól. Georgsson 1989, 12, Nr. 15 í grein Ágúst 1989

SN-290:024 tóft fjós

324377 520482

"Ljótir uppistandandi grjótklettar eru vestan við Kirkjuhleinarvík. Þeir heita Strípar. Vestan þeirra er Skipavík [022], nokkuð stór. [...] Sumarfjós var upp af Skipavík," segir í ornefnaskrá. "Ég var kúasmali í Fagurey og bar ábyrgð á íbúum sumarfjóssins. Fjóshurðin var ekki á hjörum, heldur felld úr og í eins og hleri og hélzt aftur með spýtum og tittum sem stungið var með hurðinni í kengi á dyrastöfunum. Þetta hét "að titta" hurðina," segir í minningum Jóns Kristófers, Syndin er lævis og lípur. Tóft sumarfjóssins sést enn í Fagurey og er alveg fram á sjávarbakkanum á sunnanverðri eyjinni. Fjósið er fast austan við tóft 023 (og er aðeins gangvegur á milli) en tæpum 100 m vestan við bæ 001_02.



Sumarfjós SN-290:024. Á ljósmynd er horft til suðurs



Tóftir 290:023-24 og bryggja 022, horft til norðausturs

Sumarfjósið er á grónum sjávarbakkanum. Nokkuð deiglent svæði tekur við ofan við


(nordan við) tóftina. Suðvesturhorn tóftarinnar skagar út í fjöruna fyrir neðan og er líklegt að það muni brotna í atgangi sjávar á næstu árum. Meðfram N-, V- og S-veggjum er hlaðinn grjótbáلكur. Tóftin var fyrst skráð í fornleifaskrá Ágústs Ól. Georgssonar frá 1985 og er númer 16 í grein hans um skráninguna. Samkvæmt Ágústi var fjósið uppistandandi á árunum 1932 -1936. Tóftin er stæðileg og 7,5-8 m á kant. Inngangur er í tóftina á miðjum vesturvegg og veggir eru víða 0,7-0,8 m á hæð og í þeim má mest sjá 8 umför af grjóthleðslu. Veggirnir eru nokkuð þykkir eða allt að 1,5 m á breidd. Innandyr skiptist rýmið annars vegar í sjálft fjósið sem er 4,5 x 2 m að stærð og snýr norður-suður og hins vegar í lítið hólf eða afkima sem er 1,5 x 1,2 m að innanmáli beint til móts við inngang í fjósið í eins konar krók á veggnum. Samkvæmt Ágústi Ólafi var afkiminn holubás sem kálfar og jafnvel vanmeta folöld voru sett í. Ágúst getur um hlaðinn grjótbáلك medfram norður-suður og vesturveggjum (um 0,5 á breidd en hæð svipuð gólfi) sem hann taldi líklega garða en þegar tóftin var skráð í sumarlok 2022 var hún á kafi í grasi og umræddir garðar voru ógreinilegir.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Fagurey KE, 4-5; Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr. 213 og nr. 16 í grein Ágústs Ól. Georgssonar 1989.; Syndin er lævis og lipur 1984, 10-11


SN-290:025_01 *Hjallatangi* tóft hjallur 324282 520305

"Hjallatangavík er vestan Skipavíkur [022]. [...] Hjallatangi er nokkuð langur tangi vestan Hjallatangavíkur. Á honum mátti sjá mörg grjótbýrgi, leifar af gömlum hjöllum," segir í örnefnaskrá. Í Fornleifaskrá Stykkishólms frá 1985 eftir Ágúst Ól. Georgsson er minjum lýst á sjávarbakka á suðvestanverðum Hjallatanga, við Reyðarvík. eru það í aðalatriðum sömu minjar og voru skráðar þegar ný fornleifaskráning var unnin á Fagurey 2022 þó að lýsingin sé ekki samhljóða að öllu leyti.



Yfirlitsmynd af uppmældum minjum SN-290:025_01-06

Minjasvæðið er tæpum 300 m suðvestan við bæ 001, 23 m norðvestan við kúarétt 026 yst á Hjallatanga og fast suðaustan við garðlög sem tilheyra garðakerfi 074. Alls má greina sex mannvirki á svæði sem er 33x10 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hryggurinn sem minjarnar eru á er hæstur í norðvesturenda þar sem hann er 0,2-0,3 m á hæð. Ætla má að mannvistarleifar séu þar



Yfirlitsmynd af uppmældum minjum SN-290:025_01-02. Á mynd til hægri er horft til norðurs yfir svæðið

allsstaðar undir sverði og að það séu aðeins yngstu minjarnar sem sjást á yfirborði. Minjarnar eru í stórhættu af völdum landbrots

Grasi gróið er á minjasvæðinu. Frá því hallar til norðausturs og þar er þýft í slakka niður af minjum. Mikið er um lundaholur á Hjallatanga meðfram ströndinni. Lýsing á leifum hjallana hefst í suðausturenda minjasvæðisins, á grjóthlaðinni tóft 01 sem er öll hrunin og gróin en hægt er að greina innanmáli eins hóls sem er 2,5x2 m. Tóftin er 6,5x5,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki sést op á henni en það má ætla að það hafi verið sjávarmegin eða á suðvesturhlíð. Tóftin er 0,1-0,3 m á hæð, hæst í suðvesturenda, á sjávarbakkanum.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Fagurey KE, 5; Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr. 204a-g.

SN-290:025_02 tóft hjallur

324280 520309

Ummerki um hjallstóft 02 eru fast norðvestan við tóft 01. Þau eru heldur ógreinileg og sést þar aðeins jarðlæg grjótdreif sem er algróin. Hún er 0,1m á hæð, 7,5x3,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hvorki sést móta fyrir innanmáli né opi.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots




Hjallstóftin SN-290:025_02, horft til norðausturs

SN-290:025_03 tóft hjallur

324275 520314

Stór tvískipt, grjóthlaðin tóft 03 er á miðju minjasvæðinu. Hún er 10,5x5,5 m að stærð en nokkru breiðari í suðausturenda (6 m). Í skráningu Ágústs Ól. Georgssonar er tóftin skráð sem tvær sambyggðar tóftir. Norðvestara hólfið er 3,5x2 m að innanmáli en það skiptist óljóst í tvö minni rými, það norðvestara litlu stærra en það suðaustara. Hólfið í suðausturenda tóftar er 2,5x2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Norðaustan við það er mögulega lítið hólf þar sem tóftin



Tóftir SN-290: 025_03 og 04 á yfirlitsmynd til vinstri Á ljósmynd er horft til vesturs

er breiðust en þau ummerki kunna að hafa myndast við hrun úr veggjum. Allar hleðslur eru úr lagi gengnar og suðvestur-langveggur er við það að hrynja ofan í fjöruna. Veggir eru 0,4-0,5 m á hæð og innanmáls sjást 2-3 umför enn í hleðslum.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SN-290:025_04 tóft hjallur

324270 520320

Jarðlæg og gróin, grjóthlaðin tóft af hjalli er fast norðvestan við hjallstóft 03 og virðist vera undir henni að hluta. Það sem enn sést af henni er 6,5x3 m stór þúst sem er 0,1-0,2 m á hæð og snýr hún norðaustur-suðvestur. Vel getur verið að grjót hafi að miklu leyti verið rífið úr tóftinni til þess að nota í yngri hjalla en stærsta grjótið virðist þá hafa verið skilið eftir.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots




Hjallur SN-290:025_04, horft til suðvesturs

SN-290:025_05 tóft hjallur

324266 520325

Grjóthlaðin, einföld tóft 05 er norðvestarlega á minjasvæðinu. Hún er öll hrunin og hleðslur úr lagi gengnar. Tóftin er 5x4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Breitt op er á miðri suðvesturhlið hennar.



Yfirlitsmynd af uppmældum minjum SN-290:025_05-06. Á ljósmynd er tóft 05, horft til norðurs

Tóftin er önnur tveggja unglegra tófta á svæðinu og er vafalaust hlaðin ofan á eldri minjar þó að mörk þeirra sjáist ekki. Veggir eru 0,3-0,5 m á hæð, ekki sést fjöldi umfara í hleðslum. Sjá má nokkrar spýtur inni í tóftinni og í kringum hana en ekki er ljóst hvort þær hafi tilheyrt mannvirkinu þegar það var í notkun.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SN-290:025_06 þúst óþekkt hlutverk

324260 520324

Norðvestast á minjasvæðinu er jarðlægt grjót á allstóru svæði en mest ber á lágri, ólögulegri þúst sem er 7x4,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þústin er grasi gróin og er aðeins um 0,1 m á hæð. Innan hennar má mjög óljóst greina innanmál rýmis sem er 3,5x2,5 m að innanmáli.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots



Þúst SN-290:025_06, horft ASA

"Hjallatangavík er vestan Skipavíkur [022]. [...] Hjallatangi er nokkuð langur tangi vestan Hjallatangavíkur. Á honum mátti sjá mörg grjótbyrgi, leifar af gömlum hjöllum [025]. Þarna var einnig hlaðin rétt til að hafa kýrnar í á nóttunni," segir í örnefnaskrá. Í fornleifaskrá Stykkishólms eftir Ágúst Ól. Georgsson frá 1985 segir: "Yst, þ.e. syðst, á Hjallatanga. Lýsing: a) Kúarétt, hlaðin úr grjóti. Innanmál um 11 x 11 x 1 m. Veggjaþykkt um 1,2 m. Hlið, 1 m br. um 2 m. frá NV-horni.130 b) Um 5 - 6 m framan við réttina vestanverða eru nokkrir sokknir steinar, sennilega hjallsleifar [sjá 044]."



Rétt SN-290:026. Á ljósmynd er horft til SSV

Hjallatangi breiðir úr sér og er hæstur í suðausturenda þar sem kúaréttin er. Þar er hann fremur flatlendur og allur vel gróinn. Réttin er eitt stórt hól með dyraopi suðvestarlega á norðvesturhlið, snýr norðvestur-suðaustur. Búið er að útbúa fjárrétt inni í hlöðnu réttinni með vírneti og staurum. Réttin er 15,5 m löng (norðvestur-suðaustur) og 16 m breið í norðvesturenda en mjókkar lítillega til suðausturs og er 12,5 m breið í þeim enda. Hleðslur eru víða fallnar en standa lægst á norðvesturhlið. eru 1 m á hæð í dyraopi og þar sjást 6 umför. Grjótíð í réttinni er skófum vaxið, fremur kantað og af ýmsum stærðum en virðist stærst í hornum og í dyraopi. Landbrot ógnar réttinni, einkum í austurhorni. Óljóst og mun signara hólfr eða veggur úr eldra mannvirki er utan við réttina, við suðausturenda hennar. Það er 9,5x4,5 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur. Hleðslur þar eru útlattar, eru 0,2 m á hæð þar sem þær eru hæstar.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Fagurey KE, 5; Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr. 205a-b

SN-290:027_01 *Prestavör* renna lending

324320 520314

"Í Hjallatangavík, utan til á Hjallatanga er svolítill vör. Hún er kölluð Prestavör í lýsingu Ara. Ekki kannast Bergsveinn [Jónsson f. 10.03. 1899] við það nafn, en telur líklegt, að það muni rétt," segir í örnefnaskrá. Í grein Ágúst Ól. Georgssonar um byggðaleifar í Fagurey segir: "Óvíst er hvar s.k. Prestavör hefur verið sem talað er um í örnefnalýsingu." Tvær varir eru greinanlegar utan til á Hjallatanga í Hjallatangavík en ekki er ljóst hvor þeirra er Prestavör. Á milli varanna eru 12-18 m og eru þær 15 m norðaustan við hjalla 044, 35 m SSA við vör 092 og 250 m suðvestan við bæ 001.

Varirnar voru skoðaðar á vettvangi á hálfjöru en á loftmyndum Loftmynda ehf. sjást þær á fjöru. Varirnar eru í grýttri klapparfjöru. Ytri vörin 01 er greinilegri og breiðari en innri vörin 02. Hún er greinilega rudd en engar hleðslur meðfram rennuni sjást. Vörin er 2-3 m breið og af loftmynd virðist hún vera hátt í 30 m löng. Hún liggur ANA-VSV.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Fagurey KE, 5; Ágúst Ól. Georgsson 1989, 21



Prestavör SN-290:027_01, horft til norðausturs

SN-290:027_02 renna lending

324310 520322

Vör 02 er ekki eins greinileg og vör 01. Hún er rudd og sést sem mjó renna sem er 1-1,5 m breið. Ekki sjást hleðslur meðfram henni. Á loftmynd má sjá að vörin er um 30 m löng og liggur norðaustur-suðvestur.

Hættumat: engin hætta




Vör SN-290:027_02, horft til norðurs

SN-290:028_01 *Bessahjalli* þúst hjallur

324096 520210

"Þórðartangi heitir vestan hennar [Reyðarvíkur] - Í lýsingu Ara er getið Bessahjalls og virðist hann vera upp af Þórðartanga. Ekki kannast Bergsveinn við það nafn, en telur líklegt, að það sé rétt. Eru einmitt rústir af hjöllum [029] upp af Þórðartanga, og þar er nú hlaðin varða og var talin eyktarmark (nón). Bessahjallur mun hafa verið þar sem hún er [...]," segir í örnefnaskrá. Í fornleifaskrá Ágúst Ól. Georgssonar frá 1985 segir: "Höfði í sjó fram upp af s.k. Þórðartanga. Lýsing: a) Ferhyrnd grjóthruga, e.t.v. leifar hjalls? utanmál um 4-5 x 3 m. Hleðslur allar samantfallnar í eina grjótdreif. Kallast Bessahjallur.



Hjallur SN-290:028. Á ljósmynd er horft til suðurs



Hleðsla SN-290:028 fremst á mynd en hleðsla 029 er lengst til hægri. Horft til norðurs

b) Varða, hlaðin vestast á Bessahjalli. Var eyktamark (nón) frá bæ. C) Grjóthrúga, mikið sokkin í jörðu. Sennilega leifar hjalls/fiskbyrgis. Stendur yst á höfðanum." Bessahjallur/Nónvarða er allra vestast á Fagurey. Þar rís eyjan dálítið og eru klettur í sjó fram. Vel gróin klettahæð.

Í aðalatriðum er um að ræða tvær sokknar, samtengdar grjóthrúgur og er í þeim stóreflis grjót. Ekkert sérstakt hleðslulag sést á þessu en grjótið er áreiðanlega aðflutt. Alls er svæðið um 8 x 5 m stórt frá SV-NA en hvor hrúga um sig á bilinu 2-4 m í þvermál. Varðan (02) hefur verið hlaðin á vestari hrúgunni en hrúgaldið sem Ágúst Ólafur lýsir undir liðnum c) var ekki skráð sérstaklega. Hugsanlega er það annaðhvort hluti af því sem hér hefur verið lýst - t.d. má nefna að smávegis grjót dreif liggur út frá vesturhlutanum í sveig - eða horfið fram af bakkanum fast vestan við.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Fagurey KE, 5; Ágúst Ól. Georgsson 1989, 10; Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr.199a-c

SN-290:028_02 *Nónvarða* varða eyktamark


324094 520208

Nónvarða 02 er ekki há eða vel hlaðin varða, bara stóreflis hrúgald ofan á vesturhluta þess sem áður var lýst í 01. Grjótið í henni er dekkra en í undirstöðunum sem bendir væntanlega til að hún sé yngri. Hrúgaldið er um 2 m í þvermál og mest um 1 m hæð en sést vel heiman frá bæ, enda staðsett á hávaða á eyjunni.

SN-290:029 þúst hjallur

324178 520197

"Þórðartangi heitir vestan hennar [Reyðarvíkur] - Í lýsingu Ara er getið Bessahjalls [028] og virðist hann vera upp af Þórðartanga. [...] Eru einmitt rústir af hjöllum upp af Þórðartanga [...]," segir í örnefnaskrá. Í fornleifaskrá Ágúst Ól. Georgssonar frá 1985 eru skráð hjallar/fiskbyrgi og grjóthleðsla: "Syðst á s.k. Þórðartanga. Lýsing: a) Grjótbreiða, hleðslur samanfallnar og allsignar í jörðu. Utanmál um 9 x 8 m. Gæti verið eftir 4 - 5 hjalla/fiskbyrgi. b) Óljós grjóthleðsla, mjög sokkin, liggur um 3 - 4 m í NA upp frá sjávarbakka. Hugsanlega er hér ekki um neitt mannvirki að ræða heldur grjót, sem brimið hefur kastað á land." Í fornleifaskrá Ágúst Ól. Georgssonar frá 1985 segir: "Grjóthrúga, mikið sokkin í jörðu. Sennilega leifar hjalls/fiskbyrgis. Stendur yst á höfðanum." Minjarnar sem Ágúst lýsir er augljósar, syðst á Þórðartanga sem markar Þórðarvík/Reyðarvík til vesturs. Hún er um 80 m austur af Nónvörðu/Bessahjalli 028. Grýttur tangi en grasi vaxinn að ofan.



Hjallur SN-290:029. Á ljósmynd er horft til suðurs

Það sem Ágúst lýsir í tvennu lagi virðist í raun ein heild þótt mögulegt sé að það samanstandi af leifum fleiri hjalla. Þetta er jarðlæg og gróf grjótrúst og er grjótið víða mikið sokkið. Líkist að flestu leyti þúst 028-01. Hún er tvískipt; austar er aflangt hrúgald sem liggur N-S, alls um 10 x 4 m að stærð en ekkert lag á því. Til vesturs frá því nyrst gengur svo hrúgald til vesturs og því er allt fyrirbærið L-laga og lítur út fyrir að það hafi verið lagt þannig út. Alls er það um 9 x 9 m að stærð.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Fagurey KE, 5; Ágúst Ól. Georgsson 1989, 10; Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr.199a-c; Ágúst Ól. Georgsson 1985, 198a-b

SN-290:030 *Guddugjá* þjóðsaga tröll

324345 520749

"Beint norður af eyjunni er klettur, sem heitir Svartiklettur. [...] Rétt vestan hans liggur Guddugjá frá norðvestri til suðausturs. Þjóðsaga er um, að skessa, sem nefnd var Gudda hafi ætlað að stökkva norður yfir hana. Komst hún aðeins á barminn og þar stendur hún, enn í tvennu lagi, en hún mun hafa brotnað í fallinu," segir í örnefnaskrá. Líklega er hér átt við eins konar gjá eða sund sem myndast milli klettabeltis og lands og liggur A-V langs meðfram eyjunni norðanverðri á 80-100 m kafla um 120 m vestur af fjárhústóft 058. Klettur við sjó.



Guddugjá SN-290:030, horft til NNV

Til greina kemur að þröngt vik austan við þennan stað sé Guddugjá en á hvorugum staðnum er augljóst við hvað er átt með klettum sem líkjast skessu í tvennu lagi.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Fagurey KE, 5

SN-290:031 *Miðaftansbyrgi* tóft hjallur

324300 520585

"Miðaftann er á Miðaftansbyrgi en svo hét grjóftbyrgi norðvestur á eyjunni - rétt vestur af Lómatjörnu," segir í örnefnaskrá. Í örnefnasjá Landmælinga Íslands má sjá örnefnið Miðaftansvarða 60 m suðvestan við Miðaftansbyrgi en ætla má að um sama stað sé að ræða sem hefur fengið tvö nöfn. Byrgið líkist orðið stórrí vörðu eða þúst og ekki sást nein varða suðvestan við það, á þeim slóðum sem örnefnið Miðaftansvarða er sýnt. Miðaftansbyrgi/Miðaftansvarða er frammi á sjávarbakka upp af sendinni klapparfjöru á norðvesturjaðri Fagureyjar, um 200 m VNV við bæ 001.



Hjallur SN-290:031. Á ljósmynd er horft til NNA

Byrgið er á gróinni klöpp sem sést sjávarmegin við það en sjórinn brýtur talsvert af bakkanum á þessum stað og er byrgið í stórhættu af þeim sökum. Hátt og bratt er fram af bakkanum niður í fjöru, eða 1,5-2 m. Uppi á bakkanum er smáþýft, grösugt vallendi og vex kjarnmikill grasgróður á rústum byrgisins, ekki síst fyrir tilstuðlan áburðar af fuglaskít.

Tóft byrgisins sést sem afgerandi gróin þúst en hún er úr grjóti. Þústin er 4x3 m að stærð og fylgir stefnu sjávarbakkans norðaustur-suðvestur. Sjávarrof hefur líklega tekið um 1 m af rústinni sem er 0,7-0,8 m á hæð. Hún er flöt að ofan og ekki sést móta fyrir innanmáli.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SN-290:032 *Torfhólmi* heimild um rist

"Tveir hólmar, stórir, eru suður af Fagurey. Heitir sá vestari Enghólmi, en sá austari Torfhólmi. Í þessa hólma báða fjarar. Gengið er í Enghólma úr Vörinni [101] en í Torfhólma úr Sandvík. [...] Torfhólmi er heldur stærri en Enghólmi. Nokkuð stór slétta, kölluð Breið, er í honum beint á mótí Innribænum [003]. Var talið, að þar hefði verið rist torf, en Breiðin var öll gróin þegar Bergsveinn [Jónsson, f. 1899] man eftir," segir í örnefnaskrá. Torfhólmi er beint suður af bæjarhól 001 en sund á milli.

Hólminn eða eyjan er grasi vaxið og töluvert mýrlendur um miðbikið; þar eru nokkrar tjarnir. Þurrt er hins vegar á Breið; þar er rúst og garðlag 060. Ekki er vitað nákvæmlega hvar torf ætti að hafa verið rist á Breiðinni. Ekki sjást sérstök ummerki um rist en torfrista kann að hafa verið austarlega á hólmanum við sérkennilegar minjar 067.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Fagurey KE, 5

SN-290:033 garðlag vörslugarður

324306 520600

Sigið garðlag afmarkar allstórt svæði á sjávarbakka norðvestan við Lómatjörn á norðvestanverðri eyjunni. Garðurinn liggur að lítilli tjörn sem segja má að tengist Lómatjörn. Norðaustan við tjörnina sést garðurinn mjög óljóst þar sem hann fjarar út áður en hann nær að nátthaga 055. Garðurinn liggur um þýfðan, hálfdeigan móa nærri sjávarbakka.

Garðurinn afmarkar svæði sem er um 70x20 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur. Hann sést sem allbreiður hryggur frá sjávarbakka þar sem hann liggur til austurs á 17 m kafla en beygir þá til NNA og verður fljótt mjög ógreinilegur. Aftur sést hann mjög greinilega fast SSV við litla tjörn og er þessi hluti hans 63,5 m langur. Mesta hæð garðsins er 0,6 m. Hann er allur gróinn og sést hvergi grjót í honum. Ekki er ljóst til hvers garðurinn var hlaðinn en helst kemur til greina að hann hafi verið notaður sem vörslugarður fyrir sauðfé eða annan búsmala.



Garðlag SN-290:033, horft til austurs

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SN-290:034 *Bæjarsker* heimild um lögn

321973 518673

"Bæjarsker heita þrjú sker suðvestur af Þórðartanga í Fagurey. Þau eru u.þ.b. hálfá viku sjávar frá eyjunni. Við þau voru stundum lagðar selanætur á vorin. [...] Tvö skerin eru stærst og hafa engin sérnöfn. [...] Þriðja Bæjarskerið er beint í vestur frá hinum tveim. Það er aflangt og lægra en hin. Það er nefnt Lagnaðarsker," segir í örnefnaskrá. Í Örnefnasjá Landmælinga Íslands eru Bæjarsker merkt um 1,6 km suðvestan við Fagurey. Eitt þeirra er merkt með nafninu Langasker en er að öllum líkindum Lagnaðarsker sem lýst er í örnefnalýsingu hér að framan. Það sker er 3 km suðvestan við bæ 001 í Fagurey. Ekki var farið út í skerið þegar fornleifaskráning var unnin í Fagurey haustið 2022 og því ekki vitað hvort nokkrar minjar um selveiðar er þar að finna.

Heimildir: Ö-Fagurey KE, 7

SN-290:035 *Írekstarlögn* heimild um lögn 323084 526110

"Í norður frá Fagurey, u.þ.b. mitt á milli hennar og Bjarneyja, eru tvö sker, ógróin, sem heita Gassasker. [...] Þrjú sker, norður af því [Hnöttóttaskeri, því austara af Gassaskerjum], eru nefnd Lagnaðarsker ft.. Með fjöru var þurrt á milli Lagnaðarskerja og var þá stundum lagt fyrir vik, sem er að norðanverðu milli skerjanna. Lögn þessi heitir Írekstarlögn, en svo voru lagnir kallaðar, þar sem þrengt var að selnum og hann króaður af með nót. Til þess voru hafðar sterkari selanætur, nefndar írekstrarnætur," segir í örnefnaskrá.

"Í Gassaskerjum eru frá Fagurey veiddir veturgamlir vorkópar með írekstri, þ. e. nót er lögð fyrir vik eitt, er gengur inn í skerid, og selur sá, sem uppi liggur, rekin ofan í nótna. Þetta er aðeins gjört, þegar sjór er vel kyr, og tíðkað víðar á Breiðafirði," segir í grein um Fiskirannsóknir 1897 eftir Bjarna Sæmundsson. Lagnarsker er merkt inn á Örnefnasjá Landmælinga Íslands sem eitt Gassaskerja og er um 5,8 km norðan við bæ 001 í Fagurey. Ekki var farið út í skerid þegar fornleifaskráning var unnin í Fagurey 2022 og er því ekki vitað hvort einhverjar minjar um selveiði er þar að finna.

Heimildir: Ö-Fagurey KE, 7-8; Bjarni Sæmundsson 1898, 220; <https://ornefnasja.lmi.is/>

SN-290:036 *Hvíldarhólmi* heimild um áfangastað 329336 518255

"Þá á Fagurey fjóra hólma upp (suðaustur undir Hrappsey. [...]) Hvíldarhólmi er u.þ.b. 400-500 metrum sunnan Háhólma," segir í örnefnaskrá. Nafn Hvíldarhólma bendir til þess að þar hafi verið áfangastaður/áningarstaður en hólminn er 5,3 km suðaustur af bænum í Fagurey 001. Stuðst var við örnefnasjá Landmælinga Íslands við að staðsetja hólmann en ekki var farið í hann. Hann er stakur, aflangur og grasi vaxinn.

Ekki er vitað hvort nokkrar minjar séu í Hvíldarhólma eða hvernig landing við hann er.

Heimildir: Ö-Fagurey KE, 8; https://ornefnasja.lmi.is

SN-290:037 brunnur 324524 520497

Brunnur var fast austan við bæjarhólinn 001, rúmum 10 m austan við austurhlið Innribæjar 001_03. Hann er enn vel greinilegur um 35 m norðvestan við sjávarbakkann. Brunnurinn er neðan við bæjarhólinn á grasi grónu og þýfðu svæði.



Brunnur SN-290:037. Á mynd til vinstri er horft til vesturs en á mynd til hægri til norðausturs

Brunnurinn var fyrst skráður í fornleifaskrá Ágúst Ól. Georgssonar (þá númer 44) frá 1985. Brunnurinn virðist um 1,7 m í þvermál en er nú byrgður með spýtum og drasli til að koma í veg fyrir að fé falli í hann - en vatn er enn í brunninum. Hann er grjóthlaðinn að innan og 4-5 umför af hleðslu voru greinileg ofan við vatnsyfirborðið þegar brunnurinn var skráður í ágústlok 2022.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr.241a-c

SN-290:038 garðlag vörslugarður

324285 520549

Siginn og ógreinilegur garður liggur til suðausturs frá hjallstóft 052 í átt að tjörn sem er vestan við Naustabúðartún. Segja má að garðurinn stefni einnig á garð 051 sem virðist hafa afmarkað það tún að einhverju leyti. Líklegt er að þessir garðar hafi tengst en þau tengsl eru rofin. Smáþýft, grasgefið valllendi.

Garðurinn sést aðeins á 15 m löngum kafla en ekki er útilokað að tóft 052 sé hlaðin ofan á garðinn sem hefur þá náð fram á sjávarbakka. Hann er útflattur, 0,2 m á hæð og 2,5 m breiður.

Hættumat: engin hætta




Garðlag SN-290:038, horft til norðvesturs

SN-290:039 tóft býli

324158 520317

"Búðir eru þar byggðar ii og ii í eyði, önnur þeirra nýlega niðurfalín," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1702. Fjögur býli eru þekkt í Fagurey og eru það líklega þau sömu og nefnd eru í Jarðabókinni en ekki er hægt að segja með neinni vissu hvaða býli hafa verið í byggð um aldamótin 1700 og hver í eyði. Öll eru býlin á suðvesturhluta eyjarinnar og er hér skráð eitt þeirra en sjá einnig fornleif 041, 045 og 050.



Býli SN-290:039 úr lofti, horft til NNA

Í fornleifaskrá Ágúst Ól. Georgssonar frá 1985 eru skráð bæjarstæði og beðasléttur: "Upp af u.þ.b. miðri s.k. Þórðarvík (Reyðarvík). Lýsing: a) Mjög skýr og heilleg bæjarrúst. Dyr snúa í SA og framan við þær er byggt fordyri (A á teikn.), um 2 x 1 m og gengið inn í það frá NA. Framan við fordyrið er stétt úr grjóti um 2 x 0,8 m. Frá útidyrum er gangur um 6 x 0,5 m. Á vinstri hönd er herbergi (B) um 3 x 2 m og inn af því annað (C) um 2,5 x 2 m. Þá er herbergi (D) við gangenda, um 4 x 2,5 m, og loks eitt enn á hægri hönd (E) um 3,5 x 2 m. Hæð veggja í bæjarrústinni er um 1 m, en þykktin víða um 1,5 m. Þykkastur er austurveggur D eða um 3 m. b) Beðasléttur. Lágir torfgarðar um 20 - 40 x 1 x 0,3 m. Liggja upp frá sjó á vestanverðri eyjunni og norður yfir hana u.þ.b. hálfu eða meira, þ.e. frá austanverðri Hjallatangavík vestur að Þórðartanga. Nokkuð misjafnt bil er á milli garðanna, t.d. 4,6 eða 9 m. Á stöku stað virðist um þvergarða að ræða eða niðurgröft." Í neðanmálgrein við lýsinguna segir: "Kristinn B. Gíslason man eftir þessum beðasléttum, en þær eru eldri en vera hans í eyjunni (1932-1936)."



Býli SN-290:039. Á ljósmynd er horft til vesturs

Í grein sinni frá 1989 túlkar Ágúst garðana öðruvísi: "Merkileg garðlög eru á vestur- hluta Fagureyjar, eða frá austanverðri Hjallatangavík að Þórðartanga. Liggja þau upp frá sjó og vestur yfir eyjuna u.þ.b. hálfu, en sums staðar lengra. Þetta eru lágir torfgarðar, yfirleitt ekki nema 30 sm á hæð og 1 m á breidd. Lengdin er nokkuð mismunandi eftir kringum- stæðum, oft um 20-40 m. Óreglulegt bil er á milli garða, eða 3-9 m. Á stöku stað virðist um að ræða þvergarða eða niðurgröft. Fjöldi garðlaga er a.m.k. 20-30. Mikil óvissa ríkir um það, hvernig skýra beri torfgarðana, sem þó eru örugglega ekki beðasléttur eða verksummerki túnaslétta. Búnaðarskóli starfaði í Flatey á Breiðafirði 1857-1860, en á starfsárum hans hófust fyrst túnasléttur og aðrar jarðræktarframkvæmdir í Breiðafjarðareyjum, einkum í Flateyjarhreppi og nágrenni. Eingöngu var unnið með handverkfærum vegna skorts á hestum. Þar um slóðir komu þeir fyrst við sögu árið 1905 og aðeins í Hvallátrum og Svefneyjum. Ekki er unnt að tengja garðlögin í Fagurey fyrrgreindum jarðabótum né heldur þeim sem hófust fyrir áhrif Ólafsdalsskólans (1880-1907). Þar að auki var tún á nyrðri hluta eyjarinnar, en suðurendinn hafður fyrir kúabeit.

Hugsanleg skýring er að hér sé um að ræða skjólgarða fyrir akuryrkju. í því sambandi má minna á að árið 1703 var við lýði Akrabúð [076] eins og áður greinir. Svipaðir torfgarðar munu einnig vera í Akureyjum á Breiðafirði, og það fleiri en einni, og gæti það styrkt tilgátuna. [...] Mismunurinn er fólgin í smæð og legu torfgarðanna í Fagurey. Þeir mynda ekki aflokuð svæði, eins og annars staðar þekkist, heldur liggja í samsíða röðum þvert yfir eyjuna. Einmitt þetta gerir þá vafasama sem akurgirðingar. Að öllu samanlögðu virðist fremur ósennilegt að garðlögin séu menjar kornræktar, en það er auðvitað ekki útilokað." Hér er skráð meint bæjarrúst sú sem Ágúst lýsir. Hún er á vesturhluta Fagureyjar, vestan við garðlag sem liggur þvert yfir eyjuna frá norðri til suðurs. Beðaslétturarnar voru túlkaðar sem akurgerði við skráningu 2022, sjá 074. Slétt grund beint upp af miðri Þórðarvík.

Falleg bæjartóft um 20 m VSV við klettahólinn sem Hallsskáli stendur á, lágreist og grasi gróin. Hún er alls um 13 x 10 m stór frá austri til vesturs og hólfaskipan mjög skýr. Skiptist tóftin í fjögur hólf auk bæjarganga og þar að auki hugsanlegt að lítið anddyri hafi verið utanvert við innganginn sem er að sunnanverðu. Tóftin snýr með framhlið mót suðri, þar eru dyr og hefur verið komið inn í göng. Opnast þá strax dyr til beggja handa, til austurs og vesturs. Austan megin er hólf sem er um 4 x 1,5 m að innanmáli, frá norðri til suðurs. Það er algróið og lítið grjót sést. Til vesturs er svipað hólf en töluvert breiðara, þar sést grjót í vestanverðum vegg að innanverðu. Dyr eru úr því til norðurs inn í þriðja hólfid sem er um 3 x 1 m frá norðri til suðurs - þar er mikið grjót og líklegt að hólfid sé eitthvað niðurgrafið. Ef haldið er áfram inn í enda ganganna er komið inn í fjórða hólfid sem er aflangt en snýr þvert á hin eða frá austri til vesturs og er alls um 4,5 x 2 m að stærð. Í vesturenda þess er líkt og grjótstallur en hruninn og gróinn að hluta, e.t.v. hafa verið þar hlóðir. Utan við tóftina að sunnanverðu er smávegis þúst og hleðsluleifar sem Ágúst kallar fordyri þótt ekki sé það augljóst, enda ekki hægt að greina eiginlega vegg. Við austurendann á því er eitthvað sem Ágúst kallar "stétt" og þar vottar fyrir ógróinni hleðslu eða steinlögn. Ekki er hóll undir tóftinni eða annað sem bendir til margra byggingarstiga.

Heimildir: JÁM V, 355, Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr. 200a-b; Ágúst Ól. Georgsson 1989, 17-19

SN-290:040 garðlag vörslugarður

324211 520358

Í fornleifaskrá Ágúst Ól. Georgssonar frá 1985 eru skráð rúst og túngarður: "Sjávarbakki NV á eyjunni, upp af NA-viki Þórðarvíkur (Reyðarvíkur). Lýsing: a) Tóft, innanmál um 3,5 x 2,5 x 0,5 m. Veggjaþykkt um 1 m. Inngangur, 0,8 m br. á miðri SA-hlið. Óvíst hvort um húsrúst eða heytóft sé að ræða. b) Túngarður, h. og br. um 1 m, liggur SA frá fyrrgreindri rúst (a) í víðum boga niður að sjó og endar þar sem mætast Hjallatangi og Þórðarvík (Reyðarvík). ..Hlið, um 1 m br. er á garðinum um 1 m frá tóftinni (a) og annað 15 m neðar, einnig um 1 m br." Hér er skráður garðurinn sem Ágúst Ólafur lýsir. Hann liggur upp frá austanverðri Þórðarvík til norðurs og markar því B-hluta meints akurlendis til vesturs. Þetta er um 300 m vestur af bæjarhól 001. Þýft og grasi vaxið svæði í smáhalla mót suðri.

Garðurinn liggur í sveig upp frá austanverðri Þórðarvík, til norðurs 60-70 m upp að áberandi en vel grónum klettahól. Þar við garðsendann er tóft 017, Hallsskáli. Garðurinn er þykkur og mikill, allt að 2 m breiður og 0,5 m hár að vestanverðu en lægri að austan. Smárof er í hann um 20 m frá norðurenda, þar liggur gata í gegn og sér í grjót í garðgrunninum. Land lækkar heldur vestan garðs og þannig markar hann ákveðin skil í landið. Frá garðinum, 6-7 m sunnan við tóft 017, liggur gróinn kantur 083 til austurs frá garðinum en hann markar norðurenda meints akurlendis og er skráður með því.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ágúst Ól. Georgsson 1985, 201



Garðlag SN-290:040, horft til norðvesturs

"Búðir eru þar byggðar ii og ii í eyði, önnur þeirra nýlega niðurfalinn," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1702. Fjögur býli eru þekkt í Fagurey og eru það líklega þau sömu og nefnd eru í Jarðabókinni en ekki er hægt að segja með neinni vissu hvaða býli hafa verið í byggð um aldamótin 1700 og hver í eyði. Öll eru býlin á suðvesturhluta eyjarinnar og er hér skráð eitt þeirra en sjá einnig fornleif 039, 045 og 050. Í fornleifaskrá Stykkishólms eftir Ágúst Ól. Georgsson frá 1985 er skráð bæjarstæði: "Sjávarbakki NV á eyjunni upp af s.k. Hjallatanga [025]. Lýsing: Dyr, um 0,5 m br. eru á miðjum SA-vegg en þá tekur við gangur um 3,5 x 0,5 m. Á vinstri hönd er herbergi (A) um 2 x 2 m. og til hægri annað (B) um 2 x 2 m. Við gangenda er þriðja herbergið (C) um 3,5 x 2 m. Breidd dyra inn í herbergin er um 0,5 m. Hæð veggja í rústinni er um 1 m, en þykktin um 1,5 m. Við bæjarrústina sér fyrir beðasléttum.sbr. nr.200b [074]." Býlistóftin er miðsvæðis á suðvesturhluta Fagureyjar, þar sem hún mjókkar mikið. Beggja vegna við tóftina og neðan við hana eru greinilegir garðar sem taldir eru hafa afmarkað akurreinar 074. Ekki sjást önnur mannvirki í grennd við býlið sem ætla má að hafi tengst því en þó má sjá leifar af lágri hleðslu ofan og norðvestan við hana. Líklega er talið að hún tengist býlinu frekar en akurgerðum. Hvort mannvirki



Býli SN-290:041, yfirlitsmynd og ljósmynd tekin úr lofti, horft til suðvesturs

fær sérstaka umfjöllun undir einingunúmeri. Umhverfis býlið er smápýft og grasi gróið. Lundinn hefur grafið holur víða hér við ströndina en ekki í tóftina.



Býli SN-290:041_01. Á ljósmynd er horft til ASA

Þrískipt býlistóft 01 er nærri norðvesturjaðri eyjarinnar á fremur flatlendu svæði en svo hallar fram til suðausturs frá henni þar sem eru meint akurgerði. Tóftin er 8,5x8 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Bæjardyr eru á miðri suðausturhlið tóftarinnar og er gengið inn í stutt, samansigin göng, um 5 m löng og tæplega 1 m breið. Op eru úr göngum inn í hólf til beggja handa

og þau enda við stærsta hólfið sem ætla má að hafi verið baðstofa. Minni hólfin eru 1,5-2x2-2,5 m að innanmáli og snúa eins og tóft. Innsta hólfið er 4x2 m að innanmáli og snýr þvert á legu tóftar. Veggirnir eru hlaðnir úr torfi og grjóti. Norðausturgafli baðstofunnar stendur best og er um 1 m á hæð en víðast eru veggir 0,5 m á hæð. Tóftin er vel gróin og ekki sjást umför í hleðslum. Hún virðist allgömul en er ekki ævafor. Útflattur garður eða kantur 011 liggur til norðausturs frá norðurhorni tóftarinnar. Ekki sjást ummerki um önnur hús sem gætu hafa tilheyrð þessu býli og ekki sjást skýr ummerki um öskuhaug nærri tóftinni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: JÁM V, 355, Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr. 202


SN-290:041_02 hleðsla heygarður 324215 520405

Um 7 m norðvestan við tóft 01 er lág hleðsla sem er 5 m löng (norðaustur-suðvestur) og 2 m breið, mjókkar til beggja enda. Óljós kantur er í framhaldi af hleðslum til beggja átta og kemur helst til greina að þarna hafi verið heygarður eða heystæði. Svæðið er 20x7 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Mesta hæð hleðslunnar er 0,2-0,3 m en á henni eru tvær hundapúfur.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SN-290:042_01 Klakahús tóft naust 324273 520357

Í fornleifaskrá Stykkishólms eftir Ágúst Ól. Georgsson frá 1985 er skráð íshús: "Sjávarbakki við NV-verða Hjallatangavík. Lýsing: Innanmál um 7 x 3 x 1 m. Veggjaþykkt um 1,3 m. Dyr í NA-horni, eru um 1 m br. Rústin kallast Klakahús á örnefnakorti. Ís var sóttur á Lómatjörn og settur í það. Sigurður Skúlason skútuskipstjóri tók ís á skip sitt úr þessu húsi, en það var síðast í notkun veturinn 1931-1932." Í grein Ágúst Ól. Georgssonar um byggðaleifar í Fagurey segir: "Klakinn mun einkum hafa verið notaður til frystingar beitu á skakskútum, vafalaust af skipstjórunum Jóni og Skúla Skúlasonum. Jón bjó í Fagurey 1901-1926, en Skúli 1930-1932. Þeir voru báðir annalaðir aflamenn." Klakahúsið er að hluta til byggt ofan á eldri minjar og sjást leifar af nauststóft suðaustan við það. Hér eru því skráðar tvær minjar á sama stað, meint naust er eining númer 01 og Klakahúsið er eining númer 02. Samanlagt eru minjarnar á svæði sem er 21x9 m að stærð og snýr norður-suður. Þær eru 250 m suðvestan við bæ 001 og fast norðan við þær er gryfja 043 sem virðist hafa verið grafin til þess að safna í hana vatni. Þar hefur verið hægt að ná í ís í Klakahúsið þegar frysti. Minjarnar eru frammi á lágum sjávarbakka í austanverðri Hjallatangavík. Grasi gróid og smáþýft er í kringum þær og að mestu þurrt en deiglent er norðan við þær. Afliðandi halli er niður að minjunum úr norðvestri.



Naust SN-290:042_01-02. Á ljósmynd er horft til norðvesturs

Lýsingin hefst á meintu nausti 01 sem er suðaustan við Klakahús en tóft þess virðist byggð ofan á naustið að hluta. Mörkin milli tóftanna eru ekki mjög skýr og virðast eldri minjar vera undir öllu Klakahúsinu. Það sem sést af naustinu er tóft sem er 12x7 m að stærð og snýr ASA-VNV. Ekki er veggur á ASA-gafla sem vísar að sjó. Innri brún veggja er ekki afgerandi í VNV-enda tóftar. Veggir eru 0,6 m á hæð og algrónir en virðast hlaðnir úr torfi og grjóti. Óljós veggur liggur frá suðurhorni tóftar en mögulega er aðeins um náttúrlegan kant að ræða. Hann er 5,5 m langur, liggur úr NNV og sveigir til austurs. Ytri brún er 0,2-0,3 m á hæð.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr. 203; Örnefnakort Fagurey 1976; Ágúst Ól. Georgsson 1989, 20.

SN-290:042_02 *Klakahús tóft*

324272 520364

Í svörum við spurningalista Þjóðhátadeildar 5216/1981-3 segir heimildamaður (fæddur 1909) frá notkun á ís sem tekinn var í Fagurey, líklega úr Klakahúsinu (en skipstjóri á bátnum var Skúli Skúlason úr Fagurey): "Fiskiríð: Utgerðartíminn var fá 10-15 apríl til ágústloka. Miðin voru oftast á Breiðafirði, suðvestur af Skor á 40-60 fadma dýpi. Svo var farið suður fyrir Öndverðarnes, suður undir Hellna og þar til og frá, helst á vorin í norðan átt. Svo var fiskað fyrir Vestfjörðum og norður undir Hornbjarg. [...]. Við fengum oft frysta síld á Hellissandi, sem var fryst þar í íshúsinu. Þeir notuðu ís og salt til að frysta síldina, lögðu hana í pönnur. Ís fékk maður alltaf í Fagurey, sem var tekin á veturna og látin í torfkofa og þar geymdist hann fram í júlí eða ágúst. Maður sótti hann í land á skipsbátnum og bárum hann um borð í pokum. Svo var hann settur í stú í lestinni."

Tóft Klakahússins ber það með sér að vera ekki mjög gömul. Hún er einföld, 12x7,5 m að stærð og snýr NNA-SSV. Í ANA-horni er op en mögulega er aðeins um rof að ræða. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og sést vel á SSV gafla að grjót er í innra byrði veggja. Þar er veggurinn 0,5 m hár og sjást 3-4 umför í hleðslu. Hæð veggja utanmáls er 0,3-0,7 m. Tóftinni stafar mikil hætta af landbroti og lundaholum sem búið er að grafa víða í hana.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Aðalskrá Þjóðhættir 5216/1981-3



Tóft SN-290:042_02, horft til norðvesturs

SN-290:043 gryfja

324269 520385

Í fornleifaskrá Stykkishólms eftir Ágúst Ól. Georgsson frá 1985 segir: "Mógröf er nokkra metra NA íshússins [042_02] og önnur gæti verið skammt NV við." Líklegra er að niðurgröfturinn sem Ágúst skráir sem mógröf séu ummerki um að vatni hafi verið safnað í tjörn. Þegar vatnið lagði var hægt að nota ísinn í Klakahúsið 042_02. Niðurgröfturinn er fast norðan við Klakahúsið og er lágur hryggur sem skilur hann frá sjávarbakkanum í vestanverðri Hjallatangavík. Mýrlent er á þessu svæði og landi hallar niður að því úr norðvestri.



Gryfja SN-290:043. Á ljósmynd er horft til norðvesturs

Niðurgröfturinn eða tjörnin er 18,5x10 m stór og snýr NNA-SSV. Hún er víðast 0,3-0,4 m djúp og stendur grunnt vatn í henni ASA-verðri. Mögulega er hryggurinn sem skilur á milli tjarnar og sjávar upphlaðinn að einhverju leyti. Ummerki um frekari efnistöku og niðurgröft má sjá meðfram tjörninni að SSV- og VNV-verðu.


Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr. 203

SN-290:044_01 tóft hjallur

324305 520299

Í fornleifaskrá Stykkishólms eftir Ágúst Ól. Georgsson frá 1985 eru skráðir hjallar: "Yst á austanverðum Hjallatanga. Lýsing: a) Allskýr grjótrúst, innanmál um 3 x 2 m. Hleðslur allsokknar en eru þó sumstaðar 0,3-0,5 m. Veggjaþykkt um 1 m. Dyr líklega við NV-hornið, 0,5 m br. b) Leifar hjalls. Grjóthleðslur sokknar í jörðu. A-veggur um 3 x 1 m. N-veggur um 1 x 1 m. Stendur um 1 m. sunnan a). c) Hjalleifar, grjóthleðslur allsokknar. N-veggur um 3 x 1 m, A-veggur um 0,5 x 0,3 m. Stendur um 2-3 m. norðan a)." Þessar þrjár minjar sem Ágúst Ól. Georgsson skráði yst á austanverðum Hjallatanga eru fast norðan við kúarétt 026 en einnig eru óljósar leifar um þrjú mannvirki til viðbótar norðvestan við réttina. Samtals eru því sex mannvirki á þessu svæði sem hægt er að greina á yfirborði á svæði sem er 30x20 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur.



Yfirlitsmynd yfir mannvirki SN-290:044_01-06



Hjallur SN-290:044_01. Á ljósmynd er horft til norðurs

Frá minjunum hallar örlítið til norðvesturs þar sem tanginn er mjóstur. Tanginn hækkar og breikkar í suðausturenda. Mjög líklegt er að kúaréttin sé hlaðin úr grjóti sem hefur tilheyrt þeim

mannvirkjum sem hér eru skráð og einnig er líklegt að undir réttinni séu fleiri mannvirki sem ekki sjást lengur á yfirborði. Grasi gróid og smápýft er á tanganum og talsvert er um lundaholur meðfram ströndinni.

Lýsingin hefst á greinilegasta mannvirkinu sem er tvískipt tóft 01 (grjótrúst a hjá ÁÓG). Hún er norðaustast á svæðinu og fast sunnan við hana er mannvirki 03 en norðvestan við hana er mannvirki 02. Tóft 01 er hlaðin ofan á eldri minjar og sést lágur rústahóll undir henni og norðan við hana sem er um 9,5 m í þvermál og 0,3-0,4 m á hæð. Tóftin sjálf er grjóthlaðin og er 6x7 m að stærð. Stærri hólfid er í austurhluta tóftarinnar og er 3,5x2,5 m að innanmáli, snýr norður-suður. Minna hólf er syðst í vesturhluta tóftar en innanmálið í því sést ekki skýrt, virðist vera 1,5 m á kant. Ekki sjást skýr op inn í hólfen en líklegt er op hafi verið inn í stærri hólfid í suðvesturhorni og í minna hólfid í norðvesturhorni. Veggir eru skófum vaxnir og hleðslur eru mjög úr lagi gengnar en þó standa hleðslur að nokkru leyti á norðurgafli stærri hólfisins. Þar eru þær 0,6 m á hæð og sjást 3 umför. Annarsstaðar eru hleðslur 0,2-0,3 m á hæð. Minna hólfid er meira yfirgróid en það stærri.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr. 206a-c

SN-290:044_02 þúst óþekkt hlutverk

324300 520305

Greina má grjótdreif 02 í grassverði fast norðan og norðvestan við rústahólinn sem tóft 01 er á (líklega sama og rúst c hjá ÁÓG). Þústin er 10x5 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er 0,2-0,3 m á hæð en ekki er hægt að greina veggir eða innanmál hólfanna. Ekki er hægt að segja með vissu



Þúst SN-290:044_03. Á ljósmynd er horft til norðausturs


hvers konar mannvirki hefur verið á þessum stað en líklegast er að hér hafi verið hjallur.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SN-290:044_03 hleðsla hjallur

324307 520293

Fast sunnan við tóft 01 er jarðlæg grjóthleðsla sem er 1,5 m löng og 1 m breið, snýr norður-suður. Hleðslan er aðeins 0,1 m á hæð. Óljós grjótdreif er allt í kringum hleðsluna á svæði sem er 6x5 m



Hjallur SN-290:044_03. Á ljósmynd er horft til austurs

stórt og snýr austur-vestur en mjókkar nokkuð til suðurs.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SN-290:044_04 þúst óþekkt hlutverk

324297 520292

Algróin grjóþúst 04 er vestan við tóft 01 og hleðslu 03. Hún er 10x4 m að stærð og snýr austur-vestur. Mörk þústarinnar eru óljóst til austurs en 1 umfar grjóts sést í vesturenda og á suður-



Þúli SN-290:044_04. Á ljósmynd er horft til vesturs


langhlið. Þústin er 0,2 m á hæð. Ekki er ljóst um hvers konar mannvirki er hér að ræða en líklegt er að um leifar af hjalli sé að ræða.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

SN-290:044_05 tóft óþekkt hlutverk

324289 520289

Útflótt tóft 05 er fast vestan við þúst 04 og norðan við þúst 06. Hún virðist vera einföld og er aflöng, snýr austur-vestur. Tóftin er 9x4 m að stærð og veggir eru 0,2 á hæð. Hún er algróin en



Tóft SN-290:044_05. Á ljósmynd er horft til norðurs


stöku steinn stendur upp úr grassverði. Líklegt er að brotið hafi af henni í vesturenda sem nær fram á lágan sjávarbakka. Ekki sést op á tóftinni.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SN-290:044_06 þúst óþekkt hlutverk

324290 520284

Að lokum er gróin grjótpúst á sjávarbakkanum sunnan við tóft 05 og norðvestan við kúarétt 026. Þústin er 0,1 m á hæð, 8x3 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún virðist halda áfram undir réttina.




Þúst SN-290:044_06. Á ljósmynd er horft til suðausturs

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SN-290:045_01 tóft býli

324254 520494

"Búðir eru þar byggðar ii og ii í eyði, önnur þeirra nýlega niðurfalinn," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1702. Fjögur býli eru þekkt í Fagurey og eru það líklega þau sömu og nefnd eru í Jarðabókinni en ekki er hægt að segja með neinni vissu hvaða býli hafa verið í byggð um aldamótin 1700 og hver í eyði. Öll eru býlin á suðvesturhluta eyjarinnar og er hér skráð eitt þeirra en sjá einnig fornleif 039, 041 og 050. Í fornleifaskrá Ágústs Ól. Georgssonar frá 1985 eru skráð hjallur/fiskbyrgi og bæjarstæði: "Sjávarbakki NV á eyjunni upp af Hjallatangaavík. Lýsing: a) Hjallur/fiskbyrgi. Innanmál um 2 x 1,5 x 0,3 m. Veggjaþykkt um 1,5 m. Dyr, um 0,5 m br. við NV-



Uppmælingar á býli SN-290:045_01-03



Býlið SN-290:045_01. Á ljósmynd er horft til VSV

hornið. Úr grjóti. b) Bæjarrúst. Útidyr, um 0,5 m br. snúa í ASA, inn af þeim herbergi (A) um 4 x 2 m. Í SV-horninu eru dyr, 0,5 m br. inn í annað herbergi (B), um 5 x 2 m. Á því herbergi miðju eru aðrar dyr, 0,5 m br. inn í þriðja herbergið (C), sem er um 3 x 2 m. Veggjarhæð í rústinni er um 0,5

- 1 m. Þykkt innveggja er um 1 m en útveggja um 1,5 - 3 m." Túnið eða bæjarstæðið er á smáþýfðu flatlendi á norðvesturhluta eyjarinnar. Við taka hæðir og lægðir til suðausturs þar sem er talsvert stórþýfi.

Býlistóft

01er um 10x10 m að stærð og skiptist í þrjú hólf sem öll snúa norðvestur-suðaustur. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti en er mjög



Minjar um býli SN-290:045, horft til NNA

gróin og samansigin. Kann hún að vera önnur tveggja búða sem komin var í eyði snemma á 18. öld. sbr. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Svo virðist sem að bæjardyr hafi verið á miðri suðausturhlið en opið eða göngin eru mjög samansigin. Miðrymi tóftar er 4x1,5 m að innanmáli. Op eru úr því inn í hólf til norðausturs og suðvesturs. Hólfið í norðausturenda tóftar er 2,5x1 m að innanmáli. Í austurhorni er op inn í hólfið og tóftina en líklega er eingöngu um rof að ræða því meira sannfærandi bæjardyr eru á miðri suðausturhlið, líkt og fram er komið. Suðvestasta hólfið er stærst og virðist niðurgrafið um 0,5 m. Það er 3,5x2,5 m að innanmáli. Hæð veggja utanmáls er 0,2-0,5 m. Hvergi sést fjöldi umfara í hleðslum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr. 207a-b; JÁM V, 355

SN-290:045_02 tóft hjallur

324246 520494

Grjóthlaðin hjallstóft 02 er fast VNV við býlistóft 01, frammi á sjávarbakkanum. Tóftin er 8,5x5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Allar hleðslur eru hrundar en eru 0,2-0,3 m á hæð. Aðeins sést óljóst móta fyrir innanmáli í tóftinni sem virðist hafa verið einföld. Ekkert op sést á henni.




Tóft SN-290:044_05. Á ljósmynd er horft til suðurs

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SN-290:045_03 tóft útihús

324251 520480

Afar óljós tóft 03 er 4,5 m sunnan við býlistóft 01. Meint tóft er einföld, 6,5x5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er öll gengin í þúfur en talsvert af grjóti sést í þeim og á milli þeirra. Veggir eru



Tóft SN-290:045_03. Á ljósmynd er horft til suðvesturs


0,2-0,4 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

SN-290:045_04 þúst óþekkt hlutverk

324245 520483

Vestan við tóft 03 og sunnan við hjall 02 er talsverð grjótdreif í grunnri lægð sem hefur mögulega borist á land í sjógangi en líklegra er að þarna séu leifar af hleðslum eða öðrum mannvirkjum.



Þúst SN-290:045_04. Á ljósmynd er horft til suðvesturs

Svæðið sem um ræðir er 11x9 m að stærð og snýr NNA-SSV.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SN-290:046_01 tóft sjóbúð

324293 520437

Í fornleifaskrá Ágústs Ól. Georgssonar frá 1985 eru skráð tvískipt tóft (nr. 11 í skrá hans) sem talið var líklegt að væri sjóðbúð. Tóftin er upp af Hjallatangavík og tæpum 200 m vestan við bæ 001_02. Hún er tæpum 40 m VSV við naust 049. Akurreinar 074 ná fast að tóftinni.

Tóftin 01 er alveg frammi á sjávarbakkanum og hefur hann líklega brotið af henni og er raunar opið rof við suðurenda hennar. Sjávarbakkinn þar sem tóftin er, er um 2 m hærra en fjaran neðar. Auk tóftar er undir þessu númerið skráð óljós grjóthleðsla 02 þar skammt frá. Framgafi verið úr timbri. Sá eystri um 2 x 2 m. Dyr, um 0,5 m br. í SV-horninu. Hæð veggja um 0,5 - 0,7 m, veggjaþykkt um 1 m. Líkast til er hér um sjávarhús að ræða, enda landing í Skipavík skammt austan

við."

Tóft 01 er 7,3 x 4,7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er tvískipt og er vestara hólfið rúmlega 2 x 1 m að stærð en það austara tæplega 2 x 1,2 m að innanmáli. Veggir eru um 1,3



Tóft og hleðsla SN-290:046_01-02. Á ljósmynd er horft til vesturs

m á breidd en 0,5 m á hæð. Þegar Ágúst Ólafur skráði tóftina 1985 virðist hún hafa náð lengra til suðurs, að sjó. Má það bæði sjá af því að innanmál hólfaanna var meira samkvæmt mælingum hans (eða 3 m) en einnig á lýsingu á suðurhlíð tóftarinnar en í henni kemur fram að hann telur að timburgafl hafi verið á vestara hólfinu en að dyr hafi verið á suðvesturhorni vestara hólfsins. Báðir gaflar eru nú opnir til suðurs.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr. 208 og Nr. 11 í skrá Ágúst 1989.

SN-290:046_02 hleðsla óþekkt hlutverk

324297 520447

Einföld grjóthleðsla er í grassverði um 5 m norðan við sjóbúð 01. Hleðslan er um 5 m löng og 0,1 m á hæð en 0,3 m á breidd. Hún samanstendur einungis af einfaldri röð steina sem hafa þó greinilega verið hluti af einhvers konar mannvirki áður. Ekki er fullvíst að hleðslan tengist sjóbúð 01 en hún var þó skráð með henni sökum nálægðar við hana.

Hættumat: hætta, vegna landbrots




Hleðsla SN-290:046_2, horft til suðurs

SN-290:047 tóft hjallur

324302 520461

Grjóthlaðin hjallur er á sjávarbakkanum við austanverða Hjallatangavík og um 175 m vestan við bæ 001_002. Um 8 m eru frá tóftinni og fram á sjávarbakkann en tæpir 2 m eru á þessum stað frá bakkanum og niður í fjöru. Umhverfis er grasi gróin og þýfð slétta en austar lækkar land og þar tekur við deiglendi.



Tóft og hleðsla SN-290:047. Á ljósmynd er horft til NNV


Hjallurinn var fyrst skráður af Ágústi Ólafi Georgssyni 1985 og var númer 12 í skrá hans og samkvæmt honum var hjallurinn í notkun á árunum 1932 - 1936. Tóftin er í tvennu lagi og tengist ekki og eru hleðslur að norðan úr grjóti en að sunnan úr torfi og grjóti. Þó er helst eins og þetta sé hvort tveggja hluti af sömu byggingu. Samanlagt er tóftin 10 x 4,5 m stór og snýr NNV-SSA. Norðurhluti tóftar er u-laga og er hlaðinn úr grjóti. Veggir eru 0,7 m á hæð en um 1 m á breidd og sjást mest 4-5 umför af hleðslu. Innanmál þessa hluta er 2,5 x 2 m. Frá suðurendum norðurhluta er um 3 m eyða í tóftina en þá taka við veggir í beinu framhaldi sem mynda suðurhluta tóftar. Þessi hluti er úr torfi og grjóti og standa hleðslur ágætlega nema helst um miðbik austurveggjar sem er fremur óljós. Hluti vesturveggjar hefur einnig hrunið inn í tóft. Austan við austurvegg eru óljós ummerki. Í þeim sést timbur. Ekki er ólíklegt að þetta sé einfaldlega hrún úr tóftinni sem gróið hafi yfir. Hryggurinn er nú 0,8 m á breidd en 0,6 m á hæð. Ágúst Ólafur taldi að hjallurinn hefði verið grjóthjallur, með þremur rimlaveggjum, sem hefði verið breytur eða endurnýjaður.



Tóft SN-290:047, horft til norðvesturs

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr. 209a-b Nr. 12 í skrá Ágúst 1989.



Tóftir og garðlög SN-290:048_01-03 á yfirlitsteikningu til vinstri. Á ljósmynd er horft til vesturs

Tvær tóftir og garðlag eru á suðurströnd Fagureyjar, um 165 m vestan við bæ 001_02 upp af Hjallatangavík allra austast. Sjávarbakkir ofan Hjallatangavíkur og vestan bryggju 022. Umhverfis er grasi gróin og þýfð slétta en austar lækkar land og þar tekur við deiglendi. Tóftirnar eru í raun í eins konar horni á milli fjöru og deiglendis norðaustan við. Á þessum svæði eru tvær tóftir 01 og 02 og garðlag 03. Minjarnar eru ólíkar en tengjast án efa allar sjósókn á einn eða annann hátt en gætu verið frá mismunandi búsetuskeiðum, Tóft 01 er greinilegust en tóft 03 gæti verið minjar frá eldri byggingarskeiði sem yngri minjar hefðu þá verið byggðar ofan á.

Ágúst Ólafur Georgsson skráði fyrst tóftirnar 1985 og eru þær númer 13 í skrá hans. Í skráningu hans kemur fram að þær hafi verið fallnar á síðasta búsetuskeiði í eyjunni 1932-36. Tóft 01 er langskýrasta tóftin á svæðinu og án efa yngst. Hún er 5,7 x 4,7 m að stærð og snýr NNV-SSA. Tóftin er einföld og u-laga, opin til suðurs, að sjó. Innanmál tóftar er 3,5 x 1,7 m og grjóthleðslur sjást víða vel, mest 4-5 umför. Þar sem veggheðslur standa best (í vesturvegg) eru þær um 0,7 m á hæð en 1,2 m á breidd. Eitthvað af torfi hefur hrunið inn í tóftina. Norðurgafli tóftar er lægri (eða 0,4 m) heldur en austur- og vesturlagnveggir. Aðeins er hrunið úr veggjum ofan í fjöru og aflíðandi brekkar er frá henni og ofan í fjöru. Mögulegt er að bátar hafi verið settir upp á þessum stað en hæðarmunur frá tóftarbotni og niður í fjöru er þó talsverður eða 1,6 m. Smágrýtt og sendin fjara er fram af tóftinni.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr. 210a-c Nr. 13 í skrá Ágúst 1989.

SN-290:048_02 tóft óþekkt hlutverk

324323 520456

Tóft 02 er tæpum 3 m norðan við tóft 01. Tóftin er mun óljósari heldur en 02 og alveg úr torfi. Hún er um 6,5 m í þvermál og veggir hennar eru ágætlega skýrir þótt signir séu, austurveggur þó síst en hann er á kafla alveg óljós. Tóftin virðist einföld en inni í henni er þó svolítill þúfnakragi í miðri tóft og allra nyrst er einnig svolítill grjóthleðsla sem gæti hafa skipt tóftinni upp. Op virðist hafa verið sunnarlega á vesturvegg. Þessi ummerki eru þó of óljós til að um þau sé hægt að fullyrða. Tóftin er mest 0.7 m á hæð en veggir 1,5 m á breidd.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr. 210a-c Nr. 13 í skrá Ágúst 1989.



Tóft SN-290:046_02. Á ljósmynd er horft til austurs

SN-290:048_03 garðlag óþekkt hlutverk

324323 520456

Garðlag 03 er óljóst og sigið. Það er L-laga og fyrst merkjanlegt um 1 m austan við tóft 01, frammi á sjávarbakkanum. Það liggur í um 6 m til NNV samsíða austurhlíð 01 en beygir þá í um 90° til VNV og liggur í 5 m að tóft 02 (hverfur innan við 1 m frá tóft). Garðlagið virðist eldra en 01 og hugsanlegt er að það sé samtíma tóft 02. Engar grjóthleðslur sjást í því en það er 0,5 m á hæð en 1-1,8 m á breidd. Garðlagið myndar eins konar gang eða hólfið við 02. Líklegt er að aðeins hafi brotnað af suðurenda þess í sjó.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr. 210a-c Nr. 13 í skrá Ágúst 1989.




Garðlag/hleðsla SN-290:048_03, horft til austurs

SN-290:049_01 renna naust

324332 520459

Naust er um 157 m vestan við bæ 001_01 á suðurströnd Fagureyjar. Naustið er á milli Skipavíkur og Hjallatangavíkur, eða vestast í Skipavík og austast í Hjallatangavík. Svæðið var fyrst skráð af Ágústi Ólafi Georgssyni 1985 og er númer 14 í skrá hans.



Tóft og niðurgröftur SN-290:049_01-03. Á ljósmynd er horft til austurs

Lábarðir klettur skipta fjörunni framan við svæðið í tvennt á fjöru. Lendingin er vestan við klettana en lágur klappir eru einnig fram af henni vestan landingarinnar. Að öðru leyti er fjaran sendin á þessum slóðum. Naustið er þar sem land lækkar til austurs (og verður deiglendara) en vestar er grasi gróin og þýfð slétta nokkuð hærra frá sjó. Naust, innanmál um 12 x 4 m. A-veggur mikið til hlaðinn úr grjóti, en nokkur hluti hans myndast af lágum hól. Hóll myndar einnig verulegan part af V-vegg, en á stöku stað sér fyrir grjóthleðslum. Líklegt er að naustið sé að einhverju leiti niðurgrafið. N-veggurinn er óskýrastur og virðist að mestu úr torfi. b) Grjóthrúga um 3 x 2 m, allsokkin í jörðu. Hugsanlega rúst hjalls/fiskbyrgis. Stundur á hól, sem myndar hluta af A-vegg naustsins..” Í neðanmálsgrein við lýsingu naustsins segir: "Ekki í notkun á árunum 1932-1936 segir Kristinn B. Gíslason, Stykkishólmi."

Naust 01 er mjög greinilegt í sjávarbakkann a.m.k. allra syðst. Það er 7,5 x 4 m að innanmáli. Austurhlið þess er þráðbein alla leið niður í fjöru og endar í svolitlum boga um sjávarbakkann en þúst 03 er þar á bakkanum. Vesturhliðin er minna afgerandi en þó vel greinileg. Naustið er því stungið niður í sjávarbakkann. Allra syðst eru um 0,8 m frá botni naustsins og upp á sjávarbakkann að austanverðu en 1,2 m að vestanverðu og er botninn nokkuð sléttur. Úr hæðinni dregur eftir því sem norðar fer. Naustið er um 4 m breitt syðst og í austurhliðinni sést góð grjóthleðsla 0,7 m á hæð, 2-3 umför.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr. 211a-b, Nr. 14 í skrá Ágúst 1989.

SN-290:049_02 tóft óþekkt hlutverk
Tóft 02 er fast norðan við eða upp af nausti
01. Hún er 6,5 x 5 m stór og snýr austur-
vestur. Tóftin er fremur ólöguleg, einföld
og op virðist vera á norðvesturhorni hennar
þar sem tóftin er óskýrust. Tóftin er algróin
og engar grjóthleðslur sjást í henni. Veggir
eru 1-1,6 m á breidd en 0,6 m á hæð.
Hlutverk tóftar hefur án efa tengst sjósókn.
Hættumat: hætta, vegna landbrots

324327 520463



Tóft SN-290:049_02, horft til ANA


SN-290:049_03 þúst óþekkt hlutverk
Þúst eða rústahóll 03 er fast austan við
naust 01. Þústin er 2-3 m í þvermál og
um 0,4 m á hæð. Ekki er að sjá neitt
innra birgði á hólnum en þó er vik inn í
hann að sunnan, hugsanlega vegna
landbrots. Líklegt má telja að ummerkin
sáu mannaverk en ekkert er hægt að
segja með vissu um hlutverk þess.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

324335 520457




Þúst SN-290:049_03, horft til suðvesturs

SN-290:050 *Naustabúðartún* tóft útihús/býli? 324365 520495
"Búðir eru þar byggðar ii og ii í eyði, önnur þeirra nýlega niðurfalinn," segir í Jarðabók Árna
Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1702. Fjögur býli eru þekkt í Fagurey og eru það líklega þau sömu
og nefnd eru í Jarðabókinni en ekki er hægt að segja með neinni vissu hvaða býli hafa verið í byggð
um aldamótin 1700 og hver í eyði. Öll eru býlin á suðvesturhluta eyjarinnar og er hér talið líklegt
að um eitt þeirra gæti verið að ræða en sjá einnig fornleif 039, 041, og 045. Tóft sem skiptist í 3-4
hólf er 14 m norðan við sjávarbakkann á suðurströnd Fagureyjar rúmum 100 m vestan við bæ
001_02. Tóftin var fyrst skráð af Ágústi Ól. Georgssyni árið 1985 og er hún númer 17 í skrá hans.
Taldi Ágúst líklegast að tóftin væri af útihúsi í skráningu hans kemur fram að á því skeiði sem síðast
var búið í eyjunni voru aðeins rústir á þessum stað og þær því löngu fallnar úr notkun. Hugsanlegt
er að þarna hafi verið lítið býli, Naustabúð þótt útlit tótanna útiloki ekki að þarna hafi verið útihús.
Tóftin er byggð fast suðvestan við gerði 072 og virðist yngri en það. Líklegast er að rústir sem getið
er í örnefnaskrá á þessum slóðum vísi á umræddan stað: "Innar á eyjunni (þ.e. nær bæjunum [en
Hallarskáli 017]) er Naustabúdatún. Á því sést fyrir rústum," segir í örnefnaskrá.
Gerði 072 er byggt út í mýri og tóftin sem hér er skráð er á mörkum þess að vera á mýrarsvæði og
er mýri allt í kring. Lítil tjörn er um 40-50 m NNV við tóftina.



Tóft SN-290:050 og gerði 072, uppmælingar



Tóft SN-290:050. Á ljósmynd er horft til norðurs

Tóftin er 14 x 9 m stór og snýr norðaustur-sudvestur. Hún er algróin og sér hvergi í grjóthleðslur. Veggir eru víða 1-1,5 m á breidd og 0,8 m á hæð. Segja má að tóftin skiptist í tvö aðalhólf, austurhólf og vesturhólf en segja má að bæði hólf skiptist í tvö rými. Vestara hólfid er L-laga. Sudurhluti þess er 3.3 x 2 m að stærð (og snýr austur-vestur) en nyrðri hlutinn er 3-4 x 2 m og snýr norður suður. Op er bæði á miðjum suðurvegg og á norðurvegg. Hugsanlega er einnig op á milli austur- og vesturhólfs en það er þá orðið mjög óskýrt. Segja má að austara hólfid sé einnig L-laga þótt það sé óskýrara, um 3,5 m á kant. Op er á hólfid bæði á suður- og norðurvegg. Að auki virðist óljósara hólf eða dæld vera sunnarlega í tóftinni á milli austur- og vestur hólfs. Það er um 2 m á kant en er grunnt (0,2 m á dýpt).

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: JÁM V, 355, Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr. 214a-f Nr. 17 í skrá Ágústs 1989, Ö-Fagurey KE, 3

SN-290:051 garðlag vörslugarður

324333 520535

Garðlag liggur til norðvesturs frá tóftum 050 og 072 við Skipavík við sunnanverða Fagurey og langleiðina yfir eyjuna. Garðlagið var fyrst skráð af Ágústi Ólafi Georgssyni 1985 og er það númer 18 í skrá hans en í henni kemur það fram að garðurinn var ekki frá yngsta búsetuskeiði í Fagurey. Garðurinn sést fyrst tæpum 10 m norðvestan við tóft 050 en hugsanlegt er að hann hafi náð lengra til suðausturs áður þótt hann sé ekki merkjanlegur þar lengur. Garðurinn er um 120 m vestan við bæ 001_02. Hann liggur yfir frá rústum í Naustabúðartúni og langleiðina norður yfir eyjuna. Garðurinn liggur í suðurjaðri mýrar.



Garðlag SN-290:051. Á mynd til vinstri er horft til norðurs en til NNV á mynd til hægri

Garðurinn er fyrst merkjanlegur um 10 m norðvestan við tóft 050 en hann gæti hafa ná lengra til suðausturs þótt ekki sé það merkjanlegt lengur. Hann liggur svo í um 50 m til norðvesturs áður en hann verður ógreinilegur við litla tjörn sem þar er. Út frá garðinum ganga tveir garðar sem hér eru skráðir undir sama númeri. Sá nyrðri gengur frá suðvesturhlið hans og í 10 m til SSV áður en hann beygir í hartnær 90° og heldur svo áfram í 30 m til norðvesturs áður en hann verður alveg ógreinilegur en þó er hugsanlegt að hann hafi áður náð alla leið að norðurströnd Fagureyjar, sjá fornleifar 052 og 096. Syðri garðurinn gengur frá aðalgarðlaginu til NNA í um 9 m áður en hann beygir í hartnær 90° og liggur í 3-4 m til norðvesturs áður en hann fjarðar út. Þar sem garðlagið stendur best er það allt að 0,8 m á hæð en hann var víða 2-3 m á breidd. Ekki er ljóst hvaða tilgangi garðlagið gegndi. Það er helst til of langt frá bæ til að vera sannfærandi túngarður um heimatúid en það gæti hafa verið vörslugarður af einhverri tegund.


Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr. 215 Nr. 18 í skrá Ágústs 1989.

SN-290:052 tóft hjallur

324280 520553

Í fornleifaskrá Stykkishólms eftir Ágústi Ól. Georgsson frá 1985 er skráður hjallur/fiskbyrgi í Fagurey: "Sjávarbakki norðantil á eyjunni. Lýsing: Grjótdreif, um 7 x 3-4 m að utanmáli. Hleðslur sokknar í jörðu. Ekki unnt að greina lögun og stærð. Virðist vera mjög gamlar rústir." Tóft þessi er frammi á lágum sjávarbakka á miðri norðvesturströnd eyjarinnar. Garður 038 sést fast suðaustan við tóftina og virðist hann hafa tengst garði 051 sem liggur þvert yfir eyjuna og skilur miðhlutann frá suðvesturhluta eyjarinnar.



Tóft SN-290:052. Á ljósmynd er horft til austurs

Smáþýft vallendi er á sjávarbakkanum. Hálfgróið er neðan bakkans og í fjörunni eru klappir. Meint hjallstóft er grjóthlaðin en mjög sigin og illgreinileg. Hún skiptist í tvo hluta sem virðast sambyggðir. Norðaustari hlutinn er 8,5x4 mað stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Suðvestari hlutinn er um helmingi styttri en norðaustari hlutinn, 4,5x3,5 m að stærð og snýr eins. Ekki sést veggur á norðvesturgafli þess hluta og innanmálið er 3x2 m. Í norðaustari hlutanum hefur einnig verið op á norðvesturgafli en það sést ekki lengur. Óljóst má greina innanmál tveggja hólfa en mögulega er aðeins um eitt langt hólf að ræða sem ekki sést lengur skýrt vegna hruns. Tóftin er alveg frammi á sjávarbakkanum og virðist hafa brotnað lítillega framan af henni. Ekki stendur steinn yfir steini í hleðslum sem eru 0,1 m á hæð. Veggir eru 1-1,5 m á breidd. Ekki er útilokað að meintur hjallur hafi verið hlaðinn ofan á garð 038.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots


Heimildir: Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr. 216

SN-290:053 tóft óþekkt hlutverk

324323 520577

Í fornleifaskrá Stykkishólms eftir Ágúst Ól. Georgsson frá 1985 er skráður mögulegur kofi í Fagurey: "Þýft mýrlendi norðantil á eyjunni, skammt vestan Lómatjarnar. Lýsing: Innanmál um 3 x 3 x 0,3 m. Veggjaþykkt um 1 m. Rústin er nokkuð bogadregin að austanverðu. Dyr, um 1 m br.í SV-horninu. Rústin er eldri en síðustu búskaparár hér." Einföld tóft er litlu suðvestan við Lómatjörn, 20 m suðaustan við Miðmundabyrgi og 175 m VNV við bæ 001.

Tóftin er í stórþýfðu vallendi á mörkum deiglendis í kringum tjörnina og þurrara svæðis til SSV. Tóftin er 5,5x5 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Op er inn í hana í SSA horni. Hún er vel gróin, farin að ganga í þúfur og síga saman. Hvergi sést í grjót í hleðslum og virðist tóftin að



Tóft SN-290:053. Á ljósmynd er horft til norðvesturs

mestu torfhlaðin. Veggir eru 0,7 m á hæð þar sem þeir standa best og eru 1-2 m á þykkt, þykkastir á norðvesturhlíð. Ekkert er vitað um hlutverk tóftarinnar.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr. 217

SN-290:054 garðlag túngarður

324369 520550

Garðlag liggur frá gerði 056 og til suðurs yfir mýrina neðan við bæ 001 og langleiðina að garði 051. Garðurinn var fyrst skráður af Ágústi Ólafi Georgssyni 1985 og er númer 21 í skrá hans. Garðurinn liggur að mestu yfir deiglenda mýri.



Garðlag SN-290:054. Á mynd til vinstri er horft til NNA en til hægri er horft til norðurs

Garðlagið er óljóst og horfið í deiglendi á köflum. Það er samtals hægt að rekja það á 110 m löngum kafla en í því eru sem fyrr segir eyður. Það má rekja á 35 m kafla frá gerði 056 áður en það hverfur í mýrina á 30 m kafla. Síðan má aftur rekja það í sömu stefnu á tæplega 50 m kafla. Þá eru um 17 m að garðlagi 052 en ekki er hægt að sjá garðlagið á þessum síðustu metrum að fyrrnefnda garðinum. Garðurinn er að talsverðu leyti hlaupinn í þúfur, a.m.k. á köflum. Hann er frá 0,8 m og yfir í 2 m á breidd og 0,3 m á hæð og er torfhlaðinn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr. 218a-b og Nr. 21 í skrá Ágúst 1989

SN-290:055 *Nátthagi* garðlag nátthagi

324374 520643

Á norðausturhluta Fagureyjar eru nokkur garðlög og tóftir og kallast svæðið Nátthagi. Frá gerði 056 liggur garðlag til vesturs að sjávarbökkum yfir þýft svæði. Ógreinilegt er hvort þetta garðlag sé til staðar meðfram sjónum og þá hvort þetta garðlag hafi tengst garðlagi 096 sem er norðaustar eða garðlagi 033 sem er nokkru suðvestar. Svæðið norðan við garðlagið 055 kallast Nátthagi á örnefnakorti. Þýft og gróið svæði.

Í fornleifaskrá Ágúst Ól. Georgssonar frá 1985 eru skráðir nátthagi og mögulegur kofi: "Lág hæð NA-til á eyjunni. Lýsing: a) Afgirt svæði, sem takmarkast fjárhúsrústum nr.220 frá NA til SA, en tveimur torfgörðum að SV og N. Syðri garðurinn [hér númer 055] er um 70 x 2 x 1 m og nær frá SV-horni 220a



Nátthagi SN-290:055, horft eftir garðlaginu og frá tóft 056a til vesturs.

niður að fjöru. Nyrðri garðurinn er um 84 x 1-1,5 x 1 m og nær frá NV-horni 220c allt að sjó og liggur þar meðfram A-barmi lítillar vikur. Hlið, um 0,5 m br. er á garðinum við austanverðan vikurendann. Um 53 m austar er annað hlið, 2 - 3 m br. Eitt hlið enn, um 1,5 m br. er svo um 20 m austar. b) Kofarúst), innanmál um 3 x 2 m. Líkist niðurgreftri. Er við innanverðan eystri garðinn u.þ.b. miðja vegu milli sjávar og fjárhúsanna (nr.220) [056]. Svæði þetta er kallað Nátthagi á örnefnakorti." Garðlagið er um 73 m langt, snýr austur-vestur og liggur frá suðvesturhorni tóftar [056_022] beint í vestur að sjó. Garðurinn er eldri en en aðrar minjar þarna í kring, talsvert siginn, um 2 m breiður og hleðslurnar um 0.4 m háar, grjót sést í hleðslum hér og hvar.


Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr. 219a-b; Örnefnakort Fagurey 1976

SN-290:056 tóftir/gerði fjárhús

324424 520660

Norðvestantil á Fagurey er svæði er kallast Nátthagi og þar eru sambyggð garðlög 055, 096 og tóftir. Í fornleifaskrá Ágúst Ól. Georgssonar frá 1985 eru þarna skráð fjárhús og garðbrot. Sennilega er þarna kálgarður líka. Þýft og gróið svæði.



Gerði SN-290:056

Hér eru skráð saman sambyggð gerði og hólfi, samtals 20 x 34 m að stærð. Samtals eru hólfin og garðlögin sex (A-F) af ýmsum stærðum og gerðum. Gerðin eru einkum byggð úr torfi en grjót sést þó sumstaðar hleðslum einkum í mannvirki C. Hleðsluhæð er allt að 1 m. Öll snúa þessi mannvirki eins, í suðvestur-norðaustur. Mannvirkin rjúfa langt garðlag 096 norðaustast á þessu tóftasvæði. Ágúst Ólafur Georgsson lýsti tóftunum í skráningu sinni árið 1985 undir númerinu 23. Allra syðst er tóft A sem er byggð upp við garðlag 055 sem liggur í sveig frá suðvesturhorni til vesturs og annað garðlag 054 liggur beint til suðurs frá því. Hólf A er ferhyrnt og 9,5 x 5 m stórt. Ekki er greinilegt op á því en það kann að hafa verið í suðvesturhorni áður. Veggjaþykkt um 1 m. Garður, um 6 m langur garður liggur frá norðausturgafli og í 6 m til NNA, langleiðina að næsta gerði (B-C). Hugsanlegt er að gerðið sé eldra. Gerði B-C-D skiptist í 3 hólfi. Hólf B er stærst vesturs og annað garðlag 054 liggur beint til suðurs frá því.



Tóftir/gerði SN-290:056, horft til vesturs

Hólf A er ferhyrnt og 9,5 x 5 m stórt. Ekki er greinilegt op á því en það kann að hafa verið í suðvesturhorni áður. Veggjaþykkt um 1 m. Garður, um 6 m langur garður liggur frá norðausturgafli og í 6 m til NNA, langleiðina að næsta gerði (B-C). Hugsanlegt er að gerðið sé eldra. Gerði B-C-D skiptist í 3 hólf. Hólf B er stærst og er allra austast. Það er 12,6 x 6 m að innanmáli og veggjaþykkt um 1 m. Inngangur á útvegg er í suðausturhorni en einnig yfir í hólf D og hólf C. Hólf C er um 9 x 7 m stórt og eru veggir um 1 m á þykkt. Op er í það norðarlega á austurvegg (úr hólf B) en einnig á útvegg norðaustarlega. Hólf D er



SN-290:056, mynd tekin frá tóft c. horft yfir garðlag tóft Tóft SN-290:052. Horft til suðvesturs

suðaustast í tóftinni. Það er lítið eða um 3 m á kant og op er norðan við miðjan suðausturvegg. Veggjaþykkt um 1 m. Fast norðan við þessi hólf og sambyggt þeim að norðanverðu er hólf E. Það er um 4 x 3.8 m að stærð og veggjaþykkt er um 1 m. Op er á vesturvegg þess miðjum en frá norðurvegg liggur garðlag F í 8 m til norðvesturs, mögulega aðrekstrargarður. Tóft E var fjárhús en samkvæmt heimildamanni Ágústs Ólafs sáust þær tóftir einar um 1932.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr. 220a-f

SN-290:057 garðlag óþekkt hlutverk

324598 520554

Óljóst garðlag liggur frá hlöðutóft 090 og í sveig til austurs og suðausturs í átt að fjárhústóft 087. Grasi vaxið svæði.

Garðurinn er gróskulaus, liggur í sveig og hægt að rekja hann á upp undir 40 m löngum kafla. Hann er fremur óreglulegur að gerð og lögun og fjarar út til beggja átta. Garðurinn er rúmlega 1 m breiður og 0,3-0,4 m hár að jafnaði, grjót sést ekki í honum. Ekki er augljóst hvaða tengingu hann hefur við garðlög og tóftir í kring en ekki útilokað að hann tilheyri eldra byggingarstigi.

Hættumat: engin hætta




Garðlag SN-290:057, horft til suðausturs

SN-290:058 tóft fjárhús

324490 520729

Í fornleifaskrá Ágúst Ól. Georgssonar frá 1985 eru skráð fjárhús, hlaða og túngarður: "NA-horn eyjarinnar. Lýsing: a) Fjárhús, um 9 x 4 x 1,5 m. Veggþykkt um 1 m. Dyr eru í NA-horni, um 1 m br. Framarlega í húsinu er gróin þústa, etv. Leifar garða. Innangengt var um 1 m br.gat í áfasta hlöðu aftan við. B) Hlaða, sambyggð fjárhúsinu. Innanmál um 4 x 2 x 1,5 m. C) Túngarður úr torfi, hæð um 0,5 m og þykktin álíka. Er um 6 m. SA fjárhúsa nr.222a og liggur frá sjó suðvestur eyjuna og sameinast þar garði nr.221 [057]" Þessi tóft er skráð sér en garðurinn er undir öðru númer (sjá 093) og er raunar ekki túngarður. Tóftin er nyrst á Fagurey, tæpa 200 m beint norður af bæjarhól 001.

Á holti sem rís yfir mýrarnar í kring - þessi hluti Fagureyjar er ansi mýrlendur.



Tóft SN-290:058. Á ljósmynd er horft til suðurs

Tóftin, sem er augljóslega af fjárhúsi, er í halla mót norðaustri. Hún er einföld, snýr nokkurn veginn norður-suður, dyraop er á langhlið rétt við NV-horn. Stærð er alls um 15 x 5 m en hlöðukoppur er í suðvesturenda og hefur verið hólfaður af með vegg - hann tekur yfir rétt tæpan þriðjung af heildarlengd tóftarinnar. Mikið er af heillegum grjóthleðslum í veggjum en talsvert rof vegna kinda sem leita sér skjóls. Garði er ekki augljós en gróin þústa er í miðju framantil sem gætu


verið garðaleifar.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr. 222a-c

SN-290:059_01 þúst óþekkt hlutverk 324304 520449

Þúst og garðlag (01 og 02) eru á suðurbakka Fagureyjar um 180 m vestan við bæ 001_02 og fast (um 2 m sunnan við) hjall 047. Minjarnar voru fyrst skráðar af Ágústi Ólafi Georgssyni 1985 og voru númer 12 í skrá hans.



Umhverfis er grasi gróin og þýfð slétta en austar lækkar land og þar tekur við deiglendi. Minjarnar ná yfir svæði sem er 11 x 6 m stórt og snýr austur-vestur. Á því er skráð þúst 01 og garðlag 02. Þúst 01 er í raun eins konar stallur eða upphækkun. Hugsanlegt er að sjór hafi brotið eitthvað af þústinni í sjó. Þústin er 5,5 x 3,5 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Fast norðaustan við hana er enn óljósari hryggur eða upphækkun á svæði sem er 3,5x2,7 m stórt. Ekki er hægt að sjá tóftarlag á þústinni en hún er 0,3 m hærrí en umhverfið og líklegt verður að teljast að þar leynist mannvistarleifar undir sverði.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr. 209a-b Nr. 12 í skrá Ágúst 1989.

SN-290:059_02 garðlag óþekkt hlutverk 324309

520453Garðlag 02 er óverulegt og er merkjanlegt um 1 m norðaustan við norðausturhorn þústar og má rekja það í um 6 m til norðausturs áður en það verður óljóst. Það er um 1 m á breidd en 0,3 m á hæð og er grasi gróið. Ekki er vitað hvaða hlutverki garðlagið gegndi.


Hættumat: stórhætta, vegna landbrots



SN-290:060_01 Breið garðlag vörslugarður



Breið í Torfhólma SN-290:060_01-03 er neðst á myndinni til hægri, horft til norðausturs



Minjar SN-290:060_01-03.

"Tveir hólmar, stórir, eru suður af Fagurey. Heitir sá vestari Enghólmi, en sá austari Torfhólmi. Í þessa hólma báða fjarar. Gengið er í Enghólma úr Vörinni [101] en í Torfhólma úr Sandvík. [...] Torfhólmi er heldur stærri en Enghólmi. Nokkuð stór slétta, kölluð Breið, er í honum beint á mótí Innribænum [003]. Var talið, að þar hefði verið rist torf, en Breiðin var öll gróin þegar Bergsveinn [Jónsson, f. 1899] man eftir," segir í örnefnaskrá. Í fornleifaskrá Ágústs Ól. Georgssonar frá 1985 er skráð garðlag: "Torfhólmi, vesturhorn hans, s.k. Breið. Lýsing: Garðlag, h. Um 0,5 m, þ. Um 1 m. Undirstaða úr grjóti en annars úr torfi. Girðir af vestasta horn Torfhólma, s.k. Breiðu, frá eystri hlutanum. Hlið er syðst á garðinum, br. Um 1m.

Sennilega hefur Breiðan verið slegin, en hinn partur hólmanes beitarland. Garðlag þetta er eldra en síðustu búskaparár í eyjunni." Breiðin er nyrst og vestast í Torfhólma, sem er sá eystri af tveimur hólum sunnan við Fagurey. Staðurinn blasir ágætlega við séð frá bæjarhól 001. Grösugt vallendi er innan garðs en utan hans er mun þýðara.

Svæðið er alls um 80 x 45 m stórt frá NV-SA. Garðlag er umhverfis á tvo vegu og ein rúst innan þess (060_02) en auk þess skráðar mögulegar rákir inni í gerðinu sem minna á akurreinar í vesturhluta Fagureyjar (060-3). Hér er lýst garðlaginu. Það afmarkar svæði sem er rúmlega 60 x 35 m stórt. Garðurinn er mjög greinilegur, Hann er mikill um sig og fremur fornlegur, afmarkar svæðið að sunnan og austan en sjávarbakkar eru á hinar hliðarnar - lágir klettur að vestanverðu. Syðst og vestast liggur garðurinn frá bröttum sjávarbakka til austurs um 5 m en þá er á honum rof, líklega hlið. Þar sést greinilegt grjót úr garðinum eða undirstöðum hans í sári. Miklar lundaholur eru þarna í garðendanum og sömuleiðis sunnan við hann. Þar er raunar hóll sem lítur við fyrstu sýn út eins og rústahóll en við nánari skoðun sést að jarðvegur er afar þunnur ofan á klöpp og sundurgrafinn af lunda, sem skýrir bæði grænku og áferð. Hann liggur í smáhlykk til austurs en sveigir svo í norður. Víðast hvar er hann um 1,5 m breiður og mest rúmlega 1 m hár. Víða sér í grjót meðfram hliðum. Garðurinn er víða nokkuð úr lagi genginn, sem sést á hlykkjum og smá útúrdúrum sem þó eru ekki sérstök mannvirki. Meðfram garðinum að austanverðu utanvert eru víða litlir algrónir klettahólar sem virðast við fyrstu sýn geta verið mannvirki en svo er ekki. Þó er ekki útilokað að lítil rétt hafi verið hlaðin við hann austanvert allra nyrst, þar er líkt og hvilft sem gæti hafa þjónað sem aðhald, um 9 m löng og 2-3 m breiðl



Garðlag SN-290:060_01, horfi til suðvesturs

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Fagurey KE, 5; Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr. 224

Í fornleifaskrá Ágústs Ól. Georgssonar frá 1985 segir: "Torfhólmi, vestasti hluti hans, s.k. Breið. Lýsing: Innanmál um 2 x 2 x 0,5 m. Veggjaþykkt um 0,5 m. Dyr, br. 1 m, snúa í NV. S- veggur um 2 m lengri en N-veggur og myndast þess vegna stuttur gangur innan við dyrnar. Líklega er þetta undirstaða hænsnakofa úr timbri, frá byrjum 20. aldar." Tóft er innan gerðisins, líklega hænsnakofi sá sem Ágúst Ólafur talar um. Hún er norðarlega á svæðinu, skammt innan við austurhlíð garðsins miðja. Tóftin er lítil um sig og lágrest, rúmlega 4 x 3 m að stærð. Dyr snúa í norðvestur en þar er líkt og fordyri sem myndar eins konar krók á tóftinni. Veggir eru afar litlir um sig og lágrestir, ekki nema 0,3 m breiðir og ámóta háir. Ekki sér í grjóti í þeim.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Fagurey KE, 6; Ágúst Ól. Georgsson 1989, nr. 226



Tóft SN-290:060_02, horft til suðausturs

SN-290:060_03 þúst akur

324776 520359

Innan gerðis um Breið má sjá votta fyrir rákum sem liggja frá SA-NV og virðast ná yfir hér um bil allt svæðið innan garðs. Rákir þessar sjást aðallega á loftmynd frá Loftmyndum ehf. Þar virðist mega sjá 7-8 garðlög sem liggja samhliða með misjöfnu millibili en þó oft á bilinu 4-5 m. Á jörðu niðri er þetta illa greinanlegt, sérstaklega þegar kafagras er á staðnum, en þó var reynt að rekja eitt slíkt garðlag innan gerðis, sbr. uppmælingu. Mynstrinu sem garðlögin mynda má líkja við það sem sést á meintar akurreinar á suðvesturhluta Fagureyjar. Alls er svæðið um 60 x 35 m stórt en hver og einn garður varla nema 0,1-0,2 m hár og ámóta breiður.

Hættumat: engin hættu




Þúst SN-290:060_03, horft til norðurs

SN-290:061 þúst óþekkt hlutverk

324990 520329

Í fornleifaskrá Ágústs Ól. Georgssonar frá 1985 var skráður kofi í Torfhólma (nr. 28) en í



Púst SN-290:061. Á ljósmynd er horft til norðvesturs

skráningunni segir: "Torfhólmi, hóll nálægt sjó á A-hluta hólmanum". Gengið var um allan Torfhólma í skráningunni 2022 og var talið líklegast að skráningin ætti við svæði sem er um 200 m austan við Breiðuna (sjá 060) en um 520 m austan við bæ 001.

Gengið var um Torfhólma án þess að leifar af sannferandi tóft kæmu í leitirnar. Líklegast var þó talið að lýsingin ætti við fagurgræna hólhnútu sem er nokkuð afgerandi í hólmanum og óljós mannaverk við norðvesturhlíð hennar. Á þessum stað virðist mega greina mannaverk þó vart sé hægt að tala um tóft. Samkvæmt Ágústi var kofinn líklega að mestu úr timbri en engar timburleifar eru nú á þessum slóðum. Þarna virðist hafa verið stungið niður á kafla (um 0,7 m dýpra en umhverfið) og grjót verið dregið saman á einum stað (það er um 0,7 m í þvermál og 0,2 m á hæð - 7 steinar). Samtals ná ummerkin yfir svæði sem er 10 x 15 m stórt.


Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr. 225, Nr. 28 í skrá Ágústs 1989.

SN-290:062_01 Stekkur garðlag túngarður

324686 520680

"Innst á henni er hæð, sem heitir Stekkur og Stekkjartún neðan (sunnan) hennar. Á Stekknum byggði faðir Bergsveins fjárhús með heytóft við," segir í örnefnaskrá. Í grein Ágústs Ól. Georgssonar um byggðaleifar í Fagurey segir: "Nr. 30 er byggt á s.k. Stekk skömmu eftir 1900, en uppúr 1932 var bætt við öðrum húsum og hlöðu."



Stekkur SN-290:062_01-05.

Í fornleifaskrá Ágústs Ól. Georgssonar frá 1985 segir: "Tá á SA-hluta eyjarinnar við s.k. Stekkjarvík. Lýsing: a) Tvenn sambyggð fjárhús, hvort um sig álíka stórt eða um 10 x 5 x 1 - 1,5 m. Veggjaþykkt um 1,5 m. Hlaðinn garði úr grjóti gengur eftir þeim miðjum um 10 x 1 x 1 m. Dyr eru sitt hvoru megin við hvorn garða, br. Um 1 - 2 m. Beint aftan við garðana er inngangur í sambyggða hlöðu, br. Um 1 m. Hefur verið hægt að taka hey beint úr hlöðu á garðana. B) Hlaða, að baki fjárhúsum og áföst þeim. Innanmál um 12 x 4 x 1 - 1,5 m. Veggjaþykkt um 1,5 m. Dyr, um 1 m br. Á miðjum SA-gaflí. C) Tvö sambyggð hús, sem sléttað hefur verið úr. Innanmál þess nyrðra um 4 x 3 x 0,1 - 0,2 m, en syðra um 2 x 2 x 0,1 - 0,2 m. Veggjaþykkt um 1 - 1,5 m. Dyr, um 1 m br. Á SV- gaflí. Rústin stendur á sjávarbakka um 1 m að hlöðubaki. Gæti verið um eldri fjárhús að ræða.



Garðlag og tóftir SN-290:062. Á mynd til vinstri er horft til norðurs en til NNV á mynd til hægri

D) Túngarður, h. Um 0,5 m, br. Um 1 m. Girðir af tána, sem a-c standa á og gott betur. Hlið er á garðinum til SV u.þ.b. Á miðri þeirri hlið.

Annað fjárhúsanna var byggt á árunum 1932-1936 og voru bæði í notkun á því tímabili ásamt hlöðunni." Á norðausturhluta Fagureyjar er fjárhústóft og fornlegur garður utan um. Þetta er svokallaður Stekkur sem síðar voru reist fjárhús á. Þetta er rúma 230 m norðaustur af bæjarhól 001.

Vel gróið valllendi, rís aðeins upp til norðausturs svo að fjárhústóftin er á dálitilli hæð. Þrjár tóftir eru innan garðsins, hér merktar 02, 03 og 04 og auk þess svæði sem ber þess merki að hafa verið sléttað, hér nr. 05. Alls er svæðið um 80 x 70 m stórt frá norðri til suðurs. Hér er lýst garðinum, en hann markar svæðið að sunnan og vestan - hinar hliðarnar afmarkast af sjávarbakka. Garðurinn er fornlegri en tóftirnar og tilheyrir greinilega eldra byggingarstigi, væntanlega stekknun. Hann liggur í sveig með svæðinu á tvær hliðar. Á nokkrum stöðum liggja fjárgötur í gegnum hann og mynda rof en ekki fyllilega ljóst hvar inngangur hefur verið. Garðurinn er fremur siginn og hugsanlega torfhlaðinn en hvergi sér í grjót. Mest er hann um 0,8 m hár en víðast hvar þó lægri.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Fagurey KE, 3; Ágúst Ól. Georgsson 1989, 17; Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr. 227a-d

SN-290:062_02 tóft fjárhús

324743 520700

Stór fjárhústóft er nyrst innan garðsins. Hún er sunnan í hól austarlega á svæðinu. Tvö sambyggð garðahús, snúa í norður og suður, opin til suðurs og hefur þar verið timburgafl. Sameiginleg hlaða er norðan við sem snýr þvert á húsin. Alls eru byggingarnar 17 x 13 m að stærð frá norðri til suðurs - hvort garðahús um 10 x 3 m að innanmáli hlaðan og hlaðan sömuleiðis. Ekki er augljóslega opið



Fjárhús SN-290:062_02. Á ljósmynd er horft til suðurs

úr hlöðu inn í krær þó dálítið skarð sé í þvervegginn við endann á vestari garðanum. Dyr eru annars á hlöðunni til austurs. Torf og grjót er í veggjum og tóftin svo heilleg að næsta víst er að hún hafi verið notuð fram eftir 20. öld. Þó er ekki augljóst byggingarefni á borð við timbur og járn í henni.

Hættumat: engin hætta

SN-290:062_03 tóft óþekkt hlutverk

324745 520711

Önnur tóft er 3-4 m norðan við fjárhústóftina 062_02. Þetta er óljós kofatóft, vesturveggur skýrastur en hitt mjög óljóst, þó eins og krókur útrá til austurs - alls svæði sem er um 7 x 3 m N-S. Fast vestan við þennan vegg er gróin hvilft sem mögulega gætu verið mannvirkjaleifar. Það svæði



Tóft SN-290:062_03. Á ljósmynd er horft til austurs

nær alveg fram á gróna sjávarhamra. Ekki er óhugsandi að þetta tilheyri eldra byggingarstigi á staðnum, mögulega hinum nafngreinda Stekk.


Hættumat: engin hættu

SN-290:062_04 tóft útihús

324731 520718

Þriðja tóftin er á sjávarbakkanum rúma 10 m norðvestur af fjárhústóftinni (062-2). Þetta er óljós kofatóft, mjög sigin (h. 0,2 m), er fast á sjávarbakkanum sem þarna er nokkuð klettóttur. Þetta minnir nokkuð á gamla verbúðartótt en þess ber að geta að mjög grýtt fjara er neðan við og ólíkleg landing þar. Ekki sjást dyr á tóftinni sem er um 3 x 2 m stór A-V.

Hættumat: engin hættu



Tóft SN-290:062_04

SN-290:062_05 þúst tún

324726 520670

Syðst á svæðinu er sérkennileg, slétt ræma sem liggur frá austurenda túngarðs 062_01 og í átt upp að suðurhluta fjárhússtöftar 062_02. Þessi ræma ber þess merki að hafa verið sléttuð með mann- eða hestafla en annars er þýft innan garðs. Hún er alls um 30 x 6 m frá norðri til suðurs, breiðust nyrst en mjókkar niður til suðurs. Ef horft er á loftmynd virðist sem önnur svipuð slétta sé fast við þessa að vestanverðu, ámóta stór. Þessi ummerki minna nokkuð á meinta akra á vesturhluta Fagureyjar en gætu þó verið mun yngri.

Hættumat: engin hættu




Tún SN-290:062_05, horft til norðurs

SN-290:063 tóft fjárhús

324649 520518

Í minjaskrá sinni lýsir Ágúst Ólafur Georgsson byggingum sem hann kallar nr. 229 a-h. Hér á eftir fá þær sérnúmer. Allar þessar byggingar eru á sama svæði og sambyggðar sama garðlagi (095 - en líka 096)) á SA-hluta Fagureyjar um 80-100 m austur af bæjarhól 001. Þar má sjá garðlag, tvönn fjárhús, þrjá kálgarða og hlöðutóft - og hugsanlega fleiri tóftir. Hér er skráð fjárhústóft sú sem er syðst og austast. Um hana segir Ágúst: a) Fjárhús, innanmál um 6 x 4 x 1,2 - 1,5 m. Veggjaþykkt



Yfirlitsmynd yfir uppmælingar SN-290:057, 063, 088, 090, 092 og 095.



Fjárhústóft SN-290:063. Á ljósmynd er horft til suðurs

um 1,2 m. Grjótgarði, um 5 x 1 x 1 m., skiptir húsinu í tvennt. Dyr, um 1 m br. Nál. SV-horni og snúa í vestur. [Hér neðanmáls: "Þessi fjárhús voru notuð lítills háttar á árunum 1932-1936 segir Kristinn B. Gíslason."] Tóftin er enn greinileg. Grasi gróid svæði, sjávarbakki skammt sunnan við og klettur fram af austast.

Tóftin er af einföldum, litlum garðafjárhúsum. Garðlag 095 myndar austurgafliinn en húsin eru reist út frá honum til suðvesturs. Húsin snúa með dyr í suðvestur og gengur ógróinn grjóthlaðinn garði frá þeim inn að austurgafli. Alls er tóftin m 7 x 6 m að utanmáli frá norðaustri til suðvesturs, mjög heilleg og er veggjahæð allt að 0,7 m. Engin hlaða er tengd þessari tóft.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr. 229a-h

SN-290:064 tóft útihús

324445 520584

Í fornleifaskrá Stykkishólms eftir Ágúst Ól. Georgsson frá 1985 er skráð rúst í Fagurey: "Þýflendi norður af Bæjarhól. Lýsing: Innanmál um 3 x 3 x 0,5 m. Veggjaþykkt um 1 m. Dyr, um 1 m br. á miðjum V- vegg. Um 5 x 5 m. stórt svæði við N-hlið tóftarinnar er all rústalegt, en engar minjar eru sjáanlegar á yfirborði." Tóft þessi er norðvestarlega í heimatúni Fagureyjar, suðvestan undir lágri brún. Hún er 10 m norðaustan við tóftir 003 og 80 m norðvestan við bæ 001. Fremur þýft er í kringum tóftina en önnur svæði í túninu hafa verið sléttuð.



Tóft SN-290:064. Á ljósmynd er horft til suðvesturs

Tóftin er 12x5,5 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Suðaustast á suðvesturhlið tóftar er op inn í greinilegt hólfi sem er um 3x3 m að innanmáli. Norðvesturhluti tóftar er heldur ógreinilegri

en suðausturhlutinn en þar má óljóst greina innanmál annars hólfs, mögulega heystæðis, sem er 2,5x1,5 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Ekki sést op inn í það eða á milli hólfa. Framan við op inn í hólfi í suðausturenda er þýft, mögulega ummerki um hrun eða útmokstur. Veggir eru grónir og sést hvergi í grjóthleðslur. Þeir eru 0,4-0,6 m á hæð. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin gegndi en líklegt verður að teljast að um einhvers konar útihús sé að ræða.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr. 230

SN-290:065 tóft óþekkt hlutverk

324493 520553

Í fornleifaskrá Ágúst Ól. Georgssonar frá 1985 er skráð rúst: "Bæjarhóllinn NA-verður. Lýsing: Innanmál um 11 x 3 x 0,5 m. Veggþykkt um 1,5 m. Dyr, um 0,5 m br. á S-vegg nál. V-gafla. Við A-enda tóftarinnar er þúfnastykki um 5 x 3 m, e.t.v. gæti verið þar um einhverja rúst að ræða." Tóft þessi er aðeins örfáum metrum norðan við bæjarhól 001, innan við 10 m norðan við súrheystóft 066. Slétt vallendi, gamalt tún, verður þýfðara er norðar dregur.



Sigin tóft SN-290:065. Á ljósmynd er horft til suðvesturs



Tóft SN-290:065 sést neðarlega á miðri mynd, horft til austurs

Sannfærandi tóft og líkist skála þótt draga megi í efa að slíkt mannvirki hefði varðveist óraskað við bæjarhól þar sem var búið um aldir. Hún er um 15 x 8 m stór en mjókkar heldur til austurs, snýr nokkurn veginn austur-vestur. Enginn teljandi halli er á þessum stað, sem hefði annars

getað bent til að tóftin væri af fjósi eða öðrum útihúsum. Dyr snúa líklega til suðurs vestast á suðurlangvegg. Dæld innan veggja er alveg greinileg en innanmálið er rúmlega 9 x 1,5 m. Veggir eru bólgnir og sokknir, syðri langveggur upp byggður en norðurveggurinn nær alveg jarðlægur svo vart er hægt að greina ytri brún. Þúfnastykkið sem Ágúst lýsir virðist ekki mjög sannfærandi sem heilleg rúst þótt mögulega séu þar mannvistarleifar undir sverði. Norðan við rústina er býsna stórt óraskað svæði en gæti þó hafa verið sléttað að hluta með handaflí. Ekki sjást þar þó greinilegar rústir. Hafi þessi tóft verið í hópi fleiri fornlegra rústa er líklegast að þær hafi horfið undir yngri byggingar á bæjarstæðinu.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr. 231

SN-290:066 tóft hlaða

324493 520533

Í fornleifaskrá Ágústs Ól. Georgssonar frá 1985 eru skráð rústahóll og súrheystóft: "Austanverður Bæjarhóll. Lýsing: a) Lágur hóll, um 6 x 7 m, geymir augljóslega mannvistarleifar. Ekki má þó greina lögun og stærð mannvirkja hér. b) Súrheystóft, sporöskjulaga, um 3 x 2,5 m. Dýpt um 1,3 m, niðurgrafin. Veggir hlaðnir úr grjóti. Kantur, um 0,3 m hár, br. um 0,5 m, hlaðinn meðfram



Súrheystóft SN-290:066. Á ljósmynd er horft til suðausturs



Tóft SN-290:066 er neðan við miðja mynd. Horft til NNV.


börmunum. Virðist hafa verið gengið ofan í tóftina SV-verða. Þar er og skarð í kantinn, br. um 0,5 m." Þessi mannvirki eru fast norðan við jaðar bæjarhóls 001. Báðar einingar sem Ágúst lýsir eru hér skráðar saman enda hefur súrheystóftin verið grafin niður í hina þústina. Líklegt er að mannvirkið sem hér er skráð sé það sama og getið er í örnefnaskrá í Fagurey en þar segir: "Fjós frá Ytribænum var rétt neðan hans [sjá 103] og hlaða rétt ofan við hann. Grasi gróinn flati norðan bæjarhúsa og hefur því verið að húsabaki. Þetta er hæsti punktur Fagureyjar og er héðan gott útsýni yfir alla eyjuna.

Alls er svæðið um 13,5 x 10 m frá NA-SV. Tóftin eða öllu heldur stallurinn er austar og ofar, hér um bil hringlaga, og upphlaðinn en þó dálítið mishæðóttur í yfirborði. Stærð alls um 10 x 7 m NV-SA. Stallurinn einkennist af allt öðruvísi gróðri en umhverfis - í kring er mest vallendi en á þústinni vaxa súrur og fleiri tegundir. Varla er hægt að tala um veggi en hann rís um 0,8 m yfir yfirborð að sunnan en 0,2 m að norðan - hefur verið reynt að ná honum sléttum. Norðan til er nokkuð greinileg en grunn dæld sem er tæpir 2 m í þvermál. Bunga gengur út frá stallinum til suðvesturs, í smáhalla mót suðvestri, og þar í er súrheysgryfjan. Alls er þessi bunga 5-6 m í þvermál en gryfjan sjálf er sporöskjulaga, hlaðin innan með grjóti og hleðslur heillegar að sunnanverðu. Hún er á bilinu 3-4 m í þvermál. Dýpt er mest um 1,5 m að austan en um 1 m að norðanverðu. Botn gryfjunnar er grasi vaxinn.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr. 232a-b, Ö-Fagurey, 3

SN-290:067_01 garðlag óþekkt hlutverk 325016 520293
 Mjóir, torfhláðnir garðar eru þétt saman austarlega á Torfhólma, SSA við allháan hól nærri sjávarbakkanum. Um 13 m norðvestan við þá eru tveir mjóir skurðir sem skráðir eru á sér einingunúmer en ekki er ljóst hvort þessar minjar tengist. Minjarnar eru á grasi grónu og þýfðu svæði á mörkum mýrlendis og þurrs, sléttlendis bakka.



Garðlög SN-290:067_01 og renna 02 yfirlitsmynd af uppmælingum.

Garðarnir eru á svæði sem er 19x16 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Allir eru þeir þétt saman fyrir utan einn garð sem er 4,5 m suðaustan við hina tíu garðana. Sá er einna greinilegastur og lengstur, 13 m langur, 0,3 m á hæð og rúmur 1 m á breidd. Norðausturhluti garðsins er þýfður og siginn og því ógreinilegur. Hinir garðarnir eru 5-10 m á lengd, 0,5-0,8 m breiðir og 0,2-0,5 m háir. Mjög mjótt er á milli garðanna og rétt hægt að ganga á milli þeirra. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi þeir voru hlaðnir en helst kemur til greina að þeir tengist á einhvern hátt torfristu eða mótekju.



Garðlög SN-290:067_01, horft til suðvesturs

SN-290:067_02 renna óþekkt hlutverk

324998 520313

Um 13 m norðvestan við garðlög 01 eru tvær samsíða rennur á svæði sem er þurrara og herra í landinu en garðlögin. Um 4,5 m eru á milli rennanna, sem liggja norðaustur-suðvestur, og á milli þeirra er sléttur og flatur pallur. Hann er afmarkaður til suðvesturs af nokkuð afgerandi og brattri brún (0,6-1 m há) sem kann að hafa myndast við móskurð í mýrlendinu fyrir neðan. Suðaustari rennan er 7,5 m löng og 0,2 m djúp og breið en norðvestari rennan er 5 m löng og litlu grynri og breiðari. Þetta eru augljós manna verk en ekki er ljóst hvaða hlutverki þau hafa þjónað.




Rennur SN-290:067_02, horft til suðausturs

Hættumat: engin hætta

SN-290:068 þúst óþekkt hlutverk

324279 520402

Frammi á sjávarbakka í Hjallatangavík er nokkuð afgerandi hryggur eða þúst en tveir meintir akurgarðar 074 liggja upp á þennan hrygg. Smáþýft og grasi gróið er ofan við þústina til vesturs en lágur sjávarbakki framan við til austurs og grýtt klapparfjara.



Þúst SN-290:067. Á ljósmynd er horft til suðurs.

Hryggurinn er 14 m langur (nordur-suður), 1,5-2 m breiður og 0,2-0,3 m á hæð. Vesturhlið hans er mjög skýr og virðist sem að stungið hafi verið meðfram honum þar, mögulega í tengslum við ræktun. Ekki er ljóst um hvers konar mannvirki er hér að ræða en afar líklegt er að mannvistarleifar leynist hér undir sverði.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr. 234

SN-290:069 garðlag óþekkt hlutverk 324271 520448
Landi háttar þannig í Fagurey að suðvesturhluti og um helmingur allrar eyjarinnar á lengdina er fremur mjór tangi sem ber ekki sérstakt heiti og þar eru áberandi garðlög og spildur á milli sem eru taldar vera akurreinar (sjá 074). Austustu reinarnar eru upp af austanverðri Hjallatangavík. Þvert á reinarnar er garðlag það sem hér er skráð (069) sem snýr VSV-ANA og er austurendi þess um 170 suðvestur frá bæjarhóli 001 og tóft 047 er byggð yfir það austarlega. Við vesturenda garðlagsins sem hér er fjallað um koma saman tvö önnur garðlög, fornlegt og stórt garðlag 011 sem liggur til



Garðlag SN-290:069. Á ljósmynd sést garðlagið á miðri mynd til vesturs frá grjóthlöðnu tóftinni, horft til VNV

suðvesturs eftir eyjunni og garðlag 084 sem er þvert á en líkara 069 að byggingarlagi og sennilega eiga 069 og 084 saman.


Garðlagið er á frekar sléttu og þurru grónu svæði milli mýrardraga. Sléttuð spilda er ofan/NNV við garðinn og er ekki útilokað að garðurinn hafi afmarkað hana og þjónað hlutverki túngarðs. Garðlagið er að jafnaði um 1,5 m breitt og er landið nokkuð lægra neðan/suðaustan við garðlagið. Mögulegt er að þarna hafi áður verið búinn til kantur og garðlagið byggt fast ofan/norðan við kantinn sbr. afmörkun eða kant 083 hjá akurreinum nokkru suðvestar. Lengd garðsins er um 62 m og hæð um 0.3-0.4 m. Garðlagið er eldra en tóft 047 en gæti verið yngra en akurreinar 074 því eitt reina-garðlagið virðist fara undir garðlag það sem hér er fjallað um.

Hættumat: engin hætta

SN-290:070 tóft óþekkt hlutverk

324428 520565

Lítill, torfhláðin tóft er suðvestan undir afgerandi hjallabrún í suðvesturjaðri heimatúnsins á Fagurey. Tóftin er grasgefnu þýfi á mörkum túns og mýrlendis.



Tóft SN-290:070. Á ljósmynd er horft til suðausturs

Einföld tóftin er 3,5x3 m stór og snýr ASA-VNV. Á SSV-hlið er veggurinn hálfur að lengd og því er breitt op í suðausturhorni tóftar. Veggir eru 0,4-0,5m á breidd og hæð. Líklegt er að tóftin hafi verið notuð sem móstæði en einnig kemur til greina að það hafi verið heystæði. Meintar mógrafir 099 eru á tveimur stöðum í mýri litlu sunnan við tóftina.

Hættumat: engin hætta

SN-290:071 renna vatnsveita

324460 520482



Renna SN-290:071. Á ljósmynd sést rennan fyrir miðri mynd til hægri frá tröðum. Á myndinni er NNA

Renna liggur frá tröðum 016 og til suðurs og suðvesturs. Rennan er tæpum 30 m suðvestan við Ytribæ 001_02. Grasgróið svæði neðan við bæjarhól í aflíðandi halla til suðvesturs.

Rennan liggur í um 5 m til SSV en beygir þá og liggur í sveig í um 5 m til viðbótar til suðvesturs áður en úr verður óskýr. Rennan er allt að 1 m á breidd en 0,4 m á dýpt. Hún er á kafi í gróðri. Líklegast virðist að rennan hafi verið gerð til að koma í veg fyrir að vatn safnaðist í tröðunum.

Hættumat: engin hætta

SN-290:072 gerði óþekkt hlutverk

324381 520503

Talsverð gerði liggja út í mýri um 80 m vestan við bæ 001_02. Gerðin eru fast norðaustan við tóft 050 og þar sem þau eru næst sjó eru um 10 m fram á sjávarbakkann. Ágúst Ólafur Georgsson skráði gerðið fyrst 1985 og er það númer 17 í skrá hans en hann tekur fram að um 1932 hafi þessar minjar einungis verið rústir eins og þegar hann sjálfur skoðaði þær.



Gerði SN-290:072. Á mynd til vinstri er horft til norðausturs en á mynd til hægri er horft til suðausturs

Gerði 072 er byggt út í mýri og er mýri allt í kring. Lítil tjörn er um 40-50 m NNV við tóft 050. Gerðin eru fremur fornleg og virðist tóft 050 byggð ofan á þau. Samtals ná þau yfir svæði sem er 33 x 14 m stórt og snýr NNA-SSV. Gerðin eru að nokkru hlaupin í þúfur en þó sjást tvö greinileg hólf sem eru 7-9 m á kant að innanmáli. Norðan við þau tekur hins vegar við óljósara svæði sem erfiðara er að greina. Gróflega áætlað má þó segja að það sé 4-5 x 12 m að stærð. Garðhleðslan er 1,5-2 m á breidd en 0,6 m á hæð. Hún er alveg gróin og virðist eingöngu grjóthlaðin. Umrædd gerði voru rústir einar á yngsta búsetuskeiði í Fagurey en ekkert er annars vitað um aldur þeirra eða hlutverk. Svo virðist sem gerðin hafi e.t.v. þjónað þeim tilgangi að rækta upp svæði í mýrinni.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr. 214a-f Nr. 17 í skrá Ágúst 1989.

SN-290:073 þúst útihús

324470 520485

Tóft eða þúst er neðan (suðvestan) við hænsnakofana tvo sem eru fast neðan kálgarðs (007_01-03) í bæjarhólnum. Þústin er innan við 20 m suðvestan við Ytribæ 001_02. Þústin er neðan við gróna



Tóft SN-290:073. Á ljósmynd er horft til norðvesturs

brekku/bæjarhól sem hallar aflíðandi til suðvesturs. Grasi gróin órækt er allt í kring. Þústin er 8 x 7 m að stærð og er einföld. Hún snýr NNV-SSA og op er á miðjum suðvesturvegg.

Veggir eru 2-3 m á breidd en 0,3 m á hæð og eru algrónir. Innanmál tóftarinnar er 5 x 3 m. Hún er mjög sigin og virðist talvert eldri en kálgarður og tóftir við hann (sjá 007). Ekki er vitað

hvaða hlutverki tóftin þjónaði en líklegast er að það hafi verið útihúskofi af einhverri tegund. Á svipuðum stað er merkt útihús inn á túnakort frá 1916 en hugsanlegt er þó að umrætt hús sé það sem skráð var undir númerinu 007_02.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Túnakort 1916


SN-290:074 garðlag akur

324228 520381

Náttúrufari háttar þannig í Fagurey að suðvesturhluti og um helmingur allrar eyjarinnar á lengdina er fremur mjór tangi sem ber ekki sérstakt heiti. Norðvesturströndin er fremur bugðulaus en suðausturströndin er vogskorin af Skipavík norðaustast, þar suðvestur af Hjallatangavík, þá



Horft yfir meint akurgerði SN-290:074, til suðvesturs



Meint akurgerði SN-290:074 ásamt öðrum garðlögum sem tengjast mögulega kerfinu

Hjallatanga og suðvestast Reyðarvík. Miða má þessa landfræðilegu skiptingu við Skipavík að suðaustanverðu (um það bil 125 m vestur af bæ 001) og tóft 052 í norðvestri en á milli þessara staða er mýrardrag. Á öllu þessu suðvestursvæði eyjunnar eru áberandi lág garðlög með jöfnu millibili sem öll snúa eins, í norðvestur-suðaustur og afmarka mjóar spildur. Þetta eru taldar vera leifar fornra akra, akurreinar. Í fornleifaskrá Ágústs Ól. Georgssonar frá 1985 eru skráð bæjarstæði 039 og beðasléttur sem hér eru túlkaðar sem akurgerði: "b) Beðasléttur. Lágir torfgarðar um 20 - 40 x 1 x 0,3 m. Liggja upp frá sjó á vestanverðri eyjunni og norður yfir hana u.þ.b. hálfá eða meira, þ.e. frá austanverðri Hjallatangavík vestur að Þórðartanga. Nokkuð misjafnt bil er á milli garðanna, t.d. 4,6 eða 9 m. Á stöku stað virðist um þvegarða að ræða eða niðurgröft." Í neðanmálgrein við lýsinguna segir: "Kristinn B. Gíslason man eftir þessum beðasléttum, en þær eru eldri en vera hans í eyjunni (1932-1936)."

Í grein sinni frá 1989 túlkar Ágúst garðana öðruvísi: "Merkileg garðlög eru á vestur- hluta Fagureyjar, eða frá austanverðri Hjallatangavík að Þórðartanga. Liggja þau upp frá sjó og vestur yfir eyjuna u.þ.b. hálfá, en sums staðar lengra. Þetta eru lágir torfgarðar, yfirleitt ekki nema 30 sm á hæð og 1 m á breidd. Lengdin er nokkuð mismunandi eftir kringum- stæðum, oft um 20-40 m. Óreglulegt bil er á milli garða, eða 3-9 m. Á stöku stað virðist um að ræða þvegarða eða niðurgröft. Fjöldi garðlaga er a.m.k. 20-30. Mikil óvissa ríkir um það, hvernig skýra beri torfgarðana, sem þó eru örugglega ekki beðasléttur eða verksummerki túnaslétta. Búnaðarskóli starfaði í Flatey á Breiðafirði 1857-1860, en á starfsárum hans hófust fyrst túnasléttur og aðrar jarðræktarframkvæmdir í Breiðafjarðareyjum, einkum í Flateyjarhreppi og nágrenni. Eingöngu var unnið með handverkfærum vegna skorts á hestum. Þar um slóðir komu þeir fyrst við sögu árið 1905 og aðeins í Hvallátrum og Svefneyjum. Ekki er unnt að tengja garðlögin í Fagurey fyrrgreindum jarðabótum né heldur þeim sem hófust fyrir áhrif Ólafsdalsskólans (1880-1907). Þar að auki var tún á nyrðri hluta eyjarinnar, en suðurendinn hafður fyrir kúabeit.

Hugsanleg skýring er að hér sé um að ræða skjólgarða fyrir akuryrkju. í því sambandi má minna á að árið 1703 var við lýði Akrabúð [076] eins og áður greinir. Svipaðir torfgarðar munu einnig vera í Akureyjum á Breiðafirði, og það fleiri en einni, og gæti það styrkt tilgátuna. [...] Mismunurinn er fólgin í smæð og legu torfgarðanna í Fagurey. Þeir mynda ekki aflokuð svæði, eins og annars staðar þekkist, heldur liggja í samsíða röðum þvert yfir eyjuna. Einmitt þetta gerir þá vafasama sem akurgirðingar. Að öllu samanlögðu virðist fremur ósennilegt að garðlögin séu menjar kornræktar, en það er auðvitað ekki útilokað."

Suðvesturhluti eyjarinnar er almennt láglandur en hærri norðvestantil og hallar mót suðaustri. Tangi þessi er um 400 metra langur og er breidd hans minnst um 50 m og rúmir 100 m á eyjarenda syðst en tæpir 170 m ef mælt er eftir Hjallatanga. Svæðið er grasi gróið og þurrt vestantil en sumsstaðar eru mýrar og tjarnir upp af sjávarbökkum að austanverðu. Nokkrir háir hólar og tóftir eru á norðvesturbakka tangans, suðvestast er tóft 039, þar norðaustan við tóft 017 í Hallarskála eða Hallsskál og minjar 041_01-02. Norðaustast er tóftasvæði (010, 046-049, 059).

Akurreinarnar eru vel afmarkaðar landfræðilega og skiptast í meginatriðum í þrjú svæði frá norðaustri til suðvesturs. A) Norðaustasta svæðið telur 6 garðlög sem eru ekki eins regluleg og á



Horft yfir meint akurgerði SN-290:074, til norðvesturs

þeim suðvestari. Á þessu svæði er tóftaþyrping (sjá 046-049 og 059) á bakkanum milli Skipavíkur og Hjallatangavíkur auk tóftar 010 sem er byggð ofan í vestustu reinina. Ekki er ólíklegt að hluti akurreinanna hafi lent undir fyrrnefndu tóftaþyrpingunni. Garðlag 069 afmarkar þetta svæði að norðvestanverðu og austustu reinar virðast ná að því, eitt virðist t.a.m. fara undir garðlagið en hin suðvestustu þrjú koma ekki að honum. Þessi hluti gæti hafa raskast vegna umsvifa kringum byggingarnar. Reina-garðlögin á þessu svæði eru um 12-17 m löng, tæpur metri á breidd og spildurnar 3-5 m breiðar. B) Miðsvæðið afmarkast af miklu og fornlegu garðlagi 011 að norðvestanverðu (þvergarði) og stóru garðlagi 040 að suðvestan sem snýr eins og akurreinarnar. Að öllu jöfnu ná reinarnar frá þvergarði 011 og að sjávarbökkum og svo niður Hjallatanga að hjöllum 025. Þó má óljóst greina framhald af akurgörðum ofan og norðvestan við garð 011 þannig að hann gæti verið hlaðinn síðar. Ofan Hjallatanga eða efst í tanganum hefur 'miðsvæðinu' verið skipt með þvergarði 009 í efra og neðra svæði þar sem garðlagið virðist hafa verið byggt ofan á akurreinarnar en reinarnar standast á þó töluverður hæðamunur sé á þessum á svæðum (u.þ.b. 0,6 m). Þá er gerði 082 byggt yfir við norðausturhluta suðaustustu akurreina á neðra miðsvæði. Alls eru tólf garðlög á þessu svæði en þrjú sem ná niður á Hjallatanga. Reinarnar sem ná niður á Hjallatanga eru lengstar eða um 70-80 m, en stýstar eru þær um 27 m. Breidd garðlaga er tæpur metri og hæð um 0.2-0.3 m, breidd spilda á milli garðlaga 5-6 m. C) Suðvestasta akurreinasvæðið afmarkast að norðaustan af stóra garðinum 040, sem fyrr er nefndur og snýr eins og akurreinarnar, í norðvestri af háum bökkum ofan fjöru en svo virðist sem á sumum stöðum hafi verið grafið fyrir kanti 083 fremur en að þetta sé mjög sigið garðlag og ekki sjáist fyrir nyrðri brún, og ná reinarnar að kanti þessum. Allra suðvestast má þó greina framhald af akurreinum ofan og norðvestan við kant 083 á loftmyndum. Í suðaustri er afmörkunin sjávarbakkinn en svo virðist sumstaðar sem þar gæti hafa verið garðlag en það er mjög ógreinlegt og bakkinn sundurgrafinn af lunda. Reinarnar ná að hólnum Hallarskála/Hallsskál (sjá 017) en býli 039 er byggt ofan í svæðið og hefur raskað hluta akurreinanna. Reinar á ysta/suðvestasta hluta svæðisins eru mun ógreinilegrar en á norðaustari svæðum, hleðslurnar útflattar og rétt mótar fyrir þeim, 0,1-0,2 háar í besta falli, breidd garðlaga er hálfur til einn metri og lengd á bilinu 25-40 m, ekki sást grjót í hleðslum nema á einstaka stað einn og einn. Breidd spildanna á milli garðlaganna er 3-9 m. Garðlögin á þessu svæði virðast vera rúmlega 20, jafnvel 22 og þarna má hugsanlega greina lagfæringar og tilfærslur á spildunum. Samanlagt eru þarna um kringum 40 garðlög á svæðunum þremur sem að jafnaði afmarka 3-6 metra breiðar spildur (oftast um 4-6 metra), upprunalega eru lengstu reinarnar um 80 m (á móts við Hjallatanga) en þær stýstu um 15 m. Svæðið er gríðarlega umfangsmikið um 290 metra langt norðaustur-suðvestur og breiddin helgast af landslagi og afmörkunum á tanganum.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr. 200a-b; Ágúst Ól. Georgsson 1989, 17-19

SN-290:075 *Kirkjubléinarflöt* þúst hálfkirkja 324491 520463


Kirkja var í Fagurey (sjá 002) en ekki er nú vitað hvar hún var. Fleiri en ein tilgátur hafa verið settar fram um mögulega staðsetningu og er hér skráð möguleg staðsetning á Kirkjubléinarflöt. Í örnefnaskrá segir: "Neðan við Bæjarhólinn, niður af Innribænum [001_03], er Kirkjubléinarflöt (Ath: Alltaf var sagt Kirkjubléinsflöt). Tveir hólar eru neðan til á henni miðri. Er sagt, að þar hafi verið bænhús og að hólarnir séu rústir þess." Staðurinn á Kirkjubléinarflöt er um 35 m sunnan við bæjarstaði Ytribæjar 001_02. Um 15 m eru frá þústinni og fram á sjávarbakkann.

Þúst eða hæð á grasi gróinni sléttu milli bæjarhóls og sjávar.



Þústirnar tvær sjást á mynd til vinstri neðarlega á miðri mynd sem tveir litlir hólur, horft til norðausturs. Á mynd til hægri er horft til suðurs.

Ágúst Ól. Georgsson skoðaði Kirkjuhleinarflöt 1985 og segir í skrá hans (1989): "Við vettvangskönnun sáust hér tvær samsíða þústir eða bungur (47), um 5x3 m að ummáli, en um eiginlega hóla er hvergi að ræða á þessari flöt. Hér virðist frásögn örnefnalýsingar á reiki og varasamt að treysta henni. Eftir að fornleifaskráningunni lauk hefur greinarhöfundur fengið upplýsingar um "bænhústótt" (48) sunnan undir litlum hól norðvestur af bæjarhólnum. Þetta er lítil rúst, um 3x3 m á kant, að sögn heimildarmanns [Bergsveins B. Gíslasonar]. Eins og sjá má ber heimildum ekki saman varðandi stað- setningu bænhússins og verður tæpast leyst úr því máli héðan af. Þó er vitað með vissu að slíkt hús var í Fagurey á miðöldum. Hvorugt áðurgreindra "bænhúsa" finnst mér koma til greina vegna fjarlægðar frá bæ, og er líklegast að það hafi staðið á sjálfum bæjarhólnum, jafnvel upp af Kirkjuhleinarflöt eða nálægt henni." Ágúst Ólafur Georgsson hafði áður skráð umrædda þúst á Kirkjuhleinaflöt í fornleifaskráningu 1985 (nr. 47). Á þessum stað er lágur hóll eða hæð á flatanum en hann er þó fjarri því að vera afgerandi. Hæðin er 12 x 9 m stór og mest um 0,4-0,5 m hærrí en umhverfið. Hún snýr norður-suður. Á háhólnum eru tvær aflangar þústir sem eru um 2,5 x 1 m að stærð og snúa norður-suður. Ekkert tóftarlag er á þeim.



Þúst SN-290:075

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Fagurey, Ágúst Ól. Georgsson 1989, 13-14; Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr. 244

SN-290:076 *Akrabúð* heimild um býli

Akrabúð er nefnd í manntali 1703 samkvæmt grein Ágúst Ól. Georgssonar um byggðaleifar í Fagurey. Fjögur býli eru þekkt í Fagurey og eru þau öll á suðvesturhluta eyjarinnar, sjá 039, 041, 045 og 050. Ekki er vitað hvert þeirra hefur verið Akrabúð en helst kemur til greina býli 039 og 041 sem eru byggð ofan í meintar akurreinar 074.

Heimildir: Ágúst Ól. Georgsson 1989, 13

SN-290:077 *Sjávarhús* heimild um sjóbúð

324479 520438

Á örnefnakorti frá 1976 er sjávarhús merkt syðst á litlum tanga gegnt (austur af) Kirkjuhlein og um 40 m vestur frá Bryggju 020.

Tanginn snýr norður - suður og er fremur sléttur og gróinn að ofan en háar klappir niður í fjöruna.



Tóft SN-290:077, á mynd er horft til NNV

Á tanganum virðast eru minjar frá ólíkum tíma. a) Í vesturbakka má greina hleðslugrjót 1-2 umför. b) Tóft u.þ.b. 7x4 m stór og snýr suðvestur-norðaustur með op til suðvesturs, sennilega niðurgrafin, hæð um 0.2 m. c) Yngst eru leifar steypugólfs á sléttuðum fleti um 6x3 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur. Af loftmynd sem tekin er af Fagurey 1984 má sjá að lítið hús eða kofi hefur þá verið uppistandandi á þeim stað sem steypuleifarnar sjást.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Örnefnakort 1976 og LMI-Kort-H20-H-5189

SN-290:078 sögustaður legstaður

322629 525671



Gíslasker og fleiri minjastaðir fjær Fagurey. Loftmynd: Bing.

Samkvæmt Sturlungu var Maga-Björn drepinn í Fagurey árið 1235: “Þórarinn staurr, son Eldjárns

Grímasonar, vá at Birni, ok varð hann vel við ok mælti fátt. Síðan lét Þórðr flytja þá vestr í Gíslasker." Í Oddabók er skerid nefnt Gassasker. Ekki er nákvæm staðsetning Gassaskers/Gíslaskers þekkt en rúmum 5 km norður af Fagurey eru Gassasker í fleirtölu. Meðal þeirra eru Lagnaðarsker (flt.) og í þeim er Írekstrarlögn 035. Stærsta skerid er Flatasker sem er þeirra suðvestast. Ekki var farið í skerin í leit að legstað Maga-Björns.

Heimildir: ÍF XXI, 268; <https://ornefnasja.lmi.is/>

SN-290:079 *Reyðarvík* heimild um lendingu

324176 520038

"Þar litlu vestar [en Skipavík] er önnur minni [lending] og heitir Reyðarvík. Þar voru oft teknir upp bátar til viðgerða og nýir bátar smíðaðir," segir í Eitt stykki hólmur eftir Braga Straumfjörð Jósepson. Þessi vík er einnig kölluð Þórðarvík á örnefnakorti frá 1976. Þetta er bogadregin vík vestan við Hjalltanga, syðsta og vestasta víkin á Fagurey.

Smágrýtt fjara með sandströnd, fremur aflíðandi grasbakki er þar upp af, mikið af lundaholum í brúninni. Engar mannvirkjaleifar eru sýnilegar í víkinni eða við hana. Hún virðist þó allfýsileg til lendingar.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Bragi Straumfjörð Jósepson 2004, 124; örnefnakort 1976



Reyðarvík SN-290:079, horft til vesturs

SN-290:080 heimild um verbúð

"Í skýrslu Brunabótafélagsins árið 1935 er eftirfarandi lýsing á húsunum í Fagurey og er frásögninni fylgt í meginatriðum: [...] Verbúð stendur þar einnig [hjá bænum 001], og nokkuð fjær [en útielldhús við bæinn], með timburstafni járnvörðum og veggir úr torfi. Loftir er með bitum og á húsinu er bárujárnsþak. Í verbúðinni er kolaofn," segir í Eitt stykki hólmur eftir Braga Straumfjörð Jósepson. Vel er hugsanlegt að verbúðin sem fjallað er um sé sú sama og skráð var undir númerinu 077 en ekki er hægt að fullyrða um það og fékk staðurinn því sitt númer þótt ekki væri hægt að staðsetja verbúðina með fullri vissu.

Heimildir: Bragi Straumfjörð Jósepson 2004, 125

SN-290:081 heimild um kvíar


"Á sumrin voru kýrnar mjólkaðar á stöðli og lágu úti á nóttunni nema þegar kalt var í veðri, þá voru þær settar í sumarfjós [024] fyrir utan túngarð [ekki var skráður túngarður í Fagurey en garður 096 skilur á milli túns og úthaga]," segir í minningum Jóns Kristófers, Syndin er lævis og lipur. Ekki er vitað hvar kýr voru mjólkaðar á stöðli í Fagurey.

Heimildir: Syndin er lævis og lipur 1984, 10

SN-290:082 gerði óþekkt hlutverk

324273 520346

Gerði með op til norðausturs er norðarlega í Hjallatanga og fer yfir garðlag sem tilheyrir akurreinum sem ná niður á Hjallatangann, sjá svæði c í umfjöllun um akra 074. Gerðið virðist tengjast tóftaþyrpingu 042. Gerðið er um 270 m suðvestan við bæ 001. Grasi grónir og þýfðir sjávarbakkar á Hjallavíkurtanga.



Gerði SN-290:082. Á ljósmynd er horft austurs

Gerðið er iðagrænt og yngra en akurreinarnar. Mannvirkið snýr í norðaustur-suðvestur og er um 10x7 m stórt. Hleðslur eru um 0.5 m háar og hæstar nálægt 1 m, veggjabreidd um 0.5 m.

Hættumat: engin hætta

SN-290:083 kantur akur

324148 520338

Landi háttar þannig í Fagurey að suðvesturhluti og um helmingur allrar eyjarinnar á lengdina er fremur mjór tangi sem ber ekki sérstakt heiti. Vesturströndin er fremur bugðulaus en hin eystri vogskorin af Skipavík austast, þar vestur af Hjallatangavík, þá Hjallatanga og vestast Reyðarvík. Miða má þessa landfræðileg skiptingu við Skipavík að austanverðu (um það bil 125 m vestur af bæ 001) og tóft 052 í vestri en á milli þessara staða er mýrardrag. Á öllu þessu suðvestursvæði eyjunnar eru áberandi lág garðlög með jöfnu millibili sem öll snúa eins, í norðvestur-suðaustur og afmarka mjóar spildur. Þetta eru taldar vera leifar fornra akra, akurreinar 074. Nokkur garðlög afmarka og skipta akrinum í stærri spildur eða svæði t.d. 009, 011 og 040. Við garðlag 011 virðist hafa verið grafið fyrir kanti neðan garðs og á það einnig við um það mannvirki sem hér er skráð og ber númerið 083. Ekki sést til eiginlegs garðs hafi hann verið til staðar og er skipting þessi á köflum



Kantur SN-290:083 sést óljóst á drónamynd annars vegar neðarlega á mynd og að býlistóft SN-290:039 og hins vegar ofan hennar og í átt að hól efst á mynd. Á myndinni er horft til norðausturs.

landfræðileg. Kanturinn afmarkar efsta (norðvestasta) hluta akurreinasvæðis sem kallað er C í umfjöllun um akur 074. Kanturinn og akurreinarnar verða ógreinilegri er sunnar/suðvestar dregur á eyjaendanum en sjást betur á loftmynd. Á grasigrónum bökkum ofan við norðvesturströnd eyjunnar.

Alls er þessi afmörkun um 190 m og snýr í SSV-NNA. Kanturinn eða afmörkunin er að nokkru landfræðileg og tekur mið af Hallsskál (sjá 017) og landslagi við býli 039. Þessi afmörkun hefur sama hlutverk og garðlag 011 og renna þau eiginlega saman norðaustast þar sem garðlagið er óljósara en enn norðar. Hinn eiginlegi kantur er mishár eftir því hvernig landi háttar en nær um hálfum metra mest. Á loftmyndum má sjá að kanturinn sker í gegnum miðja suðvestustu og ógreinilegustu akurgarðana 074 og má greina framhald af þeim ofan og norðvestan við kantinn.

Hættumat: engin hættu

SN-290:084 garðlag óþekkt hlutverk 324252 520450

Landi háttar þannig í Fagurey að suðvesturhluti og um helmingur allrar eyjarinnar er fremur mjór tangi sem ber ekki sérstakt heiti og þar eru áberandi garðlög og spildur á milli sem eru taldar vera akurreinar (sjá 074). Norðaustustu reinarnar eru upp af austanverðri Hjallatangavík. Ofan og norðvestan við þær er garðlag 069 og myndar það vinkilhorn með garðlagi 084 sem hér er skráð við mýrarkvos sem þarna er. Garðlagið nær frá garðlagi 069 og að minjum 014 og er um 230 m suðvestur frá bæjarhóli 001.

Garðlag 084 er vestan við mýrarkvos, efst í stuttri en brattri brekku sem afmarkar kvos sem þar er í einskönar mýrardagi (sjá 018). Garðlagið er um 18 m langt og snýr NNV-SSA. Það er 1-1.5 m á breidd og 0.3 m hátt. Ekki sást grjót í hleðslum. Sléttuð spilda er innan þess svæðis sem garðar 084 og 069 afmarka og kunna þeir því að hafa þjónað hlutverki túngarðs.

Hættumat: engin hættu



Garðlag SN-290:084 sést neðan við og samsíða tjörminni á myndinni og út frá meira áberandi garðlagi SN-290:069. Á myndinni er horft til VSV

SN-290:085 hleðsla óþekkt hlutverk "Vestan hennar [Sandvíkur] er Vörin [101], beint niður af Innribænum. Var þar hlaðin steinbryggja [020] fram í fjöru og lent við hana um hálffallið. [...] Naustin [021] voru uppi í bakkanum upp af bryggjunni. [...] Skip og stærri bátar voru geymd í Skipavík [022], en smærri bátar settir upp í Vörinni [101]," segir í örnefnaskrá. Bryggjan 020 og naustið 021 eru rétt rúma 30 m suður frá bæjarhóli 001. Bryggjusporðurinn og op naustsins snúa í hásuður í átt að Enghólma. Í sjávarbakkanum vestur frá nausti 021 má víða sjá hleðslur en mannvirki sem við þær á eru ekki greinileg á yfirborði. Grónir og sléttir sjávarbakkar á yfirborði en rofsár í suður í átt að Enghólma.

324502 520450



Hleðsla SN-290:085, sést til vinstri við miðja mynd þar sem rof er í bakkann. Á myndinni er horft til norðurs

Hleðslugrjót er í bökunum á um 15 metra kafla í vestur frá nausti 021, ekki sáust kol né dýrabein.


Hættumat: stórhætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Fagurey, 4

SN-290:086 þúst

324507 520433

"Vestan hennar [Sandvíkur] er Vörin [101], beint niður af Innribænum. Var þar hlaðin steinbryggja



Hleðsla SN-290:086. Á drónamynd til hægri er horft til norðurs og sjást hleðsluleifarnar neðst á miðri mynd.



[020] fram í fjöru og lent við hana um hálffallið. [...] Naustin voru uppi í bakkanum upp af bryggjunni. [...] Skip og stærri bátar voru geymd í Skipavík [022], en smærri bátar settir upp í Vörinni [101]," segir í örnefnaskrá. Bryggjan 020 og naustið 021 eru rétt rúma 30 m suður frá bæjarhóli 001.

Bryggjusporðurinn og op naustsins snúa í hásuður í átt að Enghólma. Nokkur vestar í fjörunni, um 10 m frá bryggjunni er grjóthrúga sem sennilega stendur í sambandi við hreinsun fjörunnar framan við naust 021.

Í sendinni grjótfjöru. Aðborið grjót, líkt því og er í fjörunni, um það bil 15x6 m stórt og snýr norður-suður. Hæð um 0.4 m.

Hættumat: stórhætta, vegna rofs

SN-290:087 tóft fjárhús

324640 520529

Í minjaskrá sinni lýsir Ágúst Ólafur Georgsson byggingum sem hann kallar nr. 229 a-h. Hér á eftir fær hver og ein sérnúmer. Allar þessar byggingar eru á sama svæði og margar sambyggðar sama garðlagi (095) á SA-hluta Fagureyjar um 80-100 m austur af bæjarhól 001. Þar má sjá garðlag, tvenn fjárhús, þrjá kálgarða og hlöðutóft - og hugsanlega fleiri tóftir. Hér er skráð fjárhústóft, sú sem er næst vestan við fjárhústóft 063. Um 3-4 m eru á milli. Um þessa tóft segir Ágúst: "b) Fjárhús, innanmál um 11 x 4 x 1,2 - 1,5 m. Veggjaþykkt um 1,2 - 1,5 m. Grjótgarði, um 10 x 1 x 1 m, skiptir húsinu í tvennt. Fremsti hluti hans er steinsteypt baðkar, um 2 x 1 m, til fjárþvotta, og liggja tröppur upp úr því. Framgafl hússins snýr í NV og hefur verið úr timbri." Grasi gróið svæði, sjávarbakki skammt sunnan við og klettur fram af austast.



Fjárhústóft SN-290:087. Á ljósmynd er horft til suðurs

Einföld tóft af garðafjárhúsum, rúmlega 10 x 6 m stór. Tóftin snýr NV-SA og er opin til norðvesturs. Hlaðinn garði er eftir húsinu miðju og steypt fjárbað í norðurenda hans. Tröppur liggja ofan í það suðaustan megin. Tóftin er byggð upp við garðlag 095 en þó fellur langveggurinn ekki alveg saman við garðinn nema á einum stað, við miðbikið. Myndast því eins og lítill hólf þar á tveimur stöðum, um 2 m löng og 1 m breið en mikið til samfallin og gróin. Óljóst er hvort þau hafi haft sérstakan tilgang eða hvort þetta stafar af því að húsin séu reist síðar en garðurinn og ekki hentað að byggja þau alveg uppvið þar sem smávegis sveigja er á garðinum á þessum stað.


Hættumat: engin hættu

Heimildir: ÁGÓ 1985, bls. 32

SN-290:088 gerði kálgarður

324650 520534

Í minjaskrá sinni lýsir Ágúst Ólafur Georgsson byggingum suðaustast á Fagurey sem hann kallar nr. 229 a-h. Hér á eftir fær hver og ein sérnúmer. Allar þessar byggingar eru á sama svæði og sambyggðar sama garðlagi (095) á SA-hluta Fagureyjar um 80-100 m austur af bæjarhól 001. Þar má sjá garðlag, tvenn fjárhús, þrjá kálgarða og hlöðutóft - og hugsanlega fleiri tóftir. Hér er skráð gerði sem er norðanvert við garð 095 og beint norðan við fjárhústóftir 063 og 071, sem eru sunnan garðs á sama stað. Um þennan garð segir Ágúst: "Heygarður, innanmál um 21 x 8 x 0,5 - 1 m. Veggjaþykkt um 1 - 2 m. Garðurinn er opinn að norðanverðu, en um 0,5 m hár stallur er upp á svæðið þeim megin." Sumarið 2022 var staður þessi túlkaður sem kálgarður, einkum vegna þess að í honum sjást rákir eða beð býsna þétt saman. Ekki er þó loka fyrir það skotið að Ágúst hafi rétt fyrir sér og hér hafi verið sett upp hey. Grasi gróið svæði, sjávarbakki skammt sunnan við og klettur fram af austast.



Kálgarður SN-290:088. Á drónamynd til hægri er horft til suðausturs

Gerðið er reist upp við garðlag 095 og liggur samsíða því að norðan. Það er alls rúmlega 20 x 10 m stórt frá NV-SA og hlaðinn garður meðfram á alla kanta en þó er NV-endi óljós að hluta. Gerðið er vel gróið þótt líklega sé grjót í því, allt að 0,6 m hátt. Vel sér móta fyrir bedum í garðinum og liggja þau á þverveginn, frá SV-NA. Ef það er rétt að þetta sé kálgarður helgast staðsetning væntanlega af því að nægur áburður hefur verið úr fjárhúsunum. Töluvert meiri jarðvegur er inni í garðinum en utan við svo að yfirborð hans er hærra sem nemur 40-50 cm.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: ÁGÓ 1985, bls. 32



Horft yfir minjar SN-290:088, 057, 063, 087, 089, 095 og 097 og til NNA

SN-290:089 gerði kálgarður

324604 520535

Í minjaskrá sinni lýsir Ágúst Ólafur Georgsson byggingum sem hann kallar nr. 229 a-h. Hér á eftir fær hver og ein sérnúmer. Allar þessar byggingar eru á sama svæði og margar sambyggðar sama garðlagi (095) á SA-hluta Fagureyjar um 80-100 m austur af bæjarhól 001. Þar má sjá garðlag, tvenn fjárhús, þrjá kálgarða og hlöðutóft - og hugsanlega fleiri tóftir. Hér er skráð gerði sem er vestast á svæðinu, rúma 20 m vestur af fjárhústóft 087 og 80 m austur af bæjarhól 001. Það er sambyggt öðru garðlagi, 096. Um þennan stað segir Ágúst: "f) Kálgarður, innanmál um 11 x 10 x 1 - 1,3 m. Veggjaþykkt um 1,5 m. Hlið, um 0,5 m br, um 2 m frá SA-horni." Í neðanmálgrein segir: "Kristinn B. Gíslason segir að hér sé um kálgarð að ræða og í notkun á tímabilinu 1932-1936." Grasi gróið svæði, sjávarbakki skammt sunnan við og klettur fram af austast.



Kálgarður SN-290:089. Á ljósmynd er horft til austurs

Garður þessi er reistur þar sem garðlag 095 og 096 mætast - raunar sjást leifar af fyrrnefnda garðinum gegnum kálgarðinn. Þessi kálgarður er með veglega vegg, hátt í 1 m háa og algróna. Hann er nokkurn veginn ferningslaga, rúmlega 12 x 12 m stór. Innan garðs mótast fyrir 4-5 beðum sem virðast talsvert breiðari en beð í kálgarði 088 (sem gæti verið heygardur miðað við túlkun Ágúst). Op er á norðvesturhorni, upp við garðlag 096 sem heldur þar áfram til norðurs.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ágúst Ól. Georgsson 1985, bls. 32

SN-290:090 tóft hlaða

328586 520556

Í minjaskrá sinni lýsir Ágúst Ólafur Georgsson byggingum sem hann kallar nr. 229 a-h. Hér á eftir fær hver og ein sérnúmer. Allar þessar byggingar eru á sama svæði á SA-hluta Fagureyjar um 80-100 m austur af bæjarhól 001. Þar má sjá garðlag, tvönn fjárhús, þrjú kálgarða og hlöðutóft - og hugsanlega fleiri tóftir. Hér er skráð tóft sem er nyrst og vestast á svæðinu, tæpa 20 m norðan við kálgarð 089. Um hana segir Ágúst: "g) Hlaða, innanmál um 6 x 4 x 0,5 - 1,5 m. Veggjaþykkt um 1 m. Dyr hafa verið á A-vegg nál. NA-horni, nú er hér um 2 m langt skarð í vegginn." Í neðanmálsgrein segir: "Kristinn B. Gíslason segir að þetta sé hlaða og í notkun á tímabilinu 1932-1936." Grasi gróid svæði.



Hlaða SN-290:090. Á ljósmynd er horft til norðurs

Hlöðutóftin er byggð upp við garðlag 096 að austanverðu og er alls um 10 x 5 m stór frá N-S að utanmáli. Austurveggur er óljós og ekki alveg víst hvar dyr hafa verið. Ekki er útilokað að timburþil hafi verið þeim megin, eða að sú hlið hafi fallið saman/verið rutt burt. Vesturveggur er

vel hlaðinn úr grjóti að innan og ógróinn, hæð allt að 1,2 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ágúst Ól. Georgsson 1985, bls. 32

SN-290:091 garðlag vörslugarður
Illgreinilegur vörslugarður liggur þvert yfir ofanverðan Hjalltanga frá hjöllum 025, þar sem hann er mjóstur. Hjallatangi er smábýfður og grasi vaxinn. Hann hækkar og breikkar suðaustan við hjalla 025. Nokkuð er um það að lundinn hafi grafið sér holur meðfram ströndinni.

324279 520316



Garðlag SN-290:091, horft til suðvesturs

Garðurinn er 7 m langur og liggur til norðausturs frá hjallatóft 025_03. Hann er um 1 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð, hæstur í miðju. Garðurinn er genginn í þúfur og gróinn en virðist vera grjóthlaðinn að talsverðu leyti. Mögulega tengist þessi garður öðrum görðum á suðvestasta hluta Fagureyjar og eru taldir tengjast akurrækt á eyjunni (sjá t.d. 074 og 011).


Hættumat: engin hætta

SN-290:092_01 garðlag óþekkt hlutverk

324574 520508

Óljóst garðbrot (01) er um miðja veginni milli austurhluta bæjarhóls 001 og kálgarðs 089 og þúst (02) áföst því að austanverðu, um miðbikið. Gróin slétta upp af sjávarbakka.

SN-290:092



Hleðsla og þúst SN-290:082_01-02. Á ljósmynd er horft til suðurs

Garðurinn (01) liggur frá sjávarbakkanum upp til norðurs um 30 m. Hann er jarðlægur og óljós syðst en hækkar til norðurs og er tilsýndar sem iðagræn þúst, mest 0,6 m há. Þar fjarar hann út en virðist þó sem 3-4 m langur stubbur liggja út frá honum til austurs nyrst. Hér er sett fram sú tilgáta að þessi garður hafi legið áfram til austurs og tengist garðlagi 095 sem þá hefði myndað aflokað gerði við sjóinn.

Hættumat: engin hætta

SN-290:092_02 þúst óþekkt hlutverk

324581 520508

Þúst (02) er áföst garðinum að austan um 15 m norðan við upptök garðsins. Þar gætu verið leifar af einhverju mannvirki sem þá hefur verið innangarðs. Alls er þústin um 8 x 6 m stór frá austri til vesturs en ekki sérstakt rústarlag á henni. Hún er mest um 0,7 m há, iðagræn en bitin af sauðfé.



Garðlag og þúst SN-290:092_01-02, horft til ANA.

Hættumat: engin hætta

SN-290:093 garðlag áveita

324500 520700

Þráðbeint garðlag liggur niður að norðurbakka Fagureyjar sunnan frá garði 096 til norðurs fast vestan við fjárhústóft 058. Í fornleifaskrá Ágúst Ól. Georgssonar frá 1985 er honum lýst sem túngarði þótt ljóst sé að það hafi ekki verið hlutverk hans: "NA-horn eyjarinnar. Lýsing: a) Fjárhús, um 9 x 4 x 1,5 m [sjá 058] ... Túngarður úr torfi, hæð um 0,5 m og þykktin álíka. Er um 6 m. SA fjárhúsa nr. 222a og liggur frá sjó suðvestur eyjuna..."Mýrlent svæði en mjög grösugt. Því hallar lítillaga til norðurs.



Garður SN-290:093. Á drónamynd til vinstri er horft til norðurs en til suðurs á mynd til hægri

Garðurinn ber öll merki þess að tengjast áveitu eða stýringu á rennsli vatns. Hann er alls um 130 m langur, líklega torfhláðinn og eins og áveitugarða er von og vísa lítill um sig, aðeins um 0,3 m hár og 0,5 m breiður. Op er á garðlagi 096 fast austan við garðamótin og þar ofan eða sunnan við er vesturendi tjarnar. Það virðist einsýnt að garðlag 096 hafi átt að halda vatni uppi á mýrinni þar sunnan við. Hleypt hefur verið úr henni austan við suðurenda garðsins sem hér er lýst, og hefur vatnið þá runnið austan við hann til sjávar - og kannski runnið víðar á mýrina þar austan við og aukið slægjur. Það sem mælir gegn þessari hugmynd er að pæla meðfram garðinum, þar sem efni hefur verið tekið í mannvirkið, er vestan garðs en ekki austan og hefði vatn átt greiðari leið þar meðfram.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr. 222a-c

SN-290:094_01 þúst óþekkt hlutverk

324667 520737

Tvær ógreinilegar þústir, mögulega mannvirkjaleifar, eru um 30 m VNV af Stekk 062. Hér er skráð sú nyrðri. Grasi vaxið fremur flatt holt sem teygir sig fram á tanga sem gengur út í sjó.



Yfirlit uppmælinga, þústa SN-290:094_01-02. Á mynd til hægri af 094_01 er horft til norðurs

Alls er svæðið um 40 x 20 m stórt NA-SV. Nyrðri þústin sem hér er lýst er stærri. Hún er sannfærandi sem rústaleifar þegar á hana er horft frá Stekk séð - lítur út eins og upphækkun, flöt að ofan. Þegar á staðinn er komið er hún ekki jafn greinileg en þó mögulegt að mannvirkjaleifar séu undir sverði. Alls er þústin um 25 x 10 m stór frá NA-SV en mjókkar í spíss til NA. Hún er þýfð og ekki sést grjót eða veggjaskil.

Hættumat: engin hætta

SN-290:094_02 þúst óþekkt hlutverk

324665 520717

Hér er skráð syðri þústin en hún er tæpa 10 m suðaustur af 016-1. Þústin er um 8 x 4 m að stærð NA-SV og fátt um hana að segja, rís um 0,4 m yfir umhverfið, er þýfð og gróin. Ekki er hægt að fullyrða að hér séu mannvirkjaleifar undir sverði.

Hættumat: engin hætta



Þúst SN-290:094_02, horfi til suðausturs

SN-290:095 garðlag túngarður

324630 520538

Bogadreginn garður liggur upp frá sjávarbakka um 100 m austur af bæ, nálægt suðausturhorni Fagureyjar. Mörg mannvirki eru byggð upp við þennan garð: fjárhústóftir 063 og 087 og kálgarðar 088 og 089. Grasi gróinn sjávarbakki, valllendi.



Garðlag SN-290:095. Á mynd til vinstri er horft til suðausturs, á drónamynd til hægri er horft til norðausturs

Garðurinn er veglegur og mikill um sig. Hann liggur fyrst í L frá sjávarbakkanum svo að þar myndast líkt og hólf suðaustan við fjárhústóft 063, sem er sambyggð honum. Áfram stefnir garðurinn fyrst til NV (þar er fjárhústóft 087 sambyggð honum sunnanvert og kálgrður 088 að norðan) og svo til vesturs þar sem hann endar við miðjan austurvegg kálgarðs 089. Alls er hann þá um 75-80 m langur. Á þessum stað er garðurinn einna veglegastur, nánast eins og vegur, sléttur og breiður að ofan og allt að 1,1 m hár og vel rúmlega 1,5 m breiður. Ljóst er af loftmynd að garðurinn hefur áður náð lengra til vesturs. Vel mótar fyrir honum inni í kálgarði 089 og sennilegt má telja að hann hafi tengst garðbroti sem hér er skráð nr. 092. Ef það er rétt hefði myndast þarna gerði á sjávarbakkanum, alls um 80 x 40 m stórt frá A-V.

Hættumat: engin hætta

SN-290:096 stífla áveita

324544 520621

Garðlag liggur upp frá vesturhlið kálgarðs 089 og í sveig til norðurs og norðvesturs yfir eyjuna, en á norðurhlutanum tengist hann rústum, sjá 056. Um þennan garð segir Ágúst Ólafur "A-hluti eyjarinnar. Lýsing: Garður að mestu úr torfi, nær frá fjárhúsrúst nr. 220e [056], suður yfir eyjuna og að mannvirkjum nr. 229f-g. Hæð 0,5 - 1 m, þykkt 1 - 1,5 m. Garðurinn skiptir eyjunni nánast í tvennt ásamt N garði nátthaga nr. 219a." Að stórum hluta liggur garðurinn um mýrlent svæði og að hluta á bakka tjarnar.

Alls er garðurinn um 230-240 m langur, og er þá talið frá kálgarði 089 og að tóftum 056. Hugsanlega ætti þó að telja garð sem liggur í sömu stefnu í framhaldinu, handan tófta og fram á



Garðlag SN-290:096. Á mynd til vinstri er horft til suðurs. Á drónamynd sést garðlagið á miðri mynd neðarlega, í jaðri tjarnar en horft er til norðurs.

sjávarbakka, sem hluta af þessum, og er það gert hér. Garðurinn sem hér er til umræðu hefur að líkindum haft tvíþætt hlutverk: Annars vegar girðir hann austurhluta eyjarinnar af, skilur túnið eða heimalandið frá úthaga. Hins vegar gegnir hann hlutverki flóðgarðs, en hann hefur haldið vatni uppi á tjörn um miðbik eyjarinnar, sem síðan hefur verið hægt að hleypa niður mýrina til norðurs, sbr. garðlag 093. Hefjum lýsinguna syðst, sunnan við kálgarð 089. Þar sjást ekki augljós merki garðs en líklegast er þó að hann hafi náð alveg að gerðinu. Annarsstaðar var sett fram sú hugmynd að garðlög 092 og 095 hafi áður tengst sama gerði. Þá gæti garðurinn sem hér er lýst hafa legið frá norðurhlið þess, en ekki alla leið frá sjávarbakka. Um 20 m norðan við kálgarðinn verður garðurinn greinilegur og liggur mest afgerandi hluti hans til norður yfir eyjuna. Þó má einnig greina arm sem liggur til suðurs frá aðalgarðinum á þessum stað fast austan við tjörnina í Prjónamýri og um 45 m til suðurs áður en hann verður óskýr. Aðal armur garðsins liggur hins vegar í um 25 m til NNV, að hlöðutóft 090 sem er sambyggð honum. Þar norðan við er garðurinn óljós á kafla en er alveg ljós skammt norðar, þar sem hann liggur á austurbakka ádurnefndrar tjarnar á 90-100 m löngum kafla. Þar sem tjörninni sleppir, við NA-horn hennar, er rof í garðinn og þar liggur garður 093 niður til norðurs. Líklegt er að hleri hafi verið í opinu og hægt hafi verið að hleypa vatni úr tjörninni til norðurs. Af loftmynd að dæma hefur tjörn þessi verið um tvöfalt stærri og væntanlega grynri sem því nemur, en garðurinn verið hlaðinn yfir hana miðja, væntanlega til að safna vatninu á minna svæði svo auðveldara væri að hafa stjórn á því. Áfram heldur garðurinn hátt í 70 m til viðbótar, að tóftum 056 en handan þeirra heldur garður áfram um 70 m til viðbótar, fram á sjávarbakka sem líklega er hluti af þessum. Hann virðist kvíslast í tvennt þegar næstum er komið fram á bakkann og er mögulegt að lítið gerði hafi verið þar á milli, með bogadregnum vegg. Einu má við þetta bæta. Af loftmyndum að dæma virðist mögulegt að einnig hafi verið hlaðið meðfram suðurenda tjarnarinnar þótt ekki hafi það verið skoðað á vettvangi. Væntanlega hefur það verið nauðsynlegt vegna halla landsins. Sú hleðsla hefur þá tengst þessum garði og gæti hafa verið um 30 m löng en þar er land mikið hlaupið í þúfur þótt brún tjarnarinnar sé regluleg.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ágúst Ól. Georgsson 1985, nr. 221

SN-290:097 garðlag kálgarður 324634 520512

Kálgarður er fast sunnan við fjárhúsatóftir 063 og 087, á suðaustasta hluta Fagureyjar. Um hann segir Ágúst Ólafur: "e) Afgirt svæði, um 20 x 13 m, vestan fjárhúsa a) og b). Takmarkast að austanverðu af tóftarbroti d). Leifar grjóthleðslu einnig í fjörinni. Hlið, um 1 m br. við miðjan V-vegg b). Hæð veggja um 0,5 m, þykkt um 1 m. Þetta var kálgarður um 1930.147 Afgirta svæðið hafa gegnt tvennu hlutverki, verið kálgarður að sumarlagi og rétt á veturna, þ.e. fyrir fé að degi til." Brekka í halla mót suðvestri. Lítil lækur rennur meðfram vesturhlið kálgarðsins. Sjávarbakki er að



Kálgarður SN-290:097. Á ljósmynd er horft til norðausturs

sudáustan og dálítið rof þar í en þó varla teljandi svo að það ógni kálgarðinum.

Kálgarðurinn afmarkast á tvo vegu með garðlagi, að suðvestan og norðvestan. Sjávarbakkinn markar hann að suðaustanverðu og fjárhústóftirnar ásamt garðlagi 095 að norðaustan og alls er hann um 13 x 13 m stór. Suðvesturhlið garðsins er um 13 m löng en norðvesturhliðin 8-9 m. Garðurinn er frekar lágur og lítill um sig, um 0,5 m breiður og 0,5 m hár. Suðvesturhliðin er ógróin grjóthleðsla að hluta en að mestu hrunin.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ágúst Ól. Georgsson 1985, bls. 32

SN-290:098 heimild um fjós

Í örnefnaskrá Fagureyjar segir: "Fjós frá Ytribænum var rétt neðan hans og hlaða [sjá 066] rétt ofan ivð hann. Ekki er nú vitað hvar umrætt fjós var og er það líklega einhver af þeim tóftum á og við bæjarhól sem þegar eru skráð undir númerum.

Bæjarhóllinn á Fagurey er reisulegur og áberandi og sést vel að þegar komið er að eyjunni. Hann er grasi gróinn og í kring eru tún í órækt. Undir bæjarhólnum voru auk sjálfs bæjarhólsins (01) skráð bæjarhús Ytribæjar 02, Innribæjar 03, ógreinileg ummerki sem gætu verið eftir eldri bæ 04, öskuhaugur 05, skemma/útielhús 06, kofatóft 07, og þúst 08. En utan í bæjarhólnum var einnig skráður kálgarður 007_01-03 og traðir 016.

Heimildir: Ö-Fagurey KE, 3

SN-290:099_01 náma mógrafir

324429 520558

Tvær gryfjur með vatni í eru nærri mýrarjaðri suðvestan við heimatúnið í Fagurey. Mögulega eru grafirnar ummerki um mótekju og eru þær á svæði sem er 23x4,5 m stórt og snýr norður-suður. Meintar grafir eru í smáþýfðu, grasi grónu deiglendi. Lýsingin hefst á minni gröfinni 01, sem er



Yfirlit yfir uppmælingar á mógröfunum til vinstri, til hægri er horft til suðvesturs yfir námu 01

nyrst á svæðinu. Hún er rúmlega 2,5 m í þvermál og um 0,3 m djúp. Vatn stendur í henni.

Hættumat: engin hættu

SN-290:099_02 náma mógrafir

324428 520539

Stærri gröfin 02 er syðst á svæðinu og er sporöskjulaga, 6x4 m að innanmáli (norður-suður). Gröfin er allt að 0,5 m djúp og stendur vatn einnig í henni.



Horft yfir námu SN-290:099_01-02 á drónamynd til vinstri. Á ljósmynd er horft yfir 02 og til suðvesturs


Hættumat: engin hætta

SN-290:100 þúst óþekkt hlutverk

324425 520592

Yfirgróin grjóþúst er í mýrarjaðri nærri heimatúninu í Fagurey. Hún er 15 m VNV við útihústöft 064 og 100 m norðvestan við bæ 001. Fremurs stórþýft er í mýrarjaðrinum og grasi gróið.

Þústin er 2,5x1,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er kúpt og er 0,2-0,3 m á hæð.



Þúst SN-290:100. Á ljósmynd er horft til suðvesturs

Ekki er ljóst um hvers konar mannvirki er að ræða. Umhverfis tóftina er lágur torfkragi og norðvestan við hana er grunn lægð þar sem vatn stendur og virðist hafa myndast við efnistöku eða niðurgröft af einhverju tagi.

Hættumat: engin hætta

SN-290:101 *Vörin* heimild um lendingu

324493 520437

"Vestan hennar [Sandvíkur] er Vörin, beint niður af Innribænum. Var þar hlaðin steinbryggja [020] fram í fjöru og lent við hana um hálfallið," segir í örnefnalýsingu. Vörin var vestan við steinbryggjuna og 30 m sunnan við bæ 001. Malar- og sandfjara neðan við lágan bakka.

Ekki sáust skýr ummerki um mannaverk í Vörinni, s.s. rudd renna eða hlaðinn kantur. Þó er stór grjótpúst 086 fast norðvestan við.

Heimildir: Ö-Fagurey KE, 4



Horft yfir Vörina SN-290:101, til norðvesturs

SN-290:102 *Prjónamýri* heimild um leikvöll

324517 520657

"Prjónamýri. Á vetrum lagði þessa mýri og var þá oft farið þar á skautum. Telur Bergsveinn [Jónsson, heimildamaður] hugsanlegt, að mýrin dagi nafn af því, að konur hafi setið þar með prjóna og horft á skautaleiki á mýrinni eða krakka sigla þar bátum, þegar vatn stóð uppi á henni," segir í örnefnaskrá. Í æviminningum Skúla Skúlasonar segir hann frá leikjum í Prjónamýri: "Var þá oft ólmast og hlaupið á Prjónamýri þegar svell var á henni. Stundum kom það fyrir þegar tunglsljós var og gott veður, að við krakkarnir fengum allt fullorðna fólkið með okkur út á Prjónamýri í stórfiskaleik. Faðir okkar og móðir komu þá til að horfa á ólætin. Kliðurinn í okkur heyriðst oft upp í Bíldsey ef veður var gott." Prjónamýri er um 150 m norðan við bæ 001 og má ef til vill segja að garður 096 liggja yfir hana. Innan og sunnan garðs er túnið í Fagurey og utan hans er úthagi. Prjónamýri er deigland, þýfð og grösug. Líklega nær hún yfir svæði beggja vegna við áveitugarð 093 og er talsvert blautara land austan við hann heldur en vestan við.

Engar minjar eru um leiksvæði barna í eða við Prjónamýri.

Heimildir: Ö-Fagurey KE, 2; Æviminningar Skúla Skúlasonar skipstjóra Stykkishólmi, 8

5. Saga Fagureyjar og þróun byggðar

Í kaflanum hér á eftir verður fjallað um upphaf og þróun byggðar í Fagurey eins hægt er út frá núverandi stöðu þekkingar. Einnig verður fjallað um gróðurfar, landslag og örnefni en þó ennfremur um minjar í eyjunni og einkenni þeirra. Gerð verður tilraun til að greina minjar eftir svæðum, þ.e. vinna landsháttagreiningu fyrir eyjuna (sjá kafla 6). Slíkt er ekki hluti af því sem gert er í hefðbundinni fornleifaskráningu hér á landi en samskonar greining hefur þó verið gerð á völdum svæðum vegna ýmissa rannsókna.¹ Sú nálgun sem hér er beitt er svipuð þeim sem er að finna í eldri skýrslum Fornleifastofnunar Íslands þar sem leitast er að því að skilgreina landslag heildrænt fremur en að einblína á stakar minjar.²

Þegar heildræn nálgun er notuð til að fjalla um minjar er sums staðar notast við hugtakið *búsetulandslag* en í lögum um menningarminjar er kveðið á um að búsetulandslag teljist til fornleifa og sé friðað. Sjálft hugtakið hefur þó aldrei verið skilgreint og það sama má segja um *menningarlandslag* sem einnig er nefnt í lögnum og er í raun enn víðtækara hugtak. Í umfjölluninni hér á eftir er hugtakið *landshættir* notað á líkan hátt og *landscape character* í ensku, sem leggur út frá því að einkennum landslags sé lýst (en slík einkenni geta bæði verið tilkomin af náttúrulegum orsökum eða með íhlutun mannsins) og litið svo á að með landsháttagreiningu megi varpa ljósi á menningarlandslag og skilja betur mótun þess, einkenni og þróun.

5.1 Landslag og gróðurfar

Fagurey er á Breiðafirði, ríflega 8 km norður af Stykkishólmi. Nafnið *Fagurey* er líklegast tilkomið vegna þess að eyjan er óvenju láglend og grösug og því gjarnan fagurgræn á sumrin. Lágir klettur eru á norðvestur- og norðurströnd eyjunnar en sandfjara í víkum á suðaustanverðri eyjunni þar sem allar þekktar landingar og bryggjur er að finna.

¹ Sjá t.d. Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2016, Birna Lárusdóttir, Edda R.H. Waage, Gísli Pálsson, Guðbjörg R. Jóhannesdóttir. 2016, Birna Lárusdóttir. 2018 og Birna Lárusdóttir 2020.

² Sjá t.d. Birna Lárusdóttir 2018 og Birna Lárusdóttir 2020.

Fagurey er um 19 hektarar að stærð. Henni fylgir nokkur fjöldi hólma og eru þeir stærstu *Torfbólmi*, *Engbólmi*, *Þjattland*, *Feldarbólmi*, *Steinaklettur*, *Gassasker* og *Hrói* (auk fjögurra hólma við Hrappsey). Samanlagt eru eyjan og stærstu hólmannir rúmir 25 hektarar að stærð. Eyjan var lengi talin ein besta eyjan á Breiðafirði.³



Mynd 4. Fagurey ber nafn með rentu, er öll gróin og fagurgræn.

Fátt er vitað um gróðurfar og landshætti í Fagurey á fyrstu öldum. Þótt ekki sé ástæða til að gera ráð fyrir að gróðurfar hafi tekið stórfelldum breytingum í eyjunni í gegnum aldirnar hafa engar rannsóknir enn verið gerðar á fornvistfræði hennar eða annarra Breiðafjarðareyja og t.d. ekki vitað hvort eyjarnar hafi almennt verið skógi vaxnar við landnám eða ekki. Ekki hafa verið gerðar miklar gróðurfarsrannsóknir í eyjum við Ísland en þær vísbendingar sem þó hafa fengist í slíkum rannsóknum benda til þess að útbreiðsla birkiskógar hafi hugsanlega verið minni þar en á fastalandinu.⁴ Út frá almennum líkum má gera ráð fyrir að fljótlega eftir að byggð hefst í Fagurey verði talsverðar breytingar á gróðurfari þar samhliða breytttri landnýtingu, túnrækt og útbeit.⁵

³ Guðbrandur Sigurðsson. 1955-56, bls. 62

⁴ Til þess benda m.a. rannsóknir í Vestmannaeyjum (Egill Erlendsson pers. com) og Papey (Buckland et.al. 1985).

⁵ Afar áhugavert gæti verið að kanna gróðurfar í eyjunni á fyrri öldum og var sótt um styrk fyrir slíku verkefni til RÍM sjóðsins, þ.e. að gera fornvistfræðilegar greiningar í eyjunni sem gætu varpað skýrara ljósi á gróðurfar á fyrri öldum og

Ekki er hægt að fjalla um gróðurfar og landgæði í Fagurey án þess að minnst á þau umfangsmiklu garðlög sem þekja stóran hluta af suðvestanverðri eyjunni og tengjast líklega akurrækt (sjá nánari umfjöllun í kafla 6.3). Frekari rannsókna er þörf til að staðfesta hlutverk garðanna en frá almennum rökum má álykta að í Fagurey hafi verið umtalsverð akurrækt á fyrri öldum. Ekkert er enn vitað um upphaf hennar eða endalok en almennt er talið að kornrækt hefjist strax við landnám hér á landi og leggist af að mestu á 14. öld.⁶ Akurræktin hefur án efa að nokkru mótað landnýtingu og gróðurfar eyjarinnar sem væntanlega hefur þá breyst aftur þegar hún leggst af.

Fyrstu heildstæðu lýsinguna á gæðum og gögnum í Fagurey er að finna í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1702. Af henni má ráða ýmislegt um landgæði í eyjunni. Þar kemur t.d. fram að heimatúnið var talið gott (þótt þörf væri á því að rækta það upp), sölvafjara og lundatekja í betra lagi og fjörugrös eru þar sögð nokkur. Í Jarðabókinni kemur fram að hólarnir sem fylgja eyjunni nýtist vel til slagna og þar sé bæði dúntekja og eggver. Í Fagurey er heimræði sagt gott „þegar fiskast“ en selveiði í minna lagi. Engin selstaða er þá í eyjunni og hefur að líkindum aldrei verið, a.m.k. kemur fram í Jarðabókinni að hafi ábúandi áhuga á að hafa í seli þurfi hann að kaupa selstöðu annars staðar frá. Það sama gildir um eldivið og kolavið en hann fékk leiguliði þá að taka í skógi landeiganda án endurgjalds.⁷

Ábúendur í Fagurey hafa án efa ætíð byggt hluta af afkomu sinni á sjávarnytjum. Þegar Jarðabókin er rituð átti ábúandi á heimajörðinni fjögur skip og notaði tvö þeirra til veiða en ábúendur á hjáleigunum tveimur áttu aukalega samanlagt fjögur skip og voru tvö þeirra notuð til fiskveiða. Samanlagt voru því átta skip í eyjunni og helmingur þeirra var notaður til veiða sem verður að teljast nokkur fjöldi í 25 manna samfélagi en ekki er ólíklegt að fleiri hafi búið þar á vertíð.⁸

Í Jarðabókinni frá 1702 og í Jarðatali Johnsen frá 1847 er Fagurey metin í góðu meðallagi eða á 24 hdr. Í Nýju jarðatali frá 1861 er hún hins vegar metin tvöfalt dýrari eða á 49,7 hdr en ekki er ljóst hvað veldur þessari hækkun á jarðarmatinu.⁹ Lýsingu á landgæðum í Fagurey í upphafi 20.

sömuleiðis mögulega varpað betra ljósi á meint akurgerði í eyjunni. Ekki fékkst nægilegt fjármagn við úthlutun úr sjóðnum vorið 2023 til þess að hægt væri að ráðast í greiningar á fornvistfræði Fagureyjar og bíða þær því betri tíma.

⁶ Sjá t.d. Gunnar Karlsson. 2009, bls. 155-167 og Jónatan Hermannsson. 1993. Jónatan bendir á að dreifing örnefna og ritheimilda sem tengjast akurrækt um landið sé í raun í ágætu samhengi við það sem mætti vænta miðað við veðurfar í dag að frátöldum Breiðafjarðareyjum þar sem hann segir sumarhita í dag vera talsvert lægri en svo að það dugi, en skýrir ekki hvernig standi þá á þeim miklu vísbendingum um kornrækt sem greina má á svæðinu.

⁷ JÁM V, bls. 355.

⁸ JÁM V, bls. 355-356.

⁹ JÁM V, bls. 355; JJ, 157 og *Ný jarðabók fyrir Ísland* (Kh. 1861), bls. 64.

aldar er að finna í Fasteignamati sem tekið er saman rúmum 200 árum eftir ritun Jarðabókar Árna og Páls. Samkvæmt fasteignamati 1916-18 var túnið þá 2,6 ha stórt og því er lýst sem grasgefnu en ógreiðfæru og gaf það af sér 80 hesta af töðu. Beitoland á jörðinni er sagt lítið og snögglent en kjarngott og fjörubeit góð þótt flæðihætt sé en einnig tekið fram að slægja sé góð í hólmunum og úr þeim komi töðugott hey auk þess sem þeir nýtist fyrir sauðfjárbeit að hausti. Líkt og áður er þar nokkur dún- og lundakofnatekja en mótak ekkert og torfista engin. Í matinu kemur fram að selveiði hafi áður verið við Gassasker en sé nú orðin rýr eða alveg horfin.¹⁰ Ekki er vitað hvenær selveiði úr eyjunni leggst af en ljóst er að þar var enn veiddur selur 1897 því í bók um fiskirannsóknir það ár kemur fram að í Gassaskerjum séu enn veiddir veturgamlir vorkópar með írekstri eins og víðar á Breiðafirði „þ. e. nótt er lögð fyrir vik eitt, er gengur inn í skerid, og selur sá, sem uppi liggur, rekinn ofan í nóttina.“¹¹

Að samanlögðu má ráða að landkostir í Fagurey hafi verið í betra lagi (eftir því sem sjá má af heimildum og mannvistarleifum í eyjunni). Tún og engjar voru þar góðar og á fyrstu öldum virðast skilyrði fyrir akurrækt hafa verið ákjósanleg. Í eyjunni voru einnig ýmis hlunnindi tengd nýtingu fugla og fiskveiði sem hafa stuðlað að því að eyjan hefur án efa haldist í stöðugri byggð allt frá því að búskapur hófst þar og þar til hún fellur í eyði rétt fyrir miðja 20. öld.

5.2 Upphaf og þróun byggðar

Ekki er vitað hvenær byggð hefst í Fagurey en ætla má að það hafi verið fljótlega eftir fyrsta landám. Mögulega hefur Fagurey fylgt með landnámi Geirmundar heljarskinns, ef því landnámi hafa fylgt eyjar úti fyrir Klofningi. Einnig kemur til greina að eyjan hafi fylgt landnámi Kjallaks Bjarnarsonar sem átti landnám á móti Geirmundi en samkvæmt Landnámu (S og H) deildu þeir um landsvæðið á milli Klofninga og Fáfnisár og börðust á ekrunum fyrir utan Klofninga.¹² Í rauninni virðist lítið fjallað um það hvaða landnámi eyjarnar tilheyrðu og það er ekki getið um Fagurey í ritaðri heimild fyrr en í tengslum við atburði í Sturlungu sem eiga að gerast árið 1235 og er ljóst að þá er búið í eyjunni.¹³ Á því skeiði gegnir eyjan talsvert mikilvægu hlutverki. Þórður Sturluson, faðir Sturlu sagnaritara, virðist hafa haft einhver ítök í eyjunni og dvelur þar veturinn 1242. Í Sturlungu er getið um annan ábúanda, Ingimund Arnórsson, sem bjó í eyjunni árið 1255.

¹⁰ Fasteignamat 1916-18.

¹¹ Bjarni Sæmundsson. 1898, bls. 220-221.

¹² ÍF I, bls. 154-156

¹³ Sturlunga saga I. 1946, bls. 383-384 og 391. Sturlunga saga II. 1946, bls. xxiv-xliii, xlvi-xlviii, 24-25, 31-32, 67 og 183. Sjá einnig ÍF XXI, bls. 421-423, ÍF XXII, bls. 161, 254. Sjá einnig ÍF XXI, bls. 268, 269, 279, 430, 431, 482.

Sturla Þórðarson hefur haft sterk tengsl við eyjuna og virðist oft staddur þar, t.d. í tengslum við fundarhöld. Hann flytur svo í eyjuna á sínum efri árum og býr í henni allt þar til hann deyr árið 1284. Sökum tengsla þeirra Þórðar og Sturlu við Fagurey hefur gjarnan verið álitnið að Þórður og jafnvel Sturla hafi átt eyjuna. Þess er þó hvergi getið með beinum hætti í heimildum þannig að ekki er hægt að fullyrða um eignarhald þótt ljóst sé að eyjan hafi verið á áhrifasvæði þeirra fedga. Raunar má sjá að a.m.k. síðari ár Sturlu í eyjunni var hún í eigu Helgafells en samkvæmt máldaga frá 1274 er eyjan undir kirkju og stað og heyrði enn undir staðinn um 1400.¹⁴

Í fornum heimildum er Fagureyjar oftast getið í tengslum við þá hálfkirkju/bænhús sem þar stóð um aldir. Bænhússins er fyrst getið í ritaðri heimild í máldaga Skarðskirkju frá 1327 þar sem fram kemur að prestar frá Skarði skyldu messa í eyjunni sex sinnum á ári – og er oft getið í máldögum síðar.¹⁵ Lítið fróðleiksbrot um sögu eyjarinnar hefur varðveist í bréfi frá konungi frá 1567 þar sem fram kemur að Fagurey var afhent Pétri Einarssyni sýslumanni til afnota ævilangt en skyldi ganga til krúnunnar að honum látnum.¹⁶ Af þessu má ráða að eyjan er þá komin í eigu konungs (hefur líklega gerst við siðaskipti) en þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín er rituð, ríflega 100 árum síðar, er jörðin í bændaeign. Þá situr jörðina leiguliði eins og virðist oft hafa verið raunin, a.m.k. á síðari öldum.

Þegar Jarðabókin er gerð 1702 er einn ábúandi á heimajörðinni. Þá var að auki búið á tveimur hjáleigum (búðum) og hafði sú þriðja nýverið fallið úr byggð en fjórða hjáleigan hefur greinilega fallið úr byggð eitthvað fyrr. Samtals bjuggu þá 25 manns í eyjunni.¹⁷ Leiguliðinn á heimajörðinni var með sex kýr, sextán ær og þrjú lömb en ábúendur á hjáleigunum höfðu litla bústofna, eina kú og nokkrar kindur hvor. Í upphafi 18. aldar galt leiguliði leiguna fyrir Fagurey í fiski eða smjöri.¹⁸ Á 19. öld virðist algengt að tvö heimili hafi verið í eyjunni en 1845 voru þau þrjú og bjuggu þá 25 manns þar líkt og í upphafi 18. aldar.¹⁹

Í upphafi 20. aldar áttu landsfrægir framámenn Fagurey; þeir Hannes Hafstein (14 hundruð) og Geir Zoëga (10 hundruð). Hana sátu þá, líkt og oft áður, leiguliðar.²⁰ Leigan var borguð í æðardúni og var leigugjaldið 50 pund af hreinsuðum dúni sem þótti nokkuð mikið og náðist ekki

¹⁴ DI II, bls. 116 og DI III, bls. 326 og IV, bls. 167

¹⁵ DI II, bls. 636.

¹⁶ DI XIV, bls. 614-615.

¹⁷ *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 132.

¹⁸ JÁM V, bls. 354-356.

¹⁹ Sjá t.d. II. *Manntal á Íslandi 1801*. 1979, bls. 130-131, *Manntal á Íslandi 1845*. 1983, bls. 128 og *Byggðir Snæfellsness*. 1977, bls. 452.

²⁰ Fasteignamat 1916-18.

alltaf að vinna dún upp í alla leiguna.²¹ Tvíbýlt var í Fagurey í upphafi 20. aldar en skömmu síðar lagðist búskapur á smærri jarðarhlutanum af og eyjan fór svo endanlega í eyði 1938 þegar uppistandandi íbúðarhús í eyjunni brann til kaldra kola.²²

²¹ Ö-Fagurey KE, bls. 1.


²² Ö-Fagurey, bls. 1-2.

6. Landshættir í Fagurey

Við fornleifaskráningu í Fagurey voru allar sýnilegar minjar mældar upp og gerð tilraun til að staðsetja horfnar minjar eins og hægt var. Með skráningunni fékkst heildaryfirlit um menningarminjar í eyjunni og ástand þeirra. Menningarlandslag fyrri alda í eyjunni hefur þannig verið dregið fram, en eins og gefur að skilja er vægi minja frá síðustu öldum mun meira en þeirra sem eldri eru enda eru þær gjarnan, og jafnvel í flestum tilfellum, huldar yngri minjum og/eða horfnar í framkvæmdum síðari alda. Mikill meirihluti þeirra yfirborðsminja sem skráðar voru eru því líklega frá 19.-20. öld en þó voru skráðir nokkrir minjastaðir sem greinilega eru eldri og að auki má búast við að undir sverði á sumum af hinum yngri stöðum leynist eldri minjar.

Auk sýnilegra minja eru örnefni mikilvægur hluti af menningarlandslagi hvers svæðis og er það einnig svo í Fagurey. Við skráningu var farið yfir öll þekkt örnefni í eyjunni og öll þau örnefni sem bentu til mannvistar voru könnuð með tilliti til mögulegra minja. Að auki var rýnt í örnefnin með það að leiðarljósi að kanna hvort á meðal örnefna leyndust einhver sem líklegt mætti telja að ættu uppruna sinn að rekja til miðalda. Það er vandasamt að greina á milli þeirra örnefna sem eru frá síðustu öldum og þeirra sem ef til vill ná lengra aftur í tíma en til gamans má nefna nokkur örnefni sem gætu mögulega verið til vitnis um fjarlægari tíma eða tengingu við nafngreindar sögupersónur fyrri alda. Örnefnin *Kirkjubhleinn*, *Kirkjubhleinarflöt* og mögulega einnig *Prestavör* eru til vitnis um bænhús eða hálfkirkju sem var í Fagurey í kaþólskum sið. *Akrabúð* er nafn á hjáleigu Fagureyjar sem nefnd er í manntali frá 1703 og er vísbending um akra í nágrenni við býlið en kornrækt á ökrum var að mestu hætt hér á landi á 14. öld, eins og fram hefur komið. *Dórðartangi* er suðvestast á Fagurey en ekki er vitað hvort tanginn er nefndur eftir Þórði Sturlusyni, föður Sturlu sagnaritara, eða hversu gamalt örnefnið er. E.t.v. er líklegra að skerið *Órækja* sé nefnt eftir Órækju Snorrasyni þar sem það er óalgengt nafn – þó í raun sé ekkert vitað um það með vissu. Skerið er úti fyrir lendingu og bryggju sunnan við bæinn í Fagurey og hefur þurft að varast það við innsiglingu. Nafngiftin er líklega ekki mjög gömul og hefur þótt við hæfi að skerið fengi nafn Órækju sem var heldur viðsjárverður í viðskiptum á sínum tíma, ef marka má söguna. Að lokum mætti nefna *Pálsflögu*, blindsker, sem sagt er að Staðarhóls-Páll hafi steytt skipi sínu á en bjargast.

Í rannsóknnum á menningarlandslagi eins og þeirri sem hér lítur dagsins ljós er horft til þeirrar staðreyndar að menningarlandslag er marglaga og ber einhver merki margra kynslóða og samfélaga. Verkefni fornleifafræðings sem skráir menningarlandslag, er einmitt að rýna í það til að greina á milli þess sem er sýnilegt og áberandi og ógreinilegru ummerkja sem geta ýmist verið óljós eða jafnvel alveg máð af yfirborði. Eitt af markmiðum skráningarinnar í Fagurey var að gera tilraun til að varpa ljósi á menningarlandslag miðalda í tengslum við búsetu Sturlu Þórðarsonar í eyjunni á 13. öld og draga þannig fram það umhverfi sem ritmenning á svæðinu átti uppruna sinn í.



Mynd 5 Skipting Fagureyjar eftir landsháttum og einkennum minja


Á grundvelli skráningar var því reynt að rýna í eldri lög mannvistar á svæðinu eins og hægt var með rannsókn og skráningu á yfirborðsminjum. Með þeim hætti má byrja að kanna menningarlandslag miðalda með tilliti til búsetu, minja og gróðurfars. Í kaflanum hér á eftir verður gerð tilraun til að skipta eyjunni gróflega upp eftir landsháttum/landnýtingu og byggir skipting fyrst og fremst á sýnilegum yfirborðsminjum. Fjallað verður um einkenni hvers svæðis og helstu minjar á því. Þar á eftir verður gerð tilraun til að draga betur fram minjar í eyjunni sem kunna að eiga rætur sínar á fyrri öldum. Með þessu er gerð tilraun til að greina tímabilaskiptingu minja í eyjunni, að því marki sem hægt er þar sem enginn fornleifauppgröftur hefur enn verið gerður í eyjunni og því ekki hægt fullyrða um aldur minja með neinni vissu.

Hér að neðan er fjallað um minjar og landnýtingu í Fagurey. Fyrst er þá fjallað um minjar í heimatúninu í Fagurey, því næst minjar á svæðum sem flokka má sem úthaga á norðaustanverðri eyjunni og svo á suðvestanverðri eyjunni sem eru um margt óvenjulegar, áður en strandminjar á suðvestanverðri eyjunni verða skoðaðar sérstaklega. Að lokum verður fjallað um minjar og landnýtingu í hólum sem tilheyrðu eyjunni.

6.1. Svæði 1: Minjar í heimatúni



Segja má að hjarta Fagureyjar, eins og bújarða almennt, sé heimatúnið. Þar er bæjarhóll jarðarinnar að finna, þar var bænhus fyrir á öldum og útihús sem enn sjást leifar af. Í túninu er dreifing minja þéttari en víðast en annars staðar, þó raunar sé hún býsna þétt á ýmsum öðrum svæðum í Fagurey, enda landrými takmarkað.

Líklegast verður að telja að bærinn hafi alltaf verið á svipuðum slóðum og þar sem hann stóð við búsetulok í eyjunni, og heimatúnið hafi verið þar í kring. Bæjarhóllinn er sá blettur á Fagurey sem rís hæst og sést vel víðs vegar af eyjunni. Á þessum slóðum er lág, náttúruleg brún en upphleðsla mannvistarleifa á þessum stað hefur aukið talsvert á hæð hennar og gert hana afgerandi í eyjalandslaginu. Heimatúnið er utan í og umhverfis bæjarhóllinn. Nordan eða norðaustan við hann tekur við deiglendi í *Prjónamýri* og önnur stór mýri (líklega Illatunga) er suðvestan við hæðina, einnig í jafri túnsins.



Mynd 6: Túnakort fyrir Fagurey, íbúðarhúsin tvö merkt sem kassar, matjurtagarðar sem þríhyrningar og önnur hús sem punktar.

Ekki er einfalt að afmarka/skilgreina heimatún Fagureyjar. Þegar túnakort fyrir jörðina var gert árið 1916 eru heimatúnin sögð 2,6 ha að stærð, en ef tekið er tillit til þeirra húsa og kálgarða



Mynd 7-8: Á efra korti má sjá mörk heimatúnsins skv. túnakorti frá 1916 ef kortið er upprétt miðað við þau hús sem voru í túni og enn sjást leifar um. Á neðri mynd má sjá stærð túnsins ef túnakortið er upprétt miðað við uppgefna túnstærð á kortinu. Eins og sést ber mikið á milli. Loftmynd: Landmælingar Íslands

sem þar eru merkt inn og kortið rétt upp miðað við staðsetningu þeirra kemur í ljós að túnið sem þar er sýnt er aðeins um 1 ha að stærð. Ef túnakortið er rétt upp miðað við uppgefna stærð passar hins vegar staðsetning húsa og garða engan veginn og því ljóst að kortið er fremur ónákvæmt og ekki á það að treysta að fullu. Í umfjöllun hér á eftir er farin sú leið að skilgreina heimatúnið út frá garði sem markar svæðið til norðurs (SN-290:096) og gerðum (SN-290:056) sem afmarkar það til norðvesturs að hluta en annars er náttúrulegum mörkum túna og mýra fylgt að vestan. Að öðru leyti er svæðið að mestu markað af strandlínunni þótt mjó landræma allra næst sjó sé skilgreind utan þess (svæði 4: sjósókn og samgönguminjar, sjá mynd 12).

Samkvæmt þessari afmörkun er heimatúnið um 2,6 ha að stærð og því áþekkt því sem það var samkvæmt fasteignamati frá 1916. Er sú túnstærð líklega í ágætu samræmi við jarðardýrleika þó hlutfallslega megi kannski segja að túnið sé í stærra lagi miðað við heildarstærð jarðar. Greinilegt er hins vegar að á síðustu áratugum byggðar í Fagurey hefur verið unnið hörðum höndum að stækkun túnsins og ræktun nýrra túna.



Mynd 9. Norðurendi heimatúnsins í Fagurey. Sjá má garð SN-290:096 og gerði 056 sem afmarka túnið að hluta. Á myndinni má einnig greina skörp skál í túninu á milli þýfis og svæða sem hafa verið sléttuð með handverksfærum.

Innan heimatúnsins má sjá hvernig unnið hefur verið að sléttun túnsins út frá bæjarhólnum, en vænta má að skákirnar hafi verið handsléttaðar. Sem dæmi um slík ummerki má nefna að breið, sléttuð rák eða túnskiki gengur upp frá bæjarhólnum til norðurs og svo norðvesturs, alla leið að gerði SN-290:056. Önnur ámóta sléttuð skák liggur upp frá bæjarhólnum og beint til austurs og svo norðausturs á austurbakka *Prjónamyrrar* og í framkvæmdunum virðist hafa verið sléttað úr garði SN-290:096 á þessum slóðum. Enn önnur skák/sléttun er innan garðs á Stekk norðaustast á eyggi þar sem eru síðar fjárhús (sjá 062_05). Sem fyrr segir virðist hafa verið talsverður hugur í mönnum varðandi túnrækt í Fagurey við lok 19. aldar og í upphafi 20. aldar (sjá nánar kafla 6.2 um svæði 2). Engin merki um beðasléttur fundust hins vegar við skráningu í eyjunni.

Bæjarhóll Fagureyjar (SN-290:001_01) er myndarlegur og rís mest 3-4 m hærra en umhverfið. Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið lengi á sama stað. Þeir hlaðast upp úr mannvistarleifum í tímans rás og samanstanda af byggingaleifum, torfi, grjóti, gólfögum og öskuhaugum. Í bæjarhólum og öskuhaugum eru fólgnar miklar upplýsingar um húsakost, fæðu og almenn lífsskilyrði frá fyrstu búsetu og allt fram á 20. öld. Í þeim er einnig gjarnan að finna merka gripi. Bæjarhólar eru því gríðarlega mikilvægir minjastaðir en jafnframt sá flokkur minja sem einna verst hefur orðið úti vegna byggingaframkvæmda og rasks í kjölfar vélvæðingar landbúnaðarins frá síðari hluta 20. aldar. Bæjarhóllinn í Fagurey má kalla óraskaðan að öðru leyti en því að kjallari yngsta búðarhússins á Ytribæ er grafinn ofan í hann. Hóllinn er býsna stór, mest áberandi hluti hans er um 50 x 40 m að stærð (norðvestur-suðaustur) en raunar mætti bæta hátt í 30 m löngu svæði til norðvesturs við þá tölu þar sem annar hóltoppur með minjum (SN-290:012) er í framhaldi af þeim toppi þar sem íbúðarhúsin stóðu. Gera má ráð fyrir að bæjarhóllinn samanstandi að mestu leyti af uppsöfnuðum mannvistarleifum þótt þarna hafi greinilega verið náttúrulega hæð í landinu áður en byggð á svæðinu hefst. Þrátt fyrir að þær yfirborðsminjar sem eru á bæjarhólnum séu nær alfarið frá 19. og 20. öld er ljóst að undir yfirborði eru án efa miklar minjar um sögu byggðar í eyjunni, líklega allt frá elsta landnámi.

Ekkert er vitað um húsakost í Fagurey á fyrri öldum. Óhætt er að gera ráð fyrir því að á 13. öld þegar fyrirmenni eins og Þórður Sturluson og síðar Sturla sonur hans bjuggu í eyjunni hafi þar verið vel húsað. Elstu lýsingarnar á híbýlum í eyjunni ná hins vegar aðeins aftur til seinni hluta 19. aldar en í æviminningum Skúla Skúlasonar sem fæddist í Fagurey 1875 hefur varðveist greinargóð lýsing á þeim tveimur bæjum sem þá stóðu í eyjunni.²³ Samkvæmt Skúla voru þá tveir torfbærir þar, afar áþekkir að stærð og gerð. Hann lýsir þeim sem litlum en þokkalegum:

²³ Æviminningar Skúla Skúlasonar, 3-4.

Badstofurnar voru portbyggðar, vel fjögur stafgólf á lengd og hér um bil sex álnir á breidd, voru þær uppi á lofti undir reisifjöl, þiljaðar í sundur í miðju. Hver bær var í tveimur blutum sem kallaðir voru baðstofa og frambær. Tveir þilgaflar að sunnanverðu og torfveggir í miðju og til hliðanna, inngangur á frambæjarþilinu og eldhúsið á móti þegar inn var komið, en uppi yfir dyraloftið, sem kallað var. [...] Við eldhúsið komu göngin inn til baðstofu. Undir loftinu var búr að norðanverðu, en stofa fyrir gesti að sunnanverðu, og stiginn upp í baðstofu á göngunum á milli.²⁴

Ekki er vitað hvenær þessir yngstu torfbærir í eyjunni falla úr notkun en þegar Fasteignamat er gert 1916-18 hafði torfbærinn á Ytribæ vikið en torfbærinn í Innribæ stóð enn (með portbyggðu, járnvörðu þaki). Líklegt verður að teljast að hann hafi, a.m.k. að stofninum til, verið sama hús og Skúli lýsir í æviminningum sínum frá lokum 19. aldar (SN-290:001_03). Timburhúsið á Ytribæ var járnvarið timburhús á grjóthlöðnum kjallara (SN-290:001_02). Húsið stóð í eyjunni fram til 1921 en var þá flutt til Stykkishólms þar sem það stóð við Maðkavík (Skúlagata 13), allt fram til 1992 þegar það brann.²⁵ Grunnur þessa íbúðarhúss í eyjunni sést enn vel en samkvæmt heimildum var gerð skemma á þessum stað á síðasta búsetuskeiði eyjunnar. Ekki er ljóst hvenær hætt var að búa í torfbænum í Innribæ en það hefur verið einhvern tíma á tímabilinu 1917-1930. Til er ljósmynd frá um 1930 sem sýnir timburhús þar með tveimur burstum (með sambyggðum torfkofa að vestan). Bæjarhúsin í Innribæ stóðu allt til 1938 þegar þau brunnu til kaldra kola og markaði það endalok byggðar í eyjunni.²⁶ Auk grunna húsanna tveggja virðast hægt að greina ummerki um eldri bæjarleifar (SN-290:001_05 og 08) að húsabaki Ytribæjar. Líklega eru þau leifar þess bæjar sem þar stóð áður en timburhúsið var byggt. Auk ummerkja um yngstu (og eldri) bæjarhúsa eru nokkrar aðrar tóftir á og við bæjarhólinn. Flestar eru þær líklegast af útihúsum og hlöðum frá síðustu öldum (sjá SN-290:001_07, 007_01-02, , 008, 012_02-04 og 06-08, 013, 064, 066 og 073). Af þessum tóftum vekur falleg og vel hlaðin fjóstóft (SN-290:012_04) athygli sem flokka mætti sem *krossfjós* vegna þess að hún er með útskot til enda (norðvesturs og suðausturs) en í aðalrýminu hefur líklega verið tvístætt fjós með flór í miðju. Í Fagurey finnst raunar annað áþekkt, minna fjós sem var sumarfjós (SN-290:024) og er niður við Skipavík, skammt vestan heimatúnsins. Krossfjós voru samkvæmt Jónasi Jónassyni frá Hrafnagili algengust í Rangárvallasýslu og Borgarfirði en fundust víðar og Þórður í Skógum nefnir m.a. dæmi um slík fjós í Dalasýslu.²⁷

²⁴ Æviminningar Skúla Skúlasonar, bls. 3

²⁵ Guðlaug Vilbogadóttir. 2011, bls. 353

²⁶ Morgunblaðið og Þjóðviljinn 30. júní 1938

²⁷ Jónas Jónasson. 1961, bls. 468-469 og Þórður Tómasson. 2019, bls. 60-61.

Auk tófta sem augljóslega virðast frá 19. og 20. öld á bæjarhólnum var skráð aflöng og sigin tóft (SN-290:065) rúmum 20 m norðan við hólinn sem lítur út fyrir að vera talsvert eldri en aðrar minjar á þessu svæði. Við fyrstu sýn líkist tóftin helst fornum skála að lögun þótt draga megi í efa að slíkt mannvirki hefði varðveist svo gott sem óraskað við bæjarhól þar sem var búið um aldir. Enginn teljandi halli er á þessum stað, sem hefði annars getað bent til að



Mynd 10. Fornleg tóft SN-290:065 nærri bæjarhólnum í Fagurey.



Mynd 11. Horft yfir traðir að bæjarbóli þar sem flestar minjarnar í heimatúni Fagureyjar er að finna.

tóftin væri af fjósi eða öðru útihúsi en mögulega gæti hún verið af heytóft. Hún er á því svæði þar sem greinilega hefur verið sléttaður fláki frá bæjarhól og til norðurs og hefur því verið sléttað yfir hana að hluta þótt hún sé enn greinileg.

Af öðrum minjum á bæjarhólnum (en bæjarhús og útihús) má nefna stóran kálgarð (SN-290:007_01) sem er sunnarlega á honum og annan óljósari nokkru norðar á vestari hólnibbunni (SN-290:012_09). Af bæjarhólnum liggja skýrar og fallegar traðir (SN-290:016) um 70 m niður í Skípavík og má gera ráð fyrir að þær séu frá þeim tíma sem aðallending og bryggja eyjarinnar var þar (sjá nánar svæði 4). Heillegur brunnur sem enn er vatn í (SN-290:037) er fast austan við bæjarhólinn en hann hefur verið byrgður svo að fé falli ekki ofan í hann. Brunnurinn var, eins og flestir af þeim minjastöðum sem skráðir voru í Fagurey, fyrst skráður af Ágústi Ól. Georgssyni en er hvergi getið í heimildum. Er þetta eini brunnurinn í eyjunni svo vitað sé og hefur því gegnt gríðarlega mikilvægu hlutverki fyrir búskap þar. Raunar vekur það nokkra furðu að ekkert hefur fundist ritað um aðgengi að vatni og vatnsgæði í eyjunni sem hefur verið forsenda búskapar. Enn er ónefndur býsna mikilvægur minjastaður í augum fornleifafræðinnar en það er öskuhaugur (SN-290:001_05) sem fannst í norðaustast í jaðri bæjarhólsins. Öskuhauginn má greina sem litla þúst eða hæð á yfirborði en uppgötvaðist þar sem 2,5 m langt rof hafði myndast í hann að norðan- og norðaustanverðu. Þar sem rofið er mest er það um 0,6 m á hæð en greinilegt er að mannvistarlög ná talsvert dýpra (niður fyrir neðri brún rofs – á að giska 0,6-1 m dýpra). Nokkur uppsöfnun er einnig ofan við rofið þannig að ljóst er að þarna eru allt að 2 m þykk lög af uppsöfnuðum öskuhaugi. Í rofinu í hauginn má sjá þétt öskulög með viðarkolum og beinum sem virðast að mestu fugla- og fiskibein. Mikil móöskulög eru í rofinu en einnig viðaröskulög og virðist því sem Fagureyingar hafi brennt mó jafnt sem viði. Haugurinn er mjög lagskiptur og auðveldlega má telja a.m.k. 15 lög í rofasniðinu ef gróft er flokkað. Neðan við sniðið fannst eitt brot af leirkeri úr rauðaleir, líklega frá því eftir síðmiðaldir. Hugsanlegt er að haugurinn spanni langt tímaseið og varðveisla í honum virðist nokkuð góð en frekari rannsóknir þyrfti til að skera úr um það.

Áður en lokið er umfjöllun um bæjarhól og heimatún er skylt að nefna að á þessum slóðum stóð bænhus á fyrri öldum. Ekki er vitað hvenær bænhus er fyrst byggt í eyjunni en algengast er að slík hus hafi risið á fyrstu öldum eftir kristnitöku hér á landi.²⁸ Bænhússins er fyrst getið í rituðum heimildum í máldaga Skarðskirkju frá 1327.²⁹ Ekki er því vitað með vissu hvort hálfkirkjan/bænhúsið var í eyjunni þegar Sturla Þórðarson sagnaritari lést þar, en hafi svo verið hindraði það a.m.k. ekki frændur hans og vini í því að flytja lík hans úr Fagurey og heim að

²⁸ Orri Vésteinsson. 2000, bls. 57.

²⁹ Máldagi DI II, bls. 635-636. Sjá þó nánar umfjöllun Ágúst Ól. Georgssonar. 1989, bls. 15-16

Staðarhóli til að jarða í kirkjugarðinum þar.³⁰ Bænhúsið í Fagurey virðist hafa staðið nokkuð lengi og stóð enn árið 1592.³¹ Líklegast hefur húsið fallið snemma á 17. öld, a.m.k. er þess að engu getið þegar Jarðabók Árna og Páls er gerð í upphafi 18. aldar og er staðsetning þess nú nokkuð á reiki. Líklegast verður að telja að húsið hafi staðið á bæjarhólnum sjálfum (SN-290:002) en kenningar hafa verið settar fram um tvær mögulegar staðsetningar aðrar.³² Annars vegar hefur verið bent á tvær litlar tóftir (SN-290:003_01-02) eða þústir á mörkum heimatúns og mýrar 70-80 m NNV við bæ. Tóftirnar eru litlar og signar og minna helst á hey- eða móstæði og eru raunar fleiri áþekkar tóftir þar í kring (sjá t.d. SN-290:070 og 100). Hvorki útlit tóftanna né staðsetning þeirra styður þá hugmynd að þarna sé fundið líklegt bænhús og verður það því að teljast afar ólíkleg tilgáta. Hinn staðurinn sem bent hefur verið á í tengslum við mögulega staðsetningu bænhúss er sunnan við bæjarhólinn á s.k. *Kirkjubleinaflöt* en samkvæmt örnefnalýsingu voru tveir hólar neðarlega á henni miðri.³³ Ekki fundust greinilegir hólar við skráningu (hvorki 1985 né 2022) en líklegast er átt við lága hæð með tveimur þústum (SN-290:075) á *Kirkjubleinaflöt* miðri. Ekki er ólíklegt að þar sé mannvist undir sverði en hvorki lag þústar né staðsetning benda til að þar sé fundið líklegt bænhús. Eftir sem áður er því talið líklegast að bænhúsið hafi verið á sjálfum bæjarhólnum þótt skýr yfirborðsummerki sé ekki að finna í dag.

6.2. Svæði 2: Norðausturhluti - Útbeit og úthaganýting

Norðausturhluti Fagureyjar er markaður af fornlegum garði sem liggur þvert yfir eyjuna (SN-290:096). Svæðið er flatlent og gróið en þýft og býsna deiglent á köflum. Þetta svæði virðist fyrst og fremst hafa verið notað fyrir útbeit um aldir, allt þar til á seinni hluta 19. aldar og á þeirri 20. þegar þar fara að sjást umfangsmiklar tilraunir til útræktar en svipað mynstur er að finna í fleiri Breiðafjarðareyjum.

Helsti vitnisburður um útbeit er t.d. örnefni *Stekkur* og *Stekkejarvík* allra norðaustast (SN-290:094_01-02) á svæðinu, þótt lítil sem engin ummerki sjáist nú um stekk þar. Hugsanlegt er að lítill kofatóft (SN-290:019) á svæðinu miðju³⁴ kunni að vera frá eldri tíð en almennt má segja um

³⁰ AM 114 fol., bl. 253 og Sturlunga II, bls. 236.

³¹ Lbs 1084to bl. 517-18

³² Ágúst Ól. Georgsson. 1989, bls. 13-14 – Þótt rétt sé að taka fram að Ágúst var sjálfur ekki trúður á umræddar kenningar.


³³ Ö-Flatey KE, bls. 3

³⁴ Á þessum slóðum er örnefnið Fjóshólar merkt inn á örnefnakort á svæðinu en augljóst er að tóftin er ekki af fjósi og engar aðrar minjar á svæðinu sem koma til greina. Sé örnefnalýsing lesin virðist augljóst að Fjóshólar eru kenndir við fjósin heim við bæ og samkvæmt lýsingunni virðist raunar mega ætla að hólarnir hafi verið norðvestan við bæjarhólinn í nágrenni *Hörðufatar* og *Svíra* og því virðist helst sem um villu á örnefnakortinu sé að ræða.

flestar af þeim fornleifum sem sjást á þessu svæði að þær séu frá lokum 19. aldar eða upphafi þeirra 20. Greinilegt er að þá hefur verið hugur í Fagureyjarfólki að stækka tún sín og auka töðu og má sjá þess ýmis merki á þessu svæði. Áður hafa verið nefndar sléttur út úr heimatúninu sem ná inn á þetta norðaustursvæði en auk þess eru þrír stakstæðir túnskikar umkringdir garðlögum á þessum hluta eyjunnar sem hafa án efa að stærstu leyti verið afmarkaðir til að rækta tún og matjurtir. Er þá ónefnt afgirt svæði allra suðvestast sem ekki er eins auðvelt að ráða í hvaða tilgangi þjónaði.

Fyrst ber að nefna afgirtan túnskika (SN-290:062_01-05) sem nefndur var *Stekkjartún* allra norðaustast á eyjunni. Nafnið sýnir að áður var stekkur á þessum slóðum og er mögulegt að mannvirkin þar séu byggð á gamla stekkjarsæðinu og hafi þannig afmáð eldri leifar. Svæðið er tæplega hálfur hektari að stærð og er girt með túngarði (SN-290:062_01) að norðvestan og suðvestan en sjávarbakkinn markar aðrar hliðar. Á þessum stað voru byggð beitarhús og hlaða um 1900 og öðrum húsum bætt við skömmu áður en byggð legst af í eyjunni. Auk beitarhúsa voru skráðar tvær stakstæðar tóftir (SN-290:062_03-04) og einnig ummerki um handsléttað beð (SN-290:062_05) sem er greinilegt innan garðs.

Önnur útrækt er á suðaustanverðu svæðinu norður af *Sandfjörnu*. Ef allt er talið má áætla að þetta svæði sé svipað Stekkjartúninu að stærð eða tæplega hálfur hektari. Innan þess eru 3-4 gerði



Mynd 12. Kort sem sýnir staðsetningu minja á svæðum 1 og 2 í Fagurey, í heimatúni og úthaga.

(SN-029:088, 090, 097 og 057) og tvö beitarhús með gördum (SN-290:063 og 087). Líklega eru öll mannvirkin frá seinni hluta 19. aldar eða fyrri hluta þeirrar tuttugustu.

Þriðji túnskikinn sem ræktaður hefur verið upp á norðaustanveðri Fagurey er svonefndur *Nátthagi* (SN-290:055-056) sem er vestarlega á svæðinu og samanstendur af litlu, afgirtu túni/nátthaga sem er um fjórðungur úr hektara að stærð (70x 37 m). Eftir endilangri austurhlið þess eru gerði og kofar, m.a. beitarhús, en öll mannvirkin eru frá yngstu stígum búsetu í eyjunni. Auk þeirra beitarhúsa sem þegar er getið innan afgirtra túna á norðaustursvæðinu voru stök beitarhús (SN-290:058) með garða og hlöðu skráð norðvestarlega á svæðinu en þau eru líklegast einnig frá yngsta búsetuskeiði í eyjunni.

Sunnan við *Nátthaga* tekur við annað svæði sem í raun er að mestu leyti afgirt (sjá garða SN-290:033, 038/051, og 054-055). Umrædd garðlög mynda saman ferhyrnt hól sem er um 0,8 ha stórt og snýr h.u.b. norður-suður. Þrátt fyrir það virðast þau flest byggð í samhengi við aðrar minjar fremur en að vera gerð til að afmarka umræddan reit og ekki er gott að ráða hvort hann var notaður í einhverjum sérstökum tilgangi. Fyrir utan sjálfan sjávarbakkann sem er allra vestast er svæðið að mestu mýri og innan þess er lítil tjörn, *Lómatjörn*. Garðlagið að austan (SN-290:054) liggur þvert yfir mikla mýri (*Illutungu*) og hverfur í hana á kafla. Mögulegt er að gerði hafi verið byggð við garðlag í suðausturhorni (sjá SN-290:051) en annars eru hvorki gerði né fjárhús á þessum slóðum. Ein óljós þúst (SN-290:100) og tvær meintar mógrafir (SN-290:099_01-02) eru á svæðinu, í mýrinni nærri mörkum heimatúns, auk fremur lítillar og siginnar tóftar með órætt hlutverk (SP-290:053) sem er á því miðju, en annars eru þar ekki sýnilegar tóftir ef frá eru taldir hjallar á sjávarbakkanum á tveimur stöðum. Annars vegar er um að ræða stóra þúst (SN-290:031) sem hefur einnig gegnt hlutverki eyktarmarks og hefur staðurinn ýmist verið kallaður *Miðaftansbyrgi* eða *Miðaftansvarða*. Nokkru sunnar er tvískipt tóft (SN-290:052) frammi á sjávarbakkanum. Hún virðist byggð ofan á garð (SN-290:038) en er þó síður en svo nýleg. Báðir síðastefndu staðirnir eru í stórhættu vegna landbrots.

Auk þeirra garða á svæði 2 sem þegar hafa verið nefndir og afmarka túnskika má nefna tvö garðlög til viðbótar. Annars vegar garðlagið langa (SN-290:096), sem nefnt var í upphafi lýsingar og liggur ASA-VNV þvert yfir svæðið (og markar suðurmörk þess að stærstu leyti) og hins vegar þráðbeinan garð (SN-290:093) sem liggur frá fyrrnefndu garðlagi og beint til norðurs yfir eyjuna og fram á sjávarbakkann. Bæði garðlögin hafa líklega, líkt og flestar þær minjar sem greinilegar eru á þessum hluta eyjunnar, verið hlaðin í þeim tilgangi að auka ræktun á svæðinu. Þvergarðurinn (SN-290:096) sem liggur þvert yfir *Prjónamýri* ber öll merki þess að tengjast áveitu eða stýringu á rennsli vatns og virðist einsýnt að hann hafi átt að halda vatni uppi á mýrinni þar sunnan við. Hleypt hefur

verið úr henni austan við suðurenda garðs (SN-290:093) og hefur vatnið þá runnið austan við hann til sjávar.


Auk sýnilegra mannvirkja voru skráðir tveir óáþreifanlegir minjastaðir á norðaustursvæðinu. Annar staðurinn er *Prjónamýri* (SN-290:102) sem er sunnarlega á svæðinu og virðist hafa verið leiksvæði barna. Skúli Skúlason lýsir því í æviminningum sínum úr Fagurey á seinni hluta 19. aldar að stundum hafi það komið fyrir þegar tunglsljós var og gott veður að krakkarnir hafi fengið allt fullorðna fólkið með út á umrædda mýri í stórfiskaleik og hafi kliðurinn frá leikgleðinni oft heyrst alla leið út í Bíldsey ef veður var gott.³⁵ Í örnefnaskrá er þess einnig getið að kannski sé örnefnið tilkomið vegna þess að konur hafi setið þar með prjóna sína og horft á börn í skautaleik þegar tjörnina lagði á vetrum eða bátaleiki á tjörninni á sumrin.³⁶ Hinn staðurinn má flokka sem þjóðsagnastað en það er kletturinn *Guddugjá* (SN-290:030) skammt vestur fyrir landi hjá Svartakletti. Samkvæmt þjóðsögunni reyndi skessan Gudda að stökkva yfir klettinn en komst aðeins á barminn og stendur þar enn í tvennu lagi því hún mun hafa brotnað í fallinu.

³⁵ Æviminningar Skúla Skúlasonar, bls. 8

³⁶ Ö-Fagurey KE, bls. 4

6.3. Svæði 3: Minjar á suðvestanverðri eyjunni – Akurgerði og býli

Után heimatúnsins í Fagurey er minjadreifingin hvergi eins þétt eins og á suðvestanverðri eyjunni, á svæði 3 sem hér er til umfjöllunar. Svæðið er markað af gördum (SN-290:051 og 038) upp af *Naustabúðartúni* til norðausturs og til suðvesturs liggja mörk þess um sunnanverðan *Dórðartanga*. Til norðvesturs og suðausturs má segja að svæðið nái út á sjávarbakka en til suðausturs er strandlengjan þó undanskilin (sjá svæði 4).



Mynd 13. Kort sem sýnir staðsetningu minja um akurgerði og býli (svæði 3) og minjar um sjósókn og samgöngur (svæði 4).

Svæðið er að mestu flatlent og smápýft en hallar lítillega til suðausturs. Þurr er víðast en nokkuð deiglent er þó allra norðaustast og þar eru 2-3 smáar tjarnir. Helsta einkenni svæðisins eru gríðarlega umfangsmikil garðlög sem ná yfir um 1,5 ha af umræddu svæði.


Eins og fram hefur komið er ekki fullvíst að garðarnir á Fagurey séu akurgerði og standa vonir til að vinna frekari rannsóknir sem staðfest geta hlutverk þeirra með óyggjandi hætti. Flest bendir þó til að garðarnir hafi afmarkað akurreinar, þ.m.t. útlit þeirra og umfang og er hér unnið út frá þeirri tilgátu. Örnefnið *Akrabúð* á svæðinu þykir enn styrkja þessa hugmynd.



Mynd 14. Akurreinar SN-290:074 í Fagurey, svæði C í forgrunni. Vörslugarður SN-290:040 sést vel en hann skilur á milli svæða B og C. Einnig sjást vel tóftir býla SN-290:039 og 041.

Skipta má akurgerðunum í þrjú minni svæði sem hvert hefur sín einkenni (hér nefnt A, B og C – sjá mynd 14). Minnsta svæðið, svæði A, er norðaustast. Það er afmarkað af meintu garðlagi SN-290:069 til norðvesturs en það kann að hafa verið hlaðið meðfram sléttadri túnspildu sem er ofan og norðvestan við það frekar en að það tengist akurreinunum. Innan svæðis A eru fæstar akurreinar og stýstar og þar eru einnig ótengdar minjar sem líklegt er að séu yngri en akurreinarnar. Á miðsvæðinu, svæði B, eru heillegustu og lengstu akurreinarnar. Það svæði er afmarkað til norðvesturs af meintum, fornlegum garði SN-290:011 (sem sést að hluta aðeins sem kantur) og er býlistóft SN-290:041_01 byggð fast við hann eða ofan á hann. Á loftmynd má reyndar óljóst greina framhald af akurreinum ofan og norðvestan við þennan garð sem gefur til kynna að hann sé yngra mannvirki en þær. Vörslugarður SN-290:040 skilur á milli svæða B og C og liggur frá Hallarskála SN-290:017 að hjallstóftum SN-290:025. Akurreinarnar norðaustast á svæði B virðast liggja upp á garðlag eða hrygg SN-290:068 og mögulega er þar aðeins um náttúrumyndun að ræða en ekki mannvirki. Garðlag SN-290:009 liggur í hlykk þvert yfir suðvestustu akurreinarnar á svæði B og hefur skilið það frá Hjallatanga. Það er sýnilega yngra en reinarnar. Enn er ótalið lítið gerði SN-290:082 sem er niður við sjávarbakka efst á Hjallatanga en óljóst er hvort eða hvernig það tengist

akrinum. Á svæði B eru akurreinarnar skýrar afmarkaðar en á öðrum svæðum og kann að hafa verið ræktun á milli þeirra eftir að kornrækt lagðist af. Vel er hugsanlegt að grasrækt hafi verið á þessu svæði í seinni tíð og teigarnir sléttaðir og endurræktaðir á milli akurreina sem gerir mörk reinanna skýrari en annarsstaðar.



Mynd 15. Kort sem sýnir meintar akurreinar á suðvesturhluta Fagureyjar og aðrar minjar á svæðinu. Akurrarnir skiptast gróflega í þrjú svæði (A, B, C) og númer eru sýnd á öðrum garðlögum og köntum sem virðast afmarka eða skipta svæðinu upp.

Suðvestan við garð SN-290:040 er svæði C og er það afmarkað til norðvesturs af lágum kanti SN-290:083. Á loftmynd má þó greina að suðvestustu akurreinarnar eru líka ofan við þennan kant en eru of ógreinilegar til þess að þær hafi sést af jörðu niðri þegar skráningin var unnin á vettvangi. Býlistóft SN-290:039 er byggð ofan á akurreinar eða í jadrri þess svæðis sem þær ná yfir en ekki eru aðrar minjar sýnilegar á þessu svæði og virðist það því lítið raskað í seinni tíð. Eru akurreinarnar sem eru allra suðvestast, þær sem eru hvað ógreinilegastar og fornlegastar. Víðast eru 3-6 m á milli garða sem afmarka akurreinar á suðvestanverðri Fagurey. Garðarnir eru flestir um 1 m á breidd og allt að 0,3 m á hæð og hafa því hvorki verið háir né breiðir þegar þeir stóðu.

Takmarkaðar rannsóknir hafa verið gerðar á ökrum á Íslandi en þó var slík rannsókn gerð árið 1999 þar sem grafnir voru könnunarskurðir í meinta akra á fjórum stöðum, tveir eru á flatlendi og tveir í halla mót suðri.³⁷ Á tveimur af þessum stöðum er útlit minjanna svipað því sem er í Fagurey, þ.e. raðir af fremur mjóum görðum eða hryggjum með stuttu millibili sem hafa verið túlkaðir sem akurreinar. Annar staðurinn er á Garðskaga á Reykjanesi og hinn er í Akurey á



Mynd 16. Á Garðskaga á Reykjanesi er fjöldi akurreina sem sjást orðið illa vegna breytinga í landnotkun, sléttunar og mannvirkjagerðar. Á myndinni er búið að leggja yfirborðslíkan ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf. sem dregur fram samsíða garða eða akurreinar á svæðinu. Þeir eru greinilegastir vestast, þar sem rannsókn var gerð með könnunarskurði árið 1999 (Garðar Guðmundsson o.fl. 2004, 84-90). Myndvinnsla Garðar Guðmundsson.

Kollafirði. Báðir staðirnir eru á flatlendi við sjó og eru aðstæður því svipaðar þeim sem eru í Fagurey. Skortur á gjóskulögum á þessum rannsóknarstöðum gerði það að verkum að ekki var hægt að aldursgreina ummerkin sem fundust í skurðunum. Ekki sást torfhleðslur þar sem hryggir eru á yfirborði en sjá mátti merki um rásir eða niðurgröft sem líklega eru eftir jarðvinnslu (pál- eða plógför).³⁸

Víða hefur verið fjallað um akurrækt á Íslandi á fyrri öldum og verður ekki gerð tilraun til að rekja þau skrif af nokkurri alvöru hér en þess í stað vísað í yfirlitskafla um akurrækt sem ritaðir hafa verið

³⁷ Garðar Guðmundsson o.fl. 2004.

³⁸ Garðar Guðmundsson o.fl. 2004, bls. 80-90.

á sviði sagnfræði, fornleifafræði og búvísinda.³⁹ Ýmislegt bendir til að eyjar við Íslandsstrendur hafi þótt henta vel til akurræktar á fyrstu öldum byggðar og raunar virðist fjöldi eyja sem tengist akurrækt á Breiðafirði vera talsverður ef marka má ritaðar heimildir, örnefni og ummerki á yfirborði. Forsenda kornræktar er söfnun s.k. daggráða yfir vaxtartímabil kornsins. Mikilvægt er því að koma korni snemma niður og að kornið fái að þroskast fram á haustið, sér í lagi ef sumarhiti er lágur eins og raunin er hér á landi. Þetta veldur því að staðir þar sem vetur eru mildir og jörð verður frostlaus snemma (hafrænt loftslag) henta hvað best til kornræktar. Það er því engin tilviljun að helstu kornræktarsvæði landsins hafa mörg hver verið við sjávarsíðuna, í eyjum og við jarðhitasvæði.⁴⁰ Enn hefur ekki verið gerð sérstök úttekt á fornum ökrum í og við Breiðafjörð⁴¹ en lausleg athugun á örnefnum á nafnið.is sýndi að a.m.k. sex eyjar á Breiðafirði og nágrenni bera nöfnin Akurey/Akureyjar.⁴² Fjölmargar aðrar vísbendingar eru um akra á þessu svæði, líkt og akurgerðin í Fagurey bera vott um. Þar eru hins vegar ekki önnur örnefni sem gefa vísbendingu um akurrækt en það sem fólgið er í hjáleiguörnefninu *Akrabúð*. Ýmislegt bendir því til blómlegrar akurræktar í Breiðafjarðareyjum og væri verðugt rannsóknarnefni að kanna þær vísbendingar betur.

Umtalsverð ummerki um býli/búðir voru skráð í Fagurey, á fjórum eða jafnvel fimm stöðum ef Hallarskáli (SN-290:017) er talinn með. Búðanna er ekki getið í heimildum fyrr en komið er fram á 18. öld en í Jarðabók 1702 eru taldar fjórar búðir í eyjunni: „Búðir eru þar byggðar ii og ii í eyði, önnur þeirra nýlega niðurfalinn“.⁴³ Ekki koma nöfn á búðunum fram í Jarðabókinni en í Manntali frá 1703 má sjá að ein þeirra hefur verið nefnd *Akrabúð* (SN-290:076). Ekki er vitað hver af þeim fjórum búðum sem skráðar voru er Akrabúð en helst koma rústir SN-290:039 eða 041_01 til greina sem eru byggðar ofan í meintar akurreinar (SN-290:074). Annað heiti á búð í eyjunni hefur verið *Naustabúð* (SN-290:050). Þess heitis er ekki getið á tóftum þegar örnefnaskrá eyjarinnar er rituð en til er örnefnið *Naustabúðartún* og þar eru tóftir byggðar við gerði (SN-290:072). Yfirborðsummerki tóftanna eru líklegast leifar af yngra byggingarskeiði (þar sem staðurinn gæti hafa verið notaður sem útihús eftir að hætt er að búa á hjáleigunni).

³⁹ Birna Lárusdóttir. 2011, bls.167-174 og Gunnar Karlsson. 2009, bls. 155-167 og Jónatan Hermannsson. 1993.


⁴⁰ Egill Erlendsson. Munnlegar upplýsingar.

⁴¹ Sjá þó Björn M. Ólsen. 1910, bls. 81-167 um kornyrkju á Íslandi og einnig Sigurð Vigfússon sem kannaði akra í Svefneyjum sbr. Sigurður Vigfússon. 1893, bls. 1-23.

⁴² Akurey er ein Helgafellseyja (þar má sjá mögulegar akurreinar); Akurey tilheyrði Rifgirðingum og önnur slík eyja tilheyrði Öxney. Í Öxney er líka Akranes og þar má sjá akurreinar líkar þeim sem eru í Fagurey. Akurey er í landi Hofstaða í Reykhólahreppi; Akurey er úti fyrir landi Fossár og Hamars í Barðastrandarhreppi og í Gilsfirði (Skarðshreppi) eru Akureyjar.

⁴³ JÁM V, bls. 355

Greinileg ummerki um býlisrústir fundust svo á þremur stöðum (SN-290:039, 041, 045). Að auki má geta um enn annan stað, Hallarskála eða Hallsskála (SN-290:017) sem er syðst og vestast á eyjunni en í örnefnaskrá er sagt að þar sjáist fyrir „vel fyrir gömlum bæjarrústum“. Á þessum stað er vel gróinn klapparhóll í landinu en ekki virðist vera mikil uppsöfnun mannvistarlaga á honum. Sú rúst sem nú sést á yfirborði er lítil, einföld kofatóft og minnir ekki á dæmigerðar býlisrústir.



Mynd 17. Uppmælingar hjáleigu-/ búðatófta í Fagurey. Mögulega er tóft SN-290:050 útibús sem byggð eru ofan á eldri minjar um Naustabúð. Tóftirnar eru áþekkar að stærð og skiptast í 3-5 rými.

Ekki er hægt að skera úr um það með vissu hver af þessum býlum kunna að hafa verið í byggð þegar Jarðabókin er gerð og hver í eyði. Af útliti minjanna að dæma gætu býli SN-290:039 og 041 verið þau yngstu í Fagurey. Staðsetning býlanna gæti einnig verið vísbending um aldur. Öll

eru býlin á suðvesturhluta eyjarinnar en áður nefnd býli SN-290:039 og 041 sem sýnast yngst í útliti eru byggð innan þess svæðis sem akurgerði 074 ná yfir og virðast koma til sögunnar eftir að kornrækt er hætt í eyjunni. Hin býlin tvö, SN-290:045 og 050, eru hins vegar nær heimatúni og bænum í Fagurey og eru utan akurlanda.

Hjáleigubýggðin í Fagurey hefur að líkindum einkum byggst á sjávarnytjum en einhverja grasnyt hafa þessi býli líklega haft og gæti örnefnið *Naustabúðartún* bent til þess að þar hafi verið töðuvöllur sem tilheyrði *Naustabúð*, nema að örnefnið hafi einungis orðið til á þessu svæði eftir að hjáleigan er komin í eyði og tún hennar nýtt frá heimajörðinni. Brotakenndar heimildir um eignarhald á Fagurey benda til þess að þeir sem bjuggu í eyjunni hafi lengst af verið leiguliðar en ekki landeigendur. Er líklegt að a.m.k. hluti leigunnar hafi verið greidd í korni þegar slík rækt var enn stunduð. Eftir að kornrækt leggst af í eyjunni má gera ráð fyrir að myndast hafi þörf fyrir aðra tekjustofna til þess að standa skil á leigu á jörðinni og það hefur vafalaust ýtt undir fjölgun hjáleiga þar sem áherslan var lögð á fiskveiðar frekar en landbúnað.

6.4 Svæði 4: Minjar við strönd Fagureyjar að suðaustan - Minjar um sjósókn og samgöngur

Talsvert margar fornleifar voru skráðar á og við sjávarbakkann á suðvesturströnd Fagureyjar og verður hér fjallað um þær saman þótt þær spanni í raun býsna stórt svæði, allt frá *Sandvík* sem er norðaustan við miðbik eyjunnar meðfram strandlínunni til suðurs, allt að suðvestasta odda eyjunnar á *Dórðartanga*. Umrætt svæði er grasi vaxinn sjávarbakkur, fremur flatlendur en þýfður á köflum. Víða eru sendnar eða smágrýttar víkur og sjávarbakkinn er aflíðandi niður að þeim.

Helsta einkenni minja á þessum slóðum er að langflestar tengjast þær sjósókn og/eða samgöngum á sjó. Þó eru einstaka undantekningar frá þessu. Sem dæmi um það má nefna Nónvörðu (SN-290:028_02) sem líklega var byggð ofan í hjall (SN-290:028_01) allra suðvestast á eyjunni. Hluti af svæðinu (útendinn) var einnig nýttur fyrir kúabeit á sumrin, a.m.k. á síðustu búsetustigum í eyjunni, og endurspeglast það m.a. í þeirri staðreynd að á þessu svæði, alveg frammi



Mynd 18. Horft yfir stærstan hluta af svæðum 3 og 4. Reyðarvík er fjarst á myndinni, þá kemur Hjallatangar og innan við hann Hjallatangavík og Skipavík. Skilín milli síðastnefndu víknanna sjást betur þegar sjarar út.

á sjávarbakkanum var annars vegar sumarfjós (SN-290:024) og hins vegar kúarétt (SN-290:026). Tóft sumarfjóssins er austast í *Skipavík*. Hún er vel stæðileg þótt sjórinn sé byrjaður að kroppa í suðausturhlið hennar og hún sé í stórhættu af þeim sökum. Tóftin er áþekk fjóstóftinni við bæjarhólinn og krosshlaðin eins og hún, en nokkru minni. Innandyra skiptist rýmið annars vegar í sjálft fjósið og hins vegar í lítið hólfi eða afkima sem er beint til móts við inngang í fjósið þar sem var „holubás“ þar sem kálfar og jafnvel vanmeta folöld voru geymd. Kúaréttin er hins vegar syðst á *Hjallatanga* en í henni voru kýrnar hafðar á næturnar. Þar er enn greinileg ferhyrnd, grjóthlaðin rétt sem greinilega virðist byggð ofan á eldri mannvirki. Líkt og með sumarfjósið er kúaréttin í mikilli hættu vegna landbrots.

Aðrar minjar á *svæði 4* tengjast flestar sjósókn. Eins og áður hefur verið getið var aðkoman að Fagurey á þessum slóðum, þ.e.a.s. allar þekktar lendingar eru við suðausturströnd eyjarinnar. Samtals voru skráðar sjö lendingar í Fagurey. Örnefnið *Skipavík* (SN-290:022) vitnar um að þar hafi skip lent og voru skip og stærri bátar geymd þar í nausti (SN-290:023), en smærri bátar settir upp í *Vörinni* (SN-290:101) sem var beint niður (suður) af bæjarhólnum. Í *Skipavík* var gerð grjóthlaðin bryggja sem var þó fallin úr notkun á yngsta búsetuskeiði í eyjunni en þá var notuð yngri grjóthlaðin bryggja um 150 m austar og beint niður af bæ (SN-290:020). Auk lendinga neðan við bæinn og í

Skipavík voru lendingar á tveimur stöðum við Hjallatangavík, annars vegar við *Prestavík* og sjást þar ruddar varir á tveimur stöðum (SN-290:027_01 og 02) og hins vegar er nafnlaus lending (SN-290:004) fram af nausti og íshúsi (SN-290:043). Heimildir geta þess einnig að lent hafi verið enn vestar, í *Reyðarvík* (SN-290:079) og í sögu Stykkishólms er þess getið að þar hafi bátar oft verið teknir til viðgerðar og nýjir bátar smíðaðir en engin ummerki sáust þar um rudda vör.⁴⁴

Víða voru naust og uppsátur í tengslum við lendingar/varir. Áður var minnst á naust (SN-290:023) ofan *Skipavíkur*. Naustið er grafið inn bakkann og er afgerandi. Það er fremur stórt enda voru stærrí bátar geymdir þar samkvæmt örnefnalýsingu. Fast norðaustan þess eru tvær óljósar tóftir eða hólfr. Naustið neðan við bæ (SN-290:021) var fyrir minni báta. Það er minna en naustið í *Skipavík* en ekki síður greinilegt, fleyglaga og grafið inn í bakkann. Við það sást ferhyrnd grjóthleðsla, líklega undirstöður undir spil. Skammt suðvestan við naustið í *Skipavík*, og allra norðaustast í *Hjallatangavík* er svo enn greinilegt naust (SN-290:049). Það er einnig grafið inn í sjávarbakkann en einföld tóft og grjóthleðsla eru einnig við það. Naust hefur einnig áður verið á



Mynd 19. Horft yfir að Hjallatanga. Í forgrunni eru akurreinar (SN-290:074) og manngerð tjörn (SN-290:043) þar sem ís var safnað fyrir íshús (SN-290:042_02) þar utan við.

⁴⁴ Bragi Straumfjörð Jósefsson. 2004, bls. 124.

öðrum stað, allra suðvestast við sömu vík (SN-290:042). Á sama stað var síðar byggt svokallað *Klakahús*, að hluta til ofan í naustið. Ís var safnað í Klakahúsið á vetrum, bæði frá *Lómatjörn* en einnig virðist hafa verið stungið niður svæði við hlið hússins sem væntanlega hefur fyllst/verið fyllt af vatni og ís þannig safnað þar á veturna (sjá SN-290:043). Ísinn var síðar notaður til að halda beitu og síld ferski í útgerð á sumrin. Ummerki um húsin eru vel greinileg en eru, eins og margar aðra minjar á suðvesturbakka Fagureyjar, í hættu vegna landbrots og lundabyggðar en lundinn grefur sér holur í bakkann á þessum slóðum.

Sjó- eða verbúðir voru skráðar á a.m.k. fjórum stöðum í Fagurey, flestar við *Hjallatangavík*. Við víkina norðanverða voru skráðar tóftir/þústir á þremur stöðum sem hafa án efa tengst sjósókn og líklegast hafa verið einhvers konar sjó- eða verbúðir. Fyrst ber að nefna tvískipta, litla tóft (SN-290:046) alveg frammi á sjávarbakkanum milli *Skipavíkur* og *Hjallatangavíkur*. Tóftin er sigin og virðist hafa náð lengra til suðurs þegar fornleifaskráning var fyrst gerð í Fagurey á 9. áratug 20. aldar. Svo virðist því sem sjórinn hafi þegar brotið nokkuð af henni, og á án efa eftir að skemma hana meira á næstu árum. Nokkru norðaustar eru óljósar þústir (SN-290:059) sem erfitt er að ráða í en tengjast líklega útgerð og litlu austar við þær eru tóftir (SN-290:048) sem líklega spanna nokkurt tímabil en allra líklegast verður að telja að þær séu sjóbúðir af einhverri tegund. Enn önnur sjóbúð, *Sjávarhús* (SN-290:077) voru ofan við bryggju og vör neðan við bæ. Þar eru minjar frá ýmsum tímum og m.a. virðist raunar hafa staðið þar hús undir þaki löngu eftir að fastri búsetu var lokið í eyjunni. Mögulegt er að þarna hafi verið þau hús sem lýst er í skýrslu Brunabótafélagsins árið 1935 sem verbúð (sjá SN-290:080) en ekki er hægt að fullyrða það með vissu.

Langfjölmennasti minjahópurinn á *svæði 4* voru hjallar en 10 slík mannvirki voru skráð á suðausturströnd Fagureyjar (SN-290:025_01-05, 028_01, 029, 044_01 og 044_03 og 047).⁴⁵ Hjallarnir eru flestir grjóthlaðnir og einfaldir en stærstu hjallaþyrpinguna var að finna á *Hjallatanga*. Svo virðist sem sumir hjallanna hafi verið komnir úr notkun á síðustu búsetustigum í eyjunni og t.d. virðast eyktarmörk hafa verið hlaðin upp úr slíkum hjöllum eða rústir þeirra verið notaðar sem viðmið um eyktir á tveimur stöðum (sjá SN-290:028 og SN-290:031).

Á sjávarbakkanum og neðan hans á *svæði 4* eru einnig á nokkrum stöðum óljósari minjar (garðlög og hleðslur) sem ekki er hægt að fullyrða nokkuð um hvaða hlutverki gegndu en vegna staðsetningar sinnar er ekki ólíklegt að flestar þeirra kunni að hafa tengst sjósókn þótt einnig sé mögulegt að þær tengist akurreinum (sjá SN-290:068, 085 og 086).

⁴⁵ Auk þeirra tveggja mögulegu hjalla sem eru annars staðar, á norðvestanverðri eyjunni, sjá kafla um svæði 2.


Ljóst er að suðurströnd Fagureyjar hefur gegnt mikilvægu hlutverki fyrir búsetu í eyjunni. Á þessu svæði var bátum og skipum lent og er það því nauðsynlegt fyrir allar samgöngur og samband eyjarskeggja við umheiminn. Þar byggðust upp naust og sjóbúðir, á svæðinu var unnið með báta og þar var reistur mikill fjöldi hjalla fyrir fiskþurrkun auk þess sem ís- eða klakahús var byggt á þessum slóðum, líklega seint á 19. öld eða snemma á þeirri tuttugustu. Á nokkrum stöðum má greinilega sjá fleiri en eitt byggingarstig en einnig er ljóst að landbrot hefur sums staðar sorfið af minjum og mögulegt að einhverjar minjar hafi alveg horfið sökum ágangs sjávar. Þrátt fyrir það virðist landbrot á síðustu áratugum ekki hafa verið sérstaklega stórtækt, þótt greinilegt sé víða á þeim tóftum sem standa alveg frammi á bakkanum að sjávarrof er virkt og veldur tjóni á þeim ásamt lundabyggðinni sem ógnar minjum á nokkrum stöðum.

Það er athyglisvert hversu einskorðaðar minjarnar um sjósókn virðast við þetta svæði. Það tengist því að hluta til að ekki var unnt að lenda annars staðar en á þessum hluta strandlengjunnar og einfaldast var að hafa þær byggingar sem tengdust sjávarnyrtjum sem næst landingarstöðunum. Þó virðast þrjár hjallar hafa verið byggðir á norðvesturströnd eyjunnar (sjá SN-290:031, 052 og 045_02). Ekki er þó lengra að þeim frá landingum en hjöllum suðvestast á eyjunni (SN-290:028-029) sem teljast með svæði 4. Almenna reglan virðist vera sú að minjar um sjávarnýtingu er nær eingöngu að finna á svæði 4, á suðausturströnd Fagureyjar.

6.5. Svæði 5: Hólmar og sker - Útbeit og hlunnindi

Hólmar og sker í kringum Fagurey gegndu mikilvægu hlutverki í rekstri búsins í Fagurey. Segja má að almennt gildi svipuð lög mál um suma af stærri hólmunum nærri Fagurey eins og um svæðið allra norðaustast á eyjunni, þ.e. nýting þeirra var að mestu bundin við slátt, útbeit og aðra dæmigerða úthaganýtingu þrátt fyrir að þar hafi einnig verið dúntekja og önnur nýting fugls. Hér verður stiklað á stóru um mannvistarleifar í hólum Fagureyjar en einnig fjallað um aðra nýtingu í þeim hólum og skerjum sem tilheyrðu Fagurey.

Stærsti hólminn sem tilheyrir Fagurey, og sá eini sem vitað er um eiginlegar mannvistarleifar í, er *Torfbólmi* skammt suðaustan við heimaeyjuna en í hann fjarar, þ.e. gengt er í hann á fjöru. Hólminn er grasi vaxinn og töluvert mýrlendur um miðbikið þar sem nokkrar tjarnir eru einnig í honum. Hólminn hefur væntanlega verið nýttur til beitar og slægna en nafn hólms gefur til kynna að þar hafi verið rist torf (SN-290:032). Engin augljós ummerki um ristu fundust þó í honum. Greinileg mannaverk eru hins vegar á þremur stöðum. Umfangsmestu minjarnar eru allra norðvestast í hólmanum en þar hefur um fjórðungur úr hektara verið afgirtur með gördum á s.k. *Breið* og svæði innan hans sléttað (SN-290:060_01-03) en þar sjást einnig rákir, sem benda til



Mynd 20. Kort sem sýnir Enghólma og Torfhólma og staðsetningu minja á þeim síðarnefnda.

einhvers konar ræktunar. Innan garðs er lítill kofi, þar sem hænsni voru geymd á fyrri hluta 20. aldar en garðurinn umhverfis er talsvert eldri. Allra suðvestast í hólmanum eru svo óræðar minjar á tveimur stöðum. Annars vegar sjást þar þéttir garðar eða rásir (SN-290:067) saman í röð á svæði sem er 19x16 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Mannvirkin eru sérkennileg og ekki er ljóst í hvaða tilgangi þau voru gerð en helst kemur til greina að þau tengist á einhvern hátt torfristu eða mótekju. Skammt frá þeim eru enn óljósari mannvirki, annars vegar óljósar þústir og hins vegar niðurgröftur en ekki er auðvelt að ráða í hlutverk staðarins þótt hann gæti hæglega tengst torf- eða mórístu í hólmanum (SN-290:061).

Enghólmi er einnig einn af stærri hólumum Fagureyjar, skammt sunnan við heimaeyjuna og út í hann er gengt á fjöru. Engar minjar fundust í hólmanum við skráningu 2022 en þar er þó náttúrulegt eyktarmark, *Hádegisklettur*. *Enghólmi* var nýttur til slægna og var sleginn á eftir heimatúninu í Fagurey eftir því sem heimildir geta.

Um aðra hólma og sker sem tilheyrðu Fagurey gildir það sama og *Enghólma*, þ.e. engar minjar eru þekktar í þeim og því voru þeir ekki heimsóttir sumarið 2022. Þrátt fyrir að hólmanir hafi ekki að geyma minjar voru þeir mikilvægur hluti af landnýtingu eyjunnar. Í *töflu 1* má sjá lista

Heiti	Hlunnindi	Annað
Torfhólmi	Torf/ræktun?	Torfrista, ræktun
Enghólmi	Engjar	Engjar
Pjattland	Lundi/skarfur	Fengust allt að 200 kofur úr hólmanum
Hrói	Melur/lundi/skarfur	Kemur ekki fram hvað fékkst úr hólmanum
Guddustöng	Lundi	Kemur ekki fram hvað fékkst úr hólmanum
Freðinskeggi	Lundi og skarfur	Kofnatekja var í skerinu
Feldarhólmi (nærri Bildsey)	Lundi og skarfur	Allmikil kofnatekja
Steinaklettur (nærri Bildsey)	Lundi og skarfur	Einhver kofnatekja
Bæjarsker	Selur	Selveiði
Gassaker	Selur	Selveiði
Lagnaðarsker	Selur	Selveiði
Skarði (við Hrappsey)	Melur	Melur sleginn
Háhólmi (við Hrappsey)	Lundi/skarfur	Kemur ekki fram hvað fékkst úr hólmanum
Hrúthólmi (við Hrappsey)	Grasgefin	Heyjað og beit (hrútar látnir ganga yfir fegnitíma)

Tafla 1: Hólmar og sker sem tilheyrðu Fagurey og voru nýtt þaðan (byggt á J-ÁM og örnefnaskrá)

yfir þá hólma og sker sem tilheyrðu Fagurey og einhver hlunnindi voru af.⁴⁶ Ljóst er að þeir 14 hólmar og sker sem þar eru upptalin hafa verið dágóð búbot fyrir eyjuna og vekur nokkra furðu hversu langt ítök eyjarinnar ná. Í örnefnaskrá er þess getið að fornar sagnir hermi að þau sker sem Fagurey á nærri öðrum byggðum eyjum hafi verið gefin bænhúsinu í Fagurey sem sáluhjálpargjafir⁴⁷ og í skrá yfir hálfkirkjur í Helgafellssókn frá 1592 kemur fram að kirkjunni séu eignaðir nokkrir hólmar sem styður það.⁴⁸

6.6 Ástand minja í Fagurey og ógnir

Almennt er ástand minja í Fagurey nokkuð gott og áhrif landbrots virðast minni en óttast var áður en farið var á vettvang. Þó er ljóst að eitthvert landbrot er víða á ströndum Fagureyjar og hólumum

⁴⁶ Ö-Fagurey KE, bls. 6-9

⁴⁷ Ö-Fagurey KE, bls. 8.

⁴⁸ Lbs 1084to bl. 517-18.



Mynd 21. Horft yfir stóran bluta af heimatúni Fagureyjar og helstu minjar í því. Fjar sjást Torfbólmi (til vinstri) og Enghólmi (til hægri). Á milli þeirra er Þjatland. Myndin var tekin á flóði en á fjöru er gengi út í Torfbólma og Enghólma.

hennar. Einkum virðist það vera virkt þar sem eyjan er lægst, að sunnanverðu, en þar er fjöldi minja í hættu af völdum þess. Ekki er ljóst hvort mörgum minjum hafi þegar skolað á haf út en gera má ráð fyrir því að einhver hluti elstu minja sem næstir voru ströndinni sé horfinn. Meðfram ströndinni eru víða lundaholur sem einnig valda skemmdum á minjum og flýta fyrir landbroti. Rask á minjum af mannavöldum er minna en víðast annarsstaðar þar sem búið hefur verið fram til dagsins í dag. Engin vélknúin farartæki hafa verið í Fagurey svo vitað sé og þaðan af síður skurðgröfur eða aðrar stórtækar vinnuvélar sem geta auðveldlega umbylt og mótað landið með tilheyrandi raski á minjum, séu þær til staðar. Vissulega hafa yngri mannvirki víða verið byggð ofan í rústir eldri minja og efniviður örugglega endurnýttur til þess, svo sem grjót úr hleðslum, eins og við er að búast þar sem búið hefur verið við talsverða landþröng um aldir. Helsta sýnilega raskið á bæjarhólnum í Fagurey er niðurgrafinn kjallari í einu af yngstu húsunum þar og hefur eldri minjum sem hann er grafinn

ofan í verið raskað. Á bæjarhólnum er einnig rof í öskuhaug sem kann að hafa myndast vegna vindrofs en er viðhaldið af sauðfé sem haft er á beit í eyjunni og heldur gróðri í skefjum.

Alls voru 88 minjar af þeim 154 sem skráðar voru í Fagurey skilgreindar í einhverri hættu og er hún í öllum tilvikum vegna landbrots eða rofs. Er það meira en helmingur allra minja, eða 57% þeirra. Hætta stöðjar því að mörgum minjum en landbrotið virðist ekki mjög ágengt og ekki er búist við því að umfangsmikil eyðing verði á minjum í Fagurey á allra næstu árum en þó er erfitt að spá um slíkt á tímum örra breytinga á veðurfari og hækkandi sjávarstöðu.



Mynd 22. Rofabærð í öskuhaugi á bæjarhóli Fagureyjar. Í rofinu sést skýrt hvernig öskuhaugurinn er lagskiptur, ofarlega er t.d. nokkuð afgerandi móöskulag sem er gul-bleikt á lit.

Roflína var allsstaðar mæld upp þar sem minjar eru frammi á sjávarbakkanum eða nærri honum og verður því hægt að fylgjast með landbrotinu í framtíðinni og grípa til aðgerða ef þurfa þykir.

7. Helstu niðurstöður

Mikill fjöldi minja var skráður í Fagurey á Breiðafirði sumarið 2022 en í heildina reyndust minjarnar 154 talsins. Fjölbreyttar minjar er að finna í eyjunni sem m.a. tengjast landbúnaði, útræði, kornrækt, og samgöngum. Landnýting hefur mótast af landsháttum og skiptist Fagurey í nokkra afgerandi hluta eftir því hvernig landið hefur verið notað. Suðurströnd eyjarinnar er vogskorin og lág og þar eru minjar sem tengjast samgöngum og útræði. Bærinn í Fagurey og allstórt tún í kringum hann er einnig á suðaustanverðri eyjunni, nokkuð miðsvæðis en í nálægð við lendingar á ströndinni. Allsérstæðar minjar eru á suðvesturhluta Fagureyjar þar sem hún lækkar og mjókkar. Á því svæði eru umfangsmiklar minjar um akra og þar eru einnig minjar um fjögur býli eða búðir sem hafa verið hjáleigur heimajardarinnar. Í hölmum sem tilheyrðu Fagurey hefur verið útbeitt, slægjur og önnur hlunnindi, s.s. fuglatekja.

Ástand minja í Fagurey er almennt nokkuð gott og landbrot er ekki afgerandi þó að það sé vissulega til staðar og ógni fjölda minja við ströndina. Mikill meirihluta minja sem enn sjást á yfirborði eru frá yngstu búsetuskeiðum í Fagurey, frá 19. og 20. öld. Eitt af markmiðunum með



Mynd 23: Fjölbreyttar minjar eru í Fagurey sem tengjast m.a. kornrækt, samgöngum, útræði og landbúnaði.

skráningunni í Fagurey var að leitast við að varpa ljósi á menningarlandslag miðalda í tengslum við búsetu Sturlu Þórðarsonar í eyjunni á 13. öld. Rannsóknin leiddi í ljós að það eru ekki margar minjar á yfirborði sem eru greinilega frá miðöldum eða eldri. Þær minjar eru víðast undir sverði og huldar yngri mannvistarleifum en ætla má að elstu minjar sem hafa verið við ströndina kunni að vera horfnar vegna landbrots. Eldri minjar sem líklega ná aftur til miðalda eru einkum sýnilegar á Fagurey suðvestanverðri og án efa undir sverði í heimatúnin og þá sérstaklega í bæjarhólnum. Hjáleigubýggðin þar var við lýði fram á 18. öld og má ætla að hún eigi rætur að rekja talsvert langt aftur í tíma en ekkert er vitað um upphaf hennar eða þróun. Tvær hjáleiganna eru utan við stórt svæði sem akurreinar liggja yfir og kunna að vera eldri en aðrar tvær hjáleigur sem eru byggðar ofan í akrana og hafa líklega ekki komið til sögunnar fyrr en eftir að kornrækt leggst af. Hjáleigubýggðin í Fagurey er spennandi rannsóknarefni og sambandið milli hennar og akurgarða þyrfti að kanna nánar.

Í ljósi þess að talið er að kornrækt á Íslandi hafi verið stunduð frá því fljótlega eftir landnám og fram á 14. öld eru akurreinar í Fagurey að öllum líkindum fornar og geta talist til miðaldaminja en án frekari rannsókna er þó ekki hægt að fullyrða um aldur þeirra né hlutverk. Meintir aktrar í Fagurey eru mjög spennandi viðfangsefni og væri áhugavert að kanna aldur þeirra og gerð nánar. Slíkar athuganir, ásamt frekari fornvistfræðilegum rannsóknum gætu varpað ljósi á upphaf byggðar í eyjunni, landnýtingu og kornrækt. Þar sem afar lítil þekking er á upphafi byggðar í Breiðarfjarðareyjum, gróðurfari í eyjunum við landnám og síðar gætu slíkar rannsóknir orðið mikilvægt upphafsinnleg í þetta mikilvæga svæði sem gjarnan hefur verið matarkista stærra svæðis.

Hér hafa verið nefnd örfá dæmi um rannsóknarefni í Fagurey sem væru áhugaverð og hefðu víðari skírskotun fyrir Breiðafjörð og miðaldir á Íslandi. Önnur brýn rannsóknarefni í eyjunni gætu t.d. verið að rannsaka öskuhaug á bæjarhólnum sem er nú í hættu vegna rofs. Í öskuhaugum eru miklar upplýsingar fólgnar sem til dæmis geta varpað ljósi á efnismenningu og mataræði hvers tíma. Víða eru minjar við ströndina í hættu vegna landbrots (og lundabýggðar) og þar er einnig brýnt að gera rannsóknir áður en minjarnar hverfa að hluta eða öllu.

Heimildaskrá

- Ágúst Ól. Georgsson. 1985. Rannsóknarskýrslur Fornleifadeildar 1985, IX: *Fornleifaskráning í Stykkishólmi*. Gefið út 1987, endurbætt útgáfa 2005. Þjóðminjasafn Íslands.
- Ágúst Ólafur Georgsson. 1989. „Byggðarleifar í Fagurey á Breiðafirði“. *Breiðfirðingur: tímarit Breiðfirðingafélagsins*. 47: 7-24.
- Bergsveinn Skúlason. 1952-1954. “Sviðnur og Ólafur Teitsson.” *Breiðfirðingur 11-13*. 1. tbl: 11-24.
- Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2016. *Fornleifar í Flatey: aðalskráning*. Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands nr. FS640.14071.
- Birna Lárusdóttir, Edda R.H. Waage, Gísli Pálsson, Guðbjörg R. Jóhannesdóttir. 2016. *Gildi landslags: Fagurferði, menningarminjar og saga*. Forrannsóknir til greiningar og mats á gildi landslags, unnar fyrir faghóp I, 3. áfanga Rammaáætlunar. Háskóli Íslands.
- Birna Lárusdóttir. 2018. *Fornleifakönnun á víkingaaldarþæjarstæði í Ólafsdal*. Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands nr. FS685-17231.
- Birna Lárusdóttir. 2020. *Fornleifaskráning í Skálholt*. Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands nr. FS676-16091.
- Bjarni Sæmundsson. 1898. „Fiskirannsóknir 1897“. *Andvari 23*. 1. tbl. Bls. 180-247
- BL:** Björn Lárusson. 1967. *The Old Icelandic Land Registers*. W.F. Salisbury þýddi. Lund University, Lundur.
- Björn M. Ólsen. 1910. „Um kornyrkju á Íslandi að fornu.“ *Búnaðarrit*, 1.tbl: 81-167.
- Bragi Straumfjörð Jóseppson. 2004. *Eitt stykki hólmur: eða Stykkishólmsbók hin skemmi*. Mostrarskegg, Stykkishólmur.
- Buckland, Paul C., Kevin J. Edwards, J.J. Blackford, Andrew J. Dugmore, Jon P. Sadler og Guðrún Sveinbjarnardóttir. 1995. „A question of Landnám: Pollen, Charcoal and Insect Studies on Papey, Eastern Island“. Kafi í bókinni: *Ecological relations in historical times: human impact and adaptation*. Robin A. Butlin og Neil Roberts (ritstj). Oxford and Cambridge, MA, Blackwell.
- DI:** *Diplomatarium Islandicum eða Íslensket fornbréfasafn*. I–XV. bindi. 1857–1972. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn/Reykjavík.
- Elín Ósk Hreiðarsdóttir (ritstj.). 2021. *Staðarhóll í Dölum, höfuðból í minjum, sögu og sagnaritun: Samantekt um framvindu fyrsta rannsóknarárs*. Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands númer FS833-20171.
- Elín Ósk Hreiðarsdóttir (ritstj.). 2022. *Staðarhóll í Dölum, höfuðból í minjum, sögu og sagnaritun: Samantekt um framvindu annars rannsóknarárs*. Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands númer FS873-21173.
- Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Kristborg Þórsdóttir. 2022. *Menningarminjar á Staðarhóli og í Staðarhólsdal*. Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands númer FS861-21174.
- Garðar Guðmundsson, Mjöll Snæsdóttir, Ian Simpson, Margrét Hallsdóttir, Magnús Á. Sigurgeirsson og Kolbeinn Árnason. 2004. „Fornir akur á Íslandi“. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 2002-2003*, 79-106.
- Guðbrandur Sigurðsson. 1957. „Eyðibýli í Helgafellssveit, nöfn þeirra, staðsetning og umhverfi“. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*. 1955-56, bls. 44-65.
- Guðlaug Vilbogadóttir. 2011. *Með hús í farangrinum. Flutningur íbúðarhúsa á Íslandi til 1950*. Meistararitgerð í fornleifafræði við Háskóla Íslands. Ritgerðin er lokað en höfundur sendi blaðsíðu (bls. 353) um húsíð úr Fagurey. <https://skemman.is/handle/1946/8730>

Gunnar Karlsson. 2009. *Lífsbjörg Íslendinga frá 10. öld og til 16. aldar: Handbók í íslenskri miðaldasögu*. Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Hkort 24 Fellströnd N.V. Herforingjaráðskort 24 NV. 1913. Generalstabens topografiske Afdeling, Kaupmannahöfn.

ÍF: *Íslensk fornrit I–XVII. bindi*. 1935–2002. Reykjavík, Hið íslenska fornritafélag.

JÁM V: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Hnappadals og Snæfellsnesýsla*. V. bindi. 1931–33. Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn.

JJ: Johnsen, J. *Jarðatal á Íslandi*. 1847. [Án útgefanda]. Kaupmannahöfn.

Jónas Árnason. 1962. *Syndin er lævis og lípur: stríðsminningar Jóns Kristófers*. Ægisútgáfan. Reykjavík.

Jónas Jónasson. 1961. *Íslenzkir þjóðbattir*. Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja h.f.

Jónatan Hermannsson. 1993. „Kornrækt á Íslandi“. *Ráðunautafundur*. Búnaðarfélag Íslands.

Manntal á Íslandi árið 1703. 1924. Hagstofa Íslands.

Manntal á Íslandi 1801: Júníus H. Kristinsson. 1978. *Manntal á Íslandi 1801*. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1845: Bjarni Vilhjálmsson. 1983. *Manntal á Íslandi 1845*. Vesturamt. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Mbl 30.06.1938: *Morgunblaðið 30. júní 1938*, bls. 3. „Bæjarbruni“.

Ný jarðabók fyrir Ísland: samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. 1861. [Jarðabókaútgáfan].

Orri Vésteinsson. 2000. *The Christianization of Iceland. Priests, Power and Social Change 1000-1300*. Oxford. Oxford University Press.

Sigurður Vigfússon. 1893. „Rannsóknir á Breiðafirði 1889“. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1893*: 1–23.

SSSH: *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags. 1839-1855*. 1970. Svavar Sigmundsson, og Ólafur Halldórsson. Snæfellingaútgáfan. Reykjavík.

Sturlunga saga I-II: Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn (ritstj.). 1946. *Sturlunga saga I-II*. Sturlunguútgáfan. Reykjavík.

Þjóðviljinn 3. júlí 1938: „Bær brennur“

Þórður Kárason, Kristján Guðbjartsson og Leifur Kr. Jóhannesson. 1977. *Byggðir Snæfellsness*. Stykkishólmur. Búnaðarsamband Snæfellinga.

Þórður Tómasson. 2019. *Auðhumla: um kýr og nautahald fyrri alda*. Selfoss. Bókaútgáfan Sæmundur.

Óútgefnar heimildir

Egill Erlendsson munnleg heimild 22.05.2023.

Landmælingar Íslands

Loftmynd frá 1984: Loftmynd Landmælinga Íslands 1984. Svæði nr: 24 -Fótaflögur-Fagurey. Tökudagur: 1984-08-24. Flughæð: 5486 metrar. Yfirlöppun: 60. Tegund myndar: SH.Flokkur: H númer: 5183 til 5189.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Ö-Fagurey KE: Örnefnaskrá Fagureyjar. Kristján Eiríksson skráði eftir upprunalegri lýsingu Skúla Jónssonar sem endurskoðuð var af Bergsveini Jónssyni. 1977. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík. Má hlaða niður á eftirfarandi slóð:

<https://xn--nafni-mta.is/ornefnaskra/12214>

Örnefnakort Fagurey 1976. Teiknað eftir loftmynd 1976, 1:10.000. Heimildarmenn: Bergsveinn Jónsson og Kristján Sigurðsson frá Flatey.

Þjóðminjasafn Íslands

Aðalskrá Þjóðhættir 5216/1981-3 : *Spurningaskrá Þjóðhátadeildar Þjóðminjasafns Íslands*. 44 Handfæraveiðar á skútum. Svar nr. 5216/1981-3. Sótt í *Sarp, menningarsögulegan gagnagrunn*, í mars, 2022: <https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=543373>

Þjóðskjalasafn Íslands

Túnakort 1916: Túnakort Stykkishólshrepps 1916. Jóhann B. Hjörleifsson teiknaði. Má hlaða niður á eftirfarandi slóð:

<http://testbirting.manntal.is/default.aspx?leit=RmFndXJleSBTdHlra2lzaMOzbG1zaHJlcHB1ciBTbsOmZmVsbHNuZXNzw71zbGE=>

Fasteignamat 1916-1918: *Fasteignamat Snæfells- og Hnappadalssýslu 1916-1918-undirnat*. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík. Má hlaða niður á eftirfarandi slóð:

<https://icdb.landsbokasafn.is/document/ICDB/Fasteignamat%201916-1918%20-%20undirnat;%20Sn%C3%A6fells-%20og%20Hnappadalss%C3%BDsla/>

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn

Lbs 1084to: *Kirkna- og klaustra skjöl 1315-1643*; Ísland, 1720-1780. Vörsludeild, Handritasafn.

Æviminningar Skúla Skúlasonar skipstjóra Stykkishólmi. [Án árs]. Rafrænt afrit af handriti fengið hjá Kristjáni Lár Gunnarssyni.

Vefsíður

www.sagamap.is

<https://ornefnasja.lmi.is>

<https://snorrastofa.is/styrkir-vegna-rim-verda-auglystir-a-naestunni/>

Heimildamenn


Þorbergur Bæringsson

Kristján Lár Gunnarsson


Kort 1 Minjar í Fagurey - yfirlitskort



Kort 1: Yfirlitskort. Loftmynd: Bing.




Kort 2: Heimatúnið í Fagurey og næsta nágrenni. Ofan á loftmynd hefur verið sett upprétt túnakort frá 1916. Loftmynd: Loftmyndir ehf




Kort 3: Miðhluti Fagureyjar. Loftmynd: Loftmyndir ehf

Kort 4 - suðvesturhluti




Kort 4: Suðvesturhluti Fagureyjar. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Kort 5 - norðausturhluti



Kort 5: Norðausturhluti Fagureyjar SN-290. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Kort 6 - Torfhólmi



Kort 6: Minjar í Torfhólma. Loftmynd: Loftmyndir ehf.



Kort 7: Minjar í hólum og skerjum fjarri Fagurey. Loftmynd: Bing.